

Ferðalok

Svarta línan

1. Hermann Stefánsson, *Sjónhverfingar*
2. Bragi Ólafsson, *Við hinir einkennisklæddu*
3. Pröstur Helgason, *Einkavegir*
4. Jón Karl Helgason, *Ferðalok*

Jón Karl Helgason

Ferðalok

Skýrsla handa akademíu



BÍARTUR
Reykjavík 2003

Ferðalok

© Jón Karl Helgason

Kápa: Snæbjörn Arngrímsson

Mynd á kápu: Kristinn Ingvarsson

Myndir á s. 71 og 129: N.N. / Þjóðminjasafn Íslands

Prentun: Bookpartner A/S

BJARTUR · REYKJAVÍK · 2003

ISBN: 9979-774-32-0

Verkið er gefið út með styrk frá Menningarsjóði.

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Mannsson, þessi bein eru allir Ísraelsmenn. Sjá, þeir segja: „Bein vor eru skinin, von vor þrotin, úti er um oss!“ Mæl því í guðmóði og seg við þá: Svo segir Drottinn Guð: Sjá, ég vil opna grafir yðar, og láta yður rísa upp úr gröfum yðar, þjóð mín, og flytja yður inn í Ísraelsland, til þess að þér viðurkennið, að ég er Drottinn, þegar ég opna grafir yðar og læt yður rísa upp úr gröfum yðar, þjóð mín. Og ég vil láta anda minn í yður, til þess að þér lifnið við aftur, og ég skal koma yður inn í yðar land, og þér skuluð viðurkenna, að ég er Drottinn.

– Esekíel spámaður

Ég man þeir segja: hart á móti hörðu,
en heldur vil eg kenna til og lifa,
og þótt að nokkurt andstreymi ég bíði,

en liggja eins og leggur upp í vörðu,
sem lestastrákar taka þar og skrifa
og fylla, svo hann finnur ei – af núði.

– Jónas Hallgrímsson

Konunglega danska vísindaakademían
Prófessor Vilhelm Storch yngri
Njalsgaade 64
Kaupmannahöfn

Reykjavík, 9. nóvember 2003

Ágæti herra Storch.

Ég hef að ósk hérlendra yfirvalda verið beðinn um að skrifa eftirfarandi greinargerð vegna rannsókna Konunglegu dönsku vísindaakademiunnar á meintum jarðneskum leifum íslenska þjóðskáldsins og náttúrufræðingsins Jónasar Hallgrímssonar. Fyrirhugað er að grafa beinin upp í íslenska þjóðargrafreitnum sextánda þessa mánaðar og senda til Danmerkur ásamt leifunum af kistunni sem hinn látni var upphaflega grafinn í árið 1845. Standa vonir til að rannsóknir akademíunnar á erfðaefni og aldri beinanna, sem og kolefnamælingar eða trjáhringjaaldursgreiningar á timbrinu í upprunalegu kistunni, leiði í ljós hvort þetta séu í raun líkamsleifar Íslendingansins. Ef niðurstaðan verður jákvæð er hugmyndin að sýna leifararnar um hríð í öðru af tveimur glerbúrum sem hýsa nú íslensk handrit á sýningu í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík en grafa þær síðan í þjóðargrafreitnum að nýju. Verði hún neikvæð má búast við að Íslendingar æski þess að grafa öðru sinni í grafreit Jónasar í Kaupmannahöfn.

Ástæða þess að mér var falið þetta verkefni er að fyrir fáum árum gerði ég heimildabátt fyrir útvarp um „beinamálið“, eins og það er jafnan kallað, og ræddi þá meðal annars við nokkra einstaklinga sem komu við sögu á sínum tíma. Þáttinn setti ég saman úr þessum viðtölum og upplestri úr heimildum sem einn viðmælenda minna, Birgir Thorlacius, var svo vinsamlegur að láta mér í té. Birgir, sem nú er látinn, var ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu árið 1946, í hringiðu atburðanna þegar beinin voru grafinn upp í Kaupmannahöfn og flutt til Íslands, og hafði í fórum sínum merk gögn sem málið snerta.

Beinamálið tengist ennfremur fyrri rannsóknum mínum á viðtökum íslenskra fornrita en mér hefur vist að átök Íslendinga um útgáfu á Íslendingasögum á árunum 1941 til 1943 séu hliðstæð þeim deilum sem urðu um umráðaréttinn yfir jarðneskum leifum íslenska þjóðskáldsins fáum árum síðar. Í báðum tilvikum stóðu sömu einstaklingar í eldlínunni, stjórnmalamaðurinn Jónas Jónsson frá Hriflu og rithöfundurinn Halldór Laxness.

Umfjöllun mín skiptist í fimm kafla og hef ég reynt að gera sem gleggsta grein fyrir samhengi atburða þar sem ég geri ráð fyrir að þekking þín og samstarfsmanna þinna á íslenskum aðstæðum og sögu sé af skornum skammti. Er það von mín að skýrslan komi akademíunni að gagni við að greina merg málsins.

1. kafli
Heimferðin mikla

1

Staðreyndirnar um bein Jónasar Hallgrímssonar hafa fram til þessa verið lítt kunnar utan Íslands. Ætla má að flestir þeirra útlendinga sem þekkja til beinamálsins á annað borð hafi fyrir sér þær upplýsingar sem fram koma í *Fáfræðinni*, nýlegri skáldsögu eftir tékkneska rithöfundinn Milan Kundera. Því er ekki úr vegi að hefja þessa umfjöllun á henni.

Kundera fjallar um örlög Jónasar Hallgrímssonar í þrítugasta og fyrsta kafla skáldsögu sinnar. Eftir að hafa líkt honum við hinn ungverska Petöfi, slóvenska Preseren, finnska Lönnrot og fleiri rómantískar þjóðhetjur jarðsyngur hann Íslendinginn með snöfurmáttlegum hætti: „Dag einn datt Jónas dauðadrukkin niður stiga, fótbraut sig, fékk ígerð í brotið, dó og var jarðsettur í kirkjugarði í Kaupmannahöfn. Þetta gerðist árið 1845.“ Þá vísar Kundera að flutningi á beinum Jónasar frá Danmörku til Íslands árið 1946. Hann segir að auðugur iðnjöfur hafi haft forgöngu um málið, eftir að sál skáldsins hafði samband við hann í draumi, en lent í

deilum við ráðamenn um hvort grafa ætti beinin í fæðingarsveit skáldsins í Öxnadal á norðanverðu Íslandi eða í Þjóðargrafreitnum á Þingvöllum sem er sunnanlands. Stjórnvöld höfðu sitt fram, upplýsir Kundera, „náðu skáldinu af iðnjöfrinum og grófu það í þessu Panþeoni þar sem á þessum tíma var aðeins ein gróf annars stórskálds (það er nefnilega enginn hörgull á stórskáldum hjá smáþjóðum), gróf Einars Benediktssonar“.

Eins og nærri má geta vöktu þessi skrif athygli hér á landi þegar *Fáfræðin* kom út á frönsku fyrri hluta ársins 2000 og ekki síður þegar íslensk þýðing verksins leit dagsins ljós fáum mánuðum síðar. Íslenski þýðandinn, Friðrik Rafnsson, lét hafa eftir sér að kaflann mætti rekja til samræðna þeirra Kundera í Íslandsheimsókn höfundarins nokkrum árum fyrr. Kundera hafði haft orð á óánægju sem dóttir rithöfundarins André Malraux hafði látið í ljós vegna áforma franskra stjórnvalda um að flytja jarðneskar leifar Malraux úr fjölskyldugrafreit í hið svonefnda Panþeon, þjóðargrafhýsið í París. Þýðandinn hafði þá rifjað upp vandræðaganginn með bein Jónasar og nefnt að Halldór Laxness hefði gert sér mat úr þessu efni í skáldsögunni *Atómstöðinni* árið 1948.

Enda þótt umfjöllun Kundera um beinamálið sé í skötulíki var hún athyglisverð viðbót við þá umræðu sem spunnist hafði um málið meðal Íslendinga. Hér á landi hafa menn nefnilega lengi velt vöngum yfir því hvort bein Jónasar hafi í raun verið grafin upp í kirkjugarðinum í Kaupmannahöfn 1946. Með bók sinni skip-

aði Kundera sér í hóp efasemdamanna. Hann fullyrti að við hlið Einars Benediktssonar mætti nú finna leifarnar af dönskum slátrara sem hvílt hefði í sama grafreit og Jónas í Danmörku. Því, segir Kundera í *Fáfræðinni*, er íslenski þjóðargrafreiturinn „eina Panþeon, sem eru fáránleg söfn oflætis, í heimi sem snertir okkur djúpt“.

Skömmu eftir útgáfu *Fáfræðinnar* í Frakklandi birti þekktur belgískur sagnfræðingur og Íslandsvinur, prófessor Arendt Tisch, harðorðan ritdóm um bókina í franska dagblaðinu *Le Figaro*. Þar er Kundera meðal annars gagnrýndur fyrir að fara rangt með staðreyndir um beinamálið. Tisch viðurkennir reyndar að skáldið leggi rangfærslurnar í munn einni persónu bókarinnar og komi sér þannig upp retorískri fjarvistarsönnun – „persónunni skjátlást, hugsanlega veit höfundurinn betur“ – en telur samt sýnt að lesendur bókarinnar, þúsundir manna og kvenna um allan heim, muni líta á frásögn Kundera sem stóra sannleikann í málinu, „enda hafa fæstir þeirra forsendur til að ganga úr skugga um hvað er satt og hvað er logið í þessu efni“.

Tisch ver nokkru rými í að leiðrétta atriði sem hann telur Kundera afbaka en niðurlag ritdómsins er helgað vangaveltum um þau áhrif sem skáldsagnahöfundar geti haft á sögulega vitund almennings. Í lokaorðum sínum bendir hann á að það liggja oftast langur og krókóttur vegur frá skrifum sagnfræðinga til „þess sannleika um fyrri tíð sem meirihlutinn aðhyllist. Og við skulum ekki gleyma því,“ bætir Tisch við, „að í okkar heimshluta er það meirihlutinn sem ræður.“ Ég get tekið undir margt

af því sem fram kemur í ritdómi Tisch en mér virðist að einstrengingslegur áhugi hans á staðreyndum hafi að ýmsu leyti gert hann glámskyggnan á kosti *Fáfræðinnar* sem skáldverks. Þótt dómur hans um Kundera sé vel rökstuddur er sjónarhornið of þröngt til að gera verkinu fullnægjandi og þar með sanngjörn skil.

Í *Fáfræðinni* segir af tveimur brottfluttum Tékkum, Jósef og Írenu, sem snúa aftur til föðurlands síns eftir fall kommúnismans. Jósef er ekkill í upphafi verksins, hann hafði verið giftur danskri konu og það var hún sem sagði honum söguna af slátraranum sem var fluttur í stað skáldsins til Íslands. Þá þótti þeim sagan vera fyndin, staðfesting þess að fólk kærði sig kollótt um hvar bein látinna einstaklinga hvíla. Þegar kona Jósefs lá banaleguna skipti hann aftur á móti um skoðun; þá virtist honum sagan vera hryllileg, enda átti hann sjálfur í deilum við tengdafólk sitt um hvort grafa skyldi eiginkonuna í fjölskyldugrafreitnum eða nýrri gróf þar sem hann gæti hvílt við hlið hennar. Ólíkt íslenska iðnjöfrinum hefur Jósef sitt fram, og eftir jarðarförina finnur hann til einkennilegrar hamingju: „Hamingju yfir því að hafa ekki brugðist elskunni sinni; að hafa búið þeim báðum örugga framtíð.“

Auk þess að flétta beinamálið þannig saman við hugleiðingar sínar um ástina og dauðann tengir Kundera það við goðsögnina um Heimferðina miklu, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum *Fáfræðina*. Verkið lýsir eftirminnilega erfiðleikunum sem eru því samfara að halda heim eftir langar fjarvistir; þú getur

ekki snúið aftur til þess staðar sem þú yfirgafst, tíminn hefur gert út um hann og myndað gjá á milli þín og þeirra sem urðu eftir. Jósef og Írena reyna árangurslítið að brúa þessa gjá þann tíma sem þau dveljast í Tékklandi. Þar leita þau uppi horfna vini, þau standa augliti til auglitis við ónýtta möguleika eigin lífs en reka sig á að ekki er hægt að halda áfram þaðan sem frá var horfið. Það er í raun ekki fyrr en líf þeirra, tveggja rótlausra útlaga, fléttast saman að þeim virðist takast að rjúfa skilin á milli ólíkra tímavídda. Undir lok *Fáfræðinnar* uppgötvar Jósef að honum líður vel í návist Írenu, „sem þráir hann greinilega svo mjög. Rétt eins og hann sé kominn langt aftur í tímann til þeirra tíma þegar hann fór á kvennafar í Prag. Eins og þau ár væru nú að bjóða honum að taka upp þráðinn þar sem hann hafði slitið hann.“ Írena gælir við svipaðar hugsanir og þau eiga saman ástríðufulla nótt. Áður en dagur rennur kemur þó í ljós að samband þeirra er byggt á mis-skilningi; það á enga framtíð fyrir sér.

Í kaflanum um beinamálið lætur Kundera Jónas birtast íslenska iðnjöfrinum í draumi og lýsa löngun sinni til að komast aftur heim „til hinnar frjálsu Íþöku sinnar“. Þessi orð kallast á við einn af fyrstu köflum *Fáfræðinnar* þar sem rifjuð er upp heimferð Ódysseifs frá Tróju til fæðingarborgar sinnar, Íþöku, en sú ferð er efniviðurinn í *Ódysseifskviðu* Hómers. Hér er ekki aðeins dregin fram hliðstæða á milli þeirra Ódysseifs og Jónasar heldur einnig á milli flutningsins á meintum beinaleifum skáldsins til hins unga lýðveldis Íslands og

heimferðar Jósefs eða Írenu til hins nýfrjálsa Tékklands. Í öllum tilvikum er Heimferðin mikla leiðarminnið.

Kundera bendir á að heimferðin sé andstæða ævin-týrisins, sátt við endanleika lífsins og marki þar með endalok ástríðufullrar könnunar hins óþekkta. Í sam-ræmi við það lætur hann Írenu efast um að Ódysseifur hafi verið ánægður þegar hann komst loks aftur til Íþöku, í langþráðan faðm Penelópu, eiginkonu sinnar. „Hann sá að landar hans höfðu svikið hann og drap marga þeirra,“ segir hún við Jósef áður en þau sofa saman og bætir við að ást Penelópu á Ódysseifi hafi ekki verið fölskvalaus: „Fyrst í stað þekkir hún hann ekki aftur. Síðan, þegar allt er komið á hreint gagnvart öllum, býið að drepa vonbiðlana, refsa svikurunum, er hún sífellt að prófa hann aftur og aftur til að vera viss um að þetta sé í raun og veru hann.“ Því virðist líkt farið með Jónas Hallgrímsson. Íslendingar velkjast enn í vafa um hvort það hafi í raun og veru verið hann sem sneri aftur til Íslands síðla árs 1946. Að baki þessum efa, líkt og efa Penelópu, býr hugsanlega óbeit á þeim endanleika sem felst í Heimferðinni miklu. Á meðan staðsetning beina Jónasar er óviss halda þau áfram að hafa aðdráttarafl sem táknrænar þjóðargersemar.

Milan Kundera og Arendt Tisch eiga aftur á móti sameiginlegt að vilja yfirstíga þennan efa. Í *Fáfræðinni* er fullyrt (reyndar af danskri eiginkonu Jósefs) að röng bein hafi verið grafin upp. Hjá Kundera verður beinamálið þannig að hlálegu dæmi um það oflæti sem knýr misvittra stjórnmálamenn til að vasast í líkams-

leifum hinna dauðu. Í ritdómi Tisch er hins vegar gert ráð fyrir því að réttu beinin hafi komið til Íslands. Stjórnvöld hér á landi sætta sig ekki lengur við að standa tvístígandi andspænis þessum tveimur óráðu möguleikum. Þau binda vonir við að rannsókn Konunglegu dönsku vísindaakademiunnar eyði óvissunni um afdrif íslenska þjóðskáldsins.

2

Afskipti stjórnvalda af beinamálinu eiga sér langa sögu sem nauðsynlegt er að setja í visst lögfræðilegt samhengi. Um líkt leyti og íslensk þýðing *Fáfræðinnar* kom út sendi nefnd á vegum íslenska þingsins frá sér álitsgerð um nýtingu á þeim auðlindum sem eru eða kunna að verða sameign íslensku þjóðarinnar. Nefndin var skipuð í framhaldi af víðtækum deilum um kvótakerfið í íslenskum sjávarútvegi en auk þess fjallaði hún um nýtingu á vatnsafla, rafsegulbylgjum og umhverfisgæðum og hugsanlega gjaldtöku af þeim sem notfæra sér þessar náttúruauðlindir.

Í álitsgerð auðlindanefndar var tekið skýrt fram að starf hennar miðaðist aðeins við náttúruauðlindir en ekki við „verðmæti sem menn hafa skapað þótt orðið auðlind sé oft notað um þau í almennri umræðu“. Nefndin tiltók í þessu sambandi mannauð, þekkingarkerfi og gagnagrunna en við þá upptalningu mætti bæta fyrirbærum á borð við tungumálið, fornminjar, þjóð-

hætti, hugverk sem ekki njóta höfundarréttar, jafnvel vissar opinberar byggingar og stofnanir. Hér er í raun um að ræða kjarna þess sem kallast í daglegu tali íslensk menning, viðamikla og mikilvæga þjóðarauðlind og er raunar einkennilegt að auðlindanefndin hafi kosið að líta framhjá henni.

Ólíkt náttúruauðlindum á borð við fiskistofna eða rafsegulbylgjur virðist menningin að vísu vera ótakmörkuð auðlind. Ekki verður séð að frjáls aðgangur að henni leiði til ofnýtingar eða sóunar. Á hinn bóginn hefur Íslendingum löngum þótt nauðsynlegt að vernda íslenska menningu fyrir óæskilegum áhrifum, með svipuðum hætti og brýnt þykir að verja náttúruna gegn spjöllum og mengun. Slíkar áhyggjur hafa meðal annars beinst að erlendum áhrifum í tungumálinu.

Saga íslensku þjóðarinnar á tuttugustu öld leiðir enn fremur í ljós að harðvítug átök geta orðið um yfirráð yfir vissum sviðum menningarinnar, ekki síður en einstökum fiskistofnum í hafinu umhverfis landið. Nærtækt er að benda á lífseigar deilur ólíkra stjórn málaafra um rekstur og stjórnun íslenska Ríkisútvarpsins – ríkisstofnunar sem hefur sjálf kosið sér kjörorðið „Þjóðareign í þína þágu“. Staðreyndin er sú að sum menningarfyribærni þykja eftirsóknarverðari en önnur eða betur fallin til nýtingar en markmið slíkrar nýtingar geta verið fjárhagslegur ávinningur, pólitísk ítök, menningarlegt sjálfstraust eða einfaldlega aukið svigrúm til frekari menningarstarfsemi. Rík ástæða er til að líta á afskipti íslenskra stjórnvalda af heimferð Jónasar

Hallgrímssonar 1946, sem og fyrirleggjandi beiðni þeirra um rannsókn akademíunnar, í þessu ljósi.

Í riti um íslenska þjóðríkið vekur Guðmundur Hálf-danarson sagnfræðingur athygli á hvernig ýmsir forystu-menn þjóðarinnar sem tóku til máls í tilefni af stofnun lýðveldis á Íslandi árið 1944 ræddu um þann atburð sem heimkomu. Þessi hugsun kom skýrt fram í ræðu forsætisráðherra, Ólafs Thors, á fundi sem haldinn var fyrir utan stjórnarráðið í Reykjavík 18. júní: „Íslendingar, vér erum komnir heim. Vér erum frjáls þjóð.“ Guðmundur segir myndmál ráðherrans byggjast á þeirri hugmynd að hið sjálfstæða þjóðríki sé „ekki fyrst og fremst stjórnarform heldur heimili, þar sem þjóðin gat loksins fundið frið í eigin landi [...] Það þótti því eðlilegt að stofna lýðveldið á Þingvöllum, staðnum þar sem þjóðin leitaði táknaðs uppruna síns og þar sem hið forna þjóðveldi og hið nýja runnu saman í eitt.“

En hvert stefnir þjóð sem hefur þegar náð áfangastað, sínu lokatakmarki? Þessi spurning endurómar vangaveltur Írenu í *Fáfræðinni* um það líf sem beið Ódysseifs heima í Íþöku. Mér kæmi ekki á óvart þó að Kundera líkti slíkri þjóð við aldurhniginn kappi eða kvikmyndastjörnu sem nærast á endurminningunni um sín bestu afrek, sín æsilegustu ævintýr. „Hún á sér enga ósk heitari en að lifa að nýju sætasta sigur sinn,“ hefði Kundera getað skrifað ef hann hefði gefið beinamálinu meira rými í skáldsögu sinni.

Það liggur beint við að skoða ýmsa viðburði í sögu íslenska lýðveldisins sem tilraunir til að endurtaka

„heimkomuna“ árið 1944. Skýrasta dæmið um slíka endurtekningu er hátíð sem íslensk stjórnvöld héldu á Þingvöllum sumarið 1994 í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins en eftirtektarverðari er áralöng barátta Íslendinga fyrir því að fá fornum íslenskum handritum skilað úr dönskum skjalasöfnum. Sú barátta var beint framhald af hinnu pólitísku sjálfstæðisbaráttu. Hún snerist um það hvort Danir eða Íslendingar hefðu eignarrétt á víðfrægustu afurðum norrænnar miðaldamenningar. Heimflutningurinn á meintum beinum Jónasar Hallgrímssonar er grein af sama meiði, fyrsta tilraunin af mörgum til að endurtaka „heimkomuna“ sem fólst í lýðveldishátíðinni 1944. Íslendingar vildu heimta jarðneskar leifar ástsælasta skálds síns úr höndum gömlu herraþjóðarinnar. Kundera er vakandi fyrir þessari pólitísku vídd málsins í skáldsögu sinni þegar hann segir að sál Jónasar hafi kvartað yfir því að bein sín hefðu „hvílt í útlenskri mold, í landi óvinarins, í hundrað ár“.

En við komumst ekki miklu nær því að setta viðhorf Kundera við þau viðhorf sem virðast liggja til grundvallar ritdómi Arendts Tisch um *Fáfræðina*. Niðurstaða dómsins sýnir í hnotskurn þá gjá sem aðskilur belgíska sagnfræðinginn og tékkneska rithöfundinn í þessu máli: „Heimferð Jónasar fór ekki út um þúfur vegna þess að röng bein væru grafin upp, eins og gefið er til skyn í *Fáfræðinni*,“ skrifar Tisch, „og því síður vegna ósamkomulags Íslendinga og Dana. Hún fór út um þúfur vegna ósamkomulags Íslendinga sjálfra um

hvort rétt væri að jarðsetja þau í heimasveit skáldsins eða á Þingvöllum.“ Sjónarmið sagnfræðingsins verða ljósari ef hugað er nánar að fáeinum atriðum málsins.

3

Íslenski iðnjöfurinn sem hafði forgöngu um uppgröftinn á beinum Jónasar hét Sigurjón Pétursson. Hann rak klæðaverksmiðju á Álafossi í Mosfellssveit, ekki langt frá Reykjavík, og var þekktur fyrir áhuga sinn á sálar- rannsóknum og lífinu fyrir handan. Hann vantaði tvö ár í sextugt árið 1946. Það er ónákvæmt hjá Kundera í *Fáfræðinni* að sál Jónasar hafi vitjað iðnjöfursins í *draumi*. Sigurjón kvaðst hafa verið í *miðilssambandi* við Jónas og raunar fleiri framliðna Íslendinga um árabíl. „Maður ræður ekki hver kemur til manns og talar við mann,“ lét hann hafa eftir sér skömmu eftir misheppnaða tilraun sína til að jarðsetja beinin á heimaslóðum skáldsins. „Og Jónas spurði mig, „hvort ég ætlaði að láta það verða, að hann hvíli áfram í danskri moldu.““

Á hinn bóginn er ljóst að Sigurjón, líkt og Kundera, sá tilstandið með bein Jónasar fyrir sér sem tilbrigði við Heimferðina miklu. Kveðjuræða sem hann flutti yfir kistunni í kirkjunni á Bakka í Öxnadal, fæðingarsveit Jónasar, er til marks um þetta. Þar segist Sigurjón hafa flutt skáldið heim „fyrir það, að ég trúði þér, þegar þú komst til mín og baðst mig um að hjálpa þér heim úr útlegðinni. Ég fann þrá þína til heimkynna þinna – til

þinna bernsku heimkynna – hingað, þar sem þú fæddist – hingað, þar sem þú sleizt þínum barnsskóm – hingað heim, þar sem þínir bernsku draumar eru – hingað heim, þar sem foreldrar þínir hvíla. – Vertu velkominn. Vertu hjartanlega velkominn.“

Gallinn var sá að Sigurjón hafði annan og þrengri skilning en íslensk stjórnvöld á því hvar heimkynni skáldsins væru. Afstaða hans markaðist af meintri þrá skáldsins til að njóta hvíldar á bernskuslóðum, við hlið foreldra sinna, á meðan stjórnvöld töldu að sem þjóðskáld ætti Jónas heima í þjóðargrafreitnum á Þingvöllum. Deilurnar um bein Jónasar virðast þannig hliðstæðar við mál franska skáldsins Malraux, sem Kundera minntist á við þýðanda sinn, og deilur Jósefs við ættingja konu sinnar í *Fáfræðinni*. Kundera horfir hins vegar að mestu leyti framhjá þessari samlíkingu, enda virðist hann ekki líta þannig á að málið snúist um ólík afbrigði eignarréttar.

Nú er því víst þannig farið að eignarréttur, samkvæmt lögfræðilegum skilningi, er sundurleitt safn réttinda. Í tímaritsgrein um íslenska kvótakerfið bendir Atli Harðarson heimspekingur á að í þrengsta skilningi eigi orðin „eign“ og „að eiga“ við um ótakmarkaðan ráðstöfunarrétt yfir einstökum efnislegum hlutum, svo sem bílum, húsum eða skipum – eigandanum er heimilt að „selja þá, gefa, nota, ráðstafa, breyta, veðsetja og eyðileggja“. Í víðari skilningi laganna geti þessi orð þó einnig náð yfir hvers kyns réttindi, svo sem höfundarrétt og atvinnuréttindi, sem varin eru af eign-

arréttarákvæðum stjórnarskrárinnar. Í daglegu tali notum við síðan orðin „eign“ og „að eiga“ um enn margbreytilegri veruleika. „Við tölum til dæmis um að börn *eigi* foreldra og að hjón *eigi* hvort annað,“ segir Atli og bætir við að önnur dæmi séu á gráu svæði: „Til dæmis er engan veginn ljóst hvort verið er að tala um eignarétt þegar sagt er að andrúmsloftið sé *sameign* jarðarbúa, Íslendingar *eigi* merkar miðaldabókmenntir, almenningur *eigi* rétt á að tína ber í óbyggðum eða skólabörn *eigi* rétt á ókeypis kennslubókum.“ Í þessum tilvikum hafi eigandinn þó sjaldnast rétt til að selja, gefa, breyta, veðsetja eða eyðileggja viðkomandi eign, heldur er í mesta lagi verið að tala um takmarkaðan rétt til afnota.

Sé þessi greining tengd örlögum Jónasar Hallgrímssonar virðist sem jarðneskar leifar látinna einstaklinga *eigi* heima á grúa svæðinu, sem Atli kallar svo. Um þær gilda víðast hvar áþekkar reglur og um erfðafé; hinn látni getur hlutast til um ráðstöfun líkamsleifa sinna í erfðaskrá en ef hann lætur það ógert flyst ráðstöfunarrétturinn til nánustu ættingja. Hið opinbera setur þó ýmsar skorður við því hvar og hvernig einstaklingar eru jarðsettir og umráðaréttur ættingja yfir einstökum legstöðum fyrnist á löngum tíma. Fornir grafreitir, rétt eins og margvíslegir munir og byggingar, teljast til fornleifa og heyra undir þjóðminjalög, að minnsta kosti hér á landi.

Í grein sinni færir Atli rök fyrir því að enginn *eigi* fiskistofnana í hafinu umhverfis Ísland í þrengsta skiln-

ingi eignarréttar, þar sem enginn hafi rétt til að eyðileggja þá, gefa eða ráðstafa að vild. Samkvæmt lögum séu þeir taldir sameign íslensku þjóðarinnar en því miður hafi skort skýrari skilgreiningu á því með hvaða hætti þjóð geti farið með slíkan eignarrétt. Eðlilegast sé að líta svo á að ríkisvaldinu sé ætlað að vera handhafi þessa réttar í umboði þjóðarinnar. Raunin er líka sú að meirihluti kosinna fulltrúa þjóðarinnar á hverjum tíma tekur stefnumarkandi ákvarðanir um fyrirkomulag fiskveiða og lætur síðan ráðuneyti og stofnanir um framkvæmdir og eftirlit.

Í meginráttum virðist sams konar aðferðum beitt við nýtingu á sameiginlegum menningarverðmætum þjóða. Yfirleitt bera opinberar stofnanir ábyrgð á verndun og nýtingu slíkra verðmæta í samræmi við lög og reglugerðir. Hér má taka dæmi af Þjóðminjasafni Íslands sem til langs tíma bar ábyrgð á íslenskum fornleifum, annaðist vettvangsrannsóknir eða veitti leyfi til þeirra og gat gert tilkall til allra muna sem fundust. Jafnframt var ráð fyrir því gert að íslenska þjóðin hefði aðgang að þessum munum á sýningum safnsins.

Gegn eignarrétti þjóðarinnar á fiskistofnunum umhverfis Ísland teflir Atli Harðarson atvinnuréttindum þeirra útgerðarmanna og sjómanna sem hafa um lengri eða skemmri tíma haft viðurværi sitt af fiskveiðum. Þessi réttindi – að halda áfram þeirri atvinnu sem maður stundar – telur Atli eðlilegt að meta til fjár. Þannig megi búast við að sala ríkisins á veiðiheimildum muni rýra verðmæti fiskiskipa og annarra atvinnutækja

sem útgerðarmenn eiga og skerða ennfremur laun sjómanna.

Með svipuðum rökum má halda því fram að þeir einstaklingar eða fyrirtæki sem verja fjármunum, tíma eða mannafla í íslenska menningu eða einstök svið hennar öðlist sérstakan afnotarétt á fyrirbærum sem eru þó almennt talin sameign íslensku þjóðarinnar. Hér má taka dæmi af Mjólkursamsölunni en hún hefur á liðnum árum tryggt sér tiltekin táknræn réttindi gagnvart íslenskri tungu, bæði með fjárhagslegum stuðningi við Íslenska málstöð og öflugu markaðsstarfi undir kjörorðinu: „Íslenska er okkar mál“. Afskipti Sigurjóns Péturssonar af beinamálinu eru jafnvel enn betra dæmi af þessu tagi.

„Það er ég sem á beinin,“ sagði Sigurjón í blaðaviðtali eftir að íslensk stjórnvöld höfðu komið í veg fyrir áform hans um að jarða meint bein Jónasar í Öxnadal haustið 1946. Afstaða Sigurjóns byggðist á því að hann hefði lagt fram umtalsverða fjármuni úr eigin vasa til að hægt yrði að grafa kistu skáldsins upp í Kaupmannahöfn og flytja til Íslands og auk þess átt frumkvæði að málinu. Hjólin fóru að minnsta kosti ekki að snúast fyrir alvöru fyrr en eftir að hann og félagi hans, Ásmundur Jónsson, skrifuðu Ólafi Thors, forsætis- og utanríkisráðherra, bréf 9. ágúst 1946 og óskuðu eftir því að ríkisstjórn Íslands eða sendiráðið í Danmörku hefði milligöngu um upptöku beinanna. Slógu þeir á að kostnaður við þetta fyrirtæki yrði um 3000 krónur. „Líti ríkisstjórnin svo á, að hún geti ekki greitt út þá upphæð

nú upp á væntanlegt samþykki fjárveitingavaldsins, óskum við að sjá um greiðslu hennar," skrifa þeir Ásmundur í bréfi sínu. Málin þróuðust á þann veg að Sigurjón greiddi meginhluta upphæðarinnar, 2842 krónur og 35 aura. Fyrir það fé taldi hann sig hafa tryggt sér eignarréttinn yfir Jónasi Hallgrímssyni.

Íslensk stjórnvöld litu hins vegar svo á að þau hefðu óskoraðan ráðstöfunarrétt yfir þjóðskáldinu. Í greinargerð, sem Ólafur Thors skrifaði nokkrum mánuðum eftir útför Jónasar á Þingvöllum, er bent á að Þingvallanefnd hafi hreyft við málinu strax árið 1943, nefndin hafi ítrekað það í bréfi til hans 1945 „og auk þess skoraði þáv[erandi] formaður Þingvallanefndar, Jónas Jónsson, á mig í einkabréfi í maí/júní 1946 að ákveða heimflutning beinanna“. Því sé það misskilningur hjá Sigurjóni, segir Ólafur, að telja sjálfan sig aðalhvatamann þess að bein þjóðskáldsins væru flutt til Íslands. Þá neitar Ólafur að hafa fallist á að Sigurjón kostaði heimflutning beinanna. Vísar hann í símskeyti frá utanríkisráðuneytinu frá 13. ágúst 1946 þar sem sendiráði Íslands í Danmörku var falið að útvega leyfi hlutaðeigandi yfirvalda vegna heimflutnings beinanna og „greiða nauðsynlegan kostnað“. Þegar til átti að taka greiddi sendiráðið þó aðeins kirkjugarðsýfirvöldum í Kaupmannahöfn fyrir jarðvegs-vinnu, sléttar 178 danskar krónur.

Enn er ónefnd sú fjárfesting sem var forsenda þess að hægt væri að hreyfa við grafreitnum. Árið 1938 skrifaði Sigurður Ólason, formaður Stúdentafélags Reykjavíkur, blaðagrein þar sem hann lagði til að jarðneskar leifar

Ferðalok

Jónasar yrðu annaðhvort fluttar til Íslands eða, ef þess væri ekki kostur, að reistur yrði minnisvarði á leiði hans. Ári síðar var Sigurður staddur í Kaupmannahöfn og komst á snodir um að umráðaréttur fjölskyldu þess fólks sem síðast hafði verið grafið í reitinn væri útrunninn. Hann hafði samband við kirkjugarðsyfirvöld og buðust þau til að selja Íslendingum umráðaréttinn til ársloka 1980 fyrir 244 danskar krónur og 50 aura. Að auki skyldi greiða 50 krónur fyrir lagfæringar á leiðinu og 9 krónur á ári fyrir umsjón og umhirðu. Vegna gjaldeyrisskorts treysti íslenska sendiráðið í Kaupmannahöfn sér ekki til að sinna þessu verkefni þannig að Sigurður festi sér legstaðinn, hélt síðan heim til Íslands og kynnti málið fyrir þáverandi fjármálaráðherra, Jakobi Möller. Jakob ákvað að ganga frá kaupunum fyrir hönd ríkisins en að endingu var kaupverð legstaðarins greitt úr sjóði sem Stúdentafélagið hafði safnað saman árið 1907 til að koma upp myndastyttu af Jónasi í Reykjavík. Var sá sjóður í vörslu Matthíasar Þórðarsonar þjóðminjavarðar en hann gegndi embætti formanns minnisvarðanefndar Stúdentafélagsins.

Í ljósi þessara upplýsinga má líta svo á að til hafi orðið eins konar hlutafélag í kringum bein Jónasar Hallgrímssonar. Hluthafar voru að minnsta kosti þrír: Sigurjón Pétursson, íslenska ríkið og Stúdentafélag Reykjavíkur. Hugsanlega mætti skera úr um eignarhlutdeild í félaginu með hliðsjón af fjárframlögum hvers um sig en þegar upp var staðið réðu þau ekki úrslitum. Málið virðist öðru fremur hafa snúist um ólíkan skiln-

ing hluthafanna á eignarréttarhugtakinu. Spurningin var ekki aðeins hver ætti beinin heldur hvers konar eign bein Jónasar væru.

Ljóst er að Sigurjón Pétursson taldi beinin vera sína eign í þröngum lagalegum skilningi; hann hefði lagt út mesta fjármuni til að koma þeim heim og því haft rétt til að ráðstafa þeim að vild. Í blaðaviðtali sem tekið var við Sigurjón skömmu eftir ferð hans með beinin norður sagði hann meðal annars: „Ég var ekki að stela eða ræna. Ég hafði öll umráð yfir beininum. Og ég gerði þetta til þess að hindra það, að Þingvallanefnd tæki þau af mér og svipti mig þeim rétti, sem ég tel mig eiga. Ég hefi lagt fram bæði fé mitt og kraft minn til þess að koma þeim heim.“ Í samræmi við þennan skilning kærði Sigurjón íslensk stjórnvöld til sakadómarans í Reykjavík snemma árs 1947 fyrir að hafa haft af sér beinin. Kærinni var vísað frá en Sigurjón sat við sinn keip. Hann neitaði þrúfaldlega að taka við endurgreiðslu frá hinu opinbera á upphæðinni sem hann lagði út vegna málsins; hann vildi ekki fyrir neinn mun selja sinn hlut í skáldinu. Að lokum var stofnuð sparisjóðsbók á nafni Sigurjóns í einum af viðskiptabönkunum og lögð inn á hana sama upphæð og hann hafði lagt fram vegna málsins. Stefnuvottar heimsóttu Sigurjón og báðu hann um að veita sparisjóðsbókinni viðtöku en hann neitaði. Peningarnir lágu óhreyfðir næstu tvö ár en þá tók Sigurjón upp þráðinn aftur þar sem framtalsnefnd hafði skráð innstæðu bókarinnar sem eign á skattframtal hans. Sigurjón kvaðst ekkert

kannast við að eiga umrædda peninga og því ekki hafa talið þá fram til skatts.

Skilningur stjórnvalda á málinu var allur annar, eins og fram kom í fyrirspurnatíma á þingi 12. október 1946. Einn þingmanni, Bernharð Stefánsson, spurði þar: „Hverjir hafa rétt til þess að ráðstafa leifum framliðinna manna hér á landi?“ Tilefni spurningarinnar var hama-gangurinn með bein Jónasar. Bernharð fannst að leita hefði átt leyfis hjá nánustu ættingjum skáldsins áður en beinin voru grafinn upp og að þeir hefðu átt að fá að ráða hvað við þau yrði gert. Hann hafði meðal annars rætt þetta við tvo menn sem voru barnabörn systkina Jónasar. Annar þeirra, Ólafur Thorlacius læknir, vildi reyndar ekkert hafast að í málinu (sonur hans var Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri Ólafs Thors). Þingmanninum fannst aftur á móti að hinn ættinginn, Sigtryggur Þorsteinsson, væri sárgramur yfir afskiptum hins opinbera af beinum skáldsins. Sjálfur hafði Bernharð leitað svars lögfróðra manna við spurningu sinni en vegna ráðleysis þeirra vildi hann heyra álit dómsmálaráðherra og kirkjumálaráðherra.

Báðir tóku ráðherrarnir fyrirspurninni illa og sömu viðbrögð sýndi Ólafur Thors forsætisráðherra í umræðum sem af þessu spunnust. „Það er mikil dirfska af h[átt]v[irtum] 1. þ[ing]m[anni] Eyf[jirðinga] að hlaupa með þetta mál inn í þingið,“ sagði Ólafur, „en fyrir utan stjórnmaladeilur ættu okkar dýrmætustu eignir að standa og okkar heitt elskaða skáld.“ Eftir nánari útskýringar Bernharðs féllst Ólafur samt á „að nánustu ættingjar

ættu að hafa mestan rétt í þessu efni, jafnvel þótt um alþjóðareign sé að ræða, eins og slíkan andans jöfur sem hér er um að ræða“. Forsætisráðherra viðurkenndi að frændgarður Jónasar hefði ekki verið rannsakaður af stjórnvöldum í þessu sambandi en sjálfur taldi hann svo langt um liðið frá andláti skáldsins að lifandi skyldmenni Jónasar gætu vart talist til náinna ættingja. Ekki reyndi á þetta mál fyrir dómstólum, enda þótt Ólafi bærast síðar í októbermánuði bréf undirskrifað af tuttu og fjórum „ættingjum Jónasar Hallgrímssonar skálds“ þar sem meðferðinni á beinunum var mótmælt og þess óskað að þau yrðu jarðsett í Öxnadal. Stjórnvöld létu þá beiðni sem vind um eyru þjóta og fóru sínu fram í krafti valds síns og þeirrar túlkunar forsætisráðherra að skáldið væri „alþjóðareign“. Eignarréttur ættingja var álitinn fyrndur.

Athyglisvert er að Stúdentafélagið virðist alla tíð hafa gengist við skilgreiningu stjórnvalda á Jónasi sem þjóðareign. Afskipti þess af málinu miðuðu í mesta lagi að því að hagnýta sér ljómann af nafni Jónasar til að auka virðingu félagsins. Ef Sigurjón Pétursson hefði litið málið sömu augum hefði hann látið sér nægja að auglýsa í íslensku dagblöðunum haustið 1946: „Heimferð Jónasar Hallgrímssonar var í boði Álafoss.“

4

Áður en skilið er við *Fáfræðina* langar mig að geta þess atriðis sem Arendt Tisch ræðir í hve lengstu máli í ritdómi sínum og snertir rök Kundera fyrir því að röng bein hafi verið grafin upp í Kaupmannahöfn. Kundera segir að kvittur hafi brátt komist á kreik um dálítið sem íslenski iðnjöfurinn þorði ekki að viðurkenna; „Þegar hann stóð við opna gröfina í Kaupmannahöfn vissi hann ekki hvað hann átti til bragðs að taka: skáldið hafði verið jarðsett innan um fátæklinga, það var ekkert nafn á gröfinni hans, einungis númer og þegar iðnjöfurinn stóð frammi fyrir nokkrum beinagrindum sem höfðu blandast hver við aðra vissi hann ekki hverja þeirra hann ætti að velja. Hann hafði ekki þorað að sýna nokkurt hik í návist alvarlegra og óþolinmóðra embættismanna kirkjugarðsins. Þannig hafði hann ekki haft íslenska skáldið heldur danskan slátrara með sér til Íslands.“

Í dómi sínum hrekur Tisch þessa lýsingu Kundera. Í veruleikanum stóð iðnjöfurinn íslenski aldrei við opna gröf Jónasar í Kaupmannahöfn, eins og Kundera fullyrðir; Sigurjón Pétursson beið í ofvæni heima á Íslandi á meðan beinin voru sótt til Danmerkur. Það verkefni annaðist Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður, sá hinn sami og veitti minnisvarðanefnd Stúdentafélagsins forstöðu. „Mér þykir fráleitt,“ skrifar Tisch, „að halda því

fram að röng bein hafi verið grafin upp vegna lélegra merkinga og ráðaleysis Íslendingins á vettvangi. Matthías Þórðarson var einn reyndasti fornleifafræðingur Norðurlanda á sinni tíð og sérfróður um ævi Jónasar og grafreit hans. Ef einhver var fær um að finna réttu beinin og flytja þau til Íslands var það hann.“

Í framhaldi af þessari gagnrýni skýtur Tisch því inn að Kundera hafi líklega stuðst við *Atómstöðina* eftir Halldór Laxness varðandi viss atriði beinamálsins. „Mér sýnist að minnsta kosti að lýsing *Fáfræðinnar* á hinum ráðvillta íslenska iðnrekanda í kirkjugarðinum í Kaupmannahöfn eigi rót sína að rekja til lýsingar *Atómstöðvarinnar* á því þegar íslenskur viðskiptajöfur flýgur til Danmerkur „að kaupa bein“ þjóðskáldsins. Það er hins vegar athyglisvert að í endanlegri úrvinnslu sinni fer Kundera jafn frjállega með vitnisburð Laxness og Laxness fer með staðreyndir málsins. Og báðir kjósa þeir að láta eins og Matthías Þórðarson sé ekki til.“

Vissulega skekkir það myndina að Matthías komi ekki við sögu í þessum tveimur skáldverkum. Afskipti hans af beinamálinu voru nefnilega allt annað en ómerkileg. Þegar árið 1905 birti hann grein í íslensku tímariti um legstað Jónasar Hallgrímssonar í Kaupmannahöfn þar sem hann rekur þær breytingar sem gerðar hafi verið á merkingum leiða í Assistentskirkjugarðinum og það hverjir fleiri hafi verið grafnir í sama grafreit og Jónas. Greinin einkennist af varkárum ályktunum hins unga fræðimanns sem segir að samkvæmt nýju skipulagi garðsins komi nú tvö samliggj-

Ferðalok

andi leiði til greina. Hann nefnir einnig, í fyrsta sinn svo ég viti til, að einhverjum kynni að detta í hug að vert væri að grafa þarna eftir beinum skáldsins og flytja þau til Íslands. „Það mundi þó torvelt að finna nokkrar leifar af líki hans,“ skrifar Matthías, „eftir svo langan tíma, 60 ár, að því er kunnugir menn ætla, þar eð tvisvar hefur verið grafið í reitinn síðan. Hafi menn áður komið niður á kistu Jónasar, hefir hún verið öll fúin; fjölunum hefir þá líklega verið ekið burt, en leifarnar af líkinu blandast saman við moldina og síðan verið mokað ofan í gröfina aftur.“ Málið virðist hér afgreitt í eitt skipti fyrir öll.

En það var öðru nær.

2. kafli Samsæriskeningin

1

Fyrir röskum áratug, þegar ég var í framhaldsnámi í bókmenntum í smábænum Amherst í Massachusetts-ríki í Bandaríkjunum, tók ég þátt í stofnun hagsmunafélags nemenda sem störfuðu við aðstoðarkennslu í skólanum. Félaginu var ætlað að berjast fyrir bættum kjörum og almennri viðurkenningu á mikilvægi félagsmanna í háskólasamfélaginu en tilefni baráttunnar var boðaður niðurskurður í menntamálum fylkisins. Efnt var til hópfunda, farið í kröfugöngur, blöð gefin út, nefndir skipaðar og barmmerkjum dreift.

Á einum fundinum hlustaði ég á þekktan prófessor í heimspeki – virðulegan eldri mann – flytja eldmessu um gildi litla félagsins okkar og um andstæðingana, skammsýna stjórnámálamenn á Beacon Hill í Boston. Ræðumaður hélt því fram að niðurskurður í menntamálum stafaði ekki af erfiðri fjárhagsstöðu Massachusetts, eins og stjórnámálamennirnir fullyrtu, heldur væri um að ræða lymskulega tilraun til að draga úr offramboði langskólagengins fólks á bandarískum vinnumarkaði. „Tvær leiðir eru færar að þessu markmiði,“ sagði

hann, „að auka kröfur til nemenda þannig að færri ljúki prófum eða að draga úr fjárframlögum til menntamála þannig að aðeins þeir efnuðu sjái sér fært að hefja háskólanám.“ Síðari kosturinn hefur verið valinn, fullyrti heimspekingurinn, „því að þeir sem ráða ríkjum eru jafnframt þeir sem eiga peningana. Nú veit ég,“ bætti hann síðan við, „að einhver ykkar hugsa sem svo að ég sé að bera á borð fjarstæðukennda samsæriskenningu sem enginn vegur sé að færa sönnur á. Það er líka alveg hárrétt. Ég get hins vegar sagt ykkur, og þetta er staðreynd, að níutíu og fimm prósent af öllum samsæriskeningum eru sönn.“

Ég hef oft rifjað upp þessa ræðu á undanförunum árum. Hún mótar með vissum hætti viðhorf mín til ótrúverðugra hugmynda um örlög Adolfs Hitler, Elvis Presley og Johns Lennon, þeirrar tilgátu að fyrsta mannaða geimferð Bandaríkjamanna til tunglsins hafi verið sett á svið í sjónvarpssal, svo ekki sé talað um þá sannfæringu margra friðarsinna að stríð snúist um það eitt að auka hagnað vopnaframleiðenda. Það er ekki þar með sagt að ég trúi öllum slíkum kenningum en ég brýt gjarnan heilann um hverjar þeirra tilheyri þessum sjaldgæfu fimm prósentum sem eru algjör della.

Þessar hugleiðingar koma beinamálinu og *Atómstöðinni* þannig við að Milan Kundera hefur smíðað mergjaða samsæriskenningu í kringum þessi tvö fyrirbrigði. Í *Fáfræðinni* gefur hann í skyn að meint handvömm við uppgröftinn á beinum Jónasar Hallgrímssonar hafi verið þögguð niður. „Á Íslandi ætluðu menn

til að byrja með að leyna þessum skuggalega skemmtilegu mistökum,“ skrifar Kundera, „en málið vatt upp á sig og árið 1948 fletti sá hnýsni Halldór Laxness ofan af öllu saman í skáldsögu.“ Ef eitthvað er að marka mælska, bandaríska heimspekinginn eru níutíu og fimm prósenta líkur á að þessi samsæriskenning sé sönn. Það verður hins vegar að skoða hana óháð þeirri staðhæfingu Kundera að danskur slátrari hafi verið í kistu Jónasar því að slík persóna kemur ekki við sögu í *Atómstöðinni*.

Sögumaður bókarinnar er norðlensk sveitastúlka sem kemur til Reykjavíkur á haustdögum árið 1945 til að læra orgelleik. Hún heitir Ugly og dvelur veturlangt í húsum Búa Árlands, þingmanns kjördæmisins hennar. Sögunni lýkur haustið 1946 en í millitíðinni hafa afdrifaríkir atburðir átt sér stað í lífi Ugly og á vettvangi íslenskra stjórn mála. Inn í söguna fléttast enn fremur áform manna um að „grafa upp Ástmög Þjóðarinnar þar sem hann lá í Danmörku og láta hann hafa pípuhattajarðarför á Íslandi“. Þessi Ástmögur er ekki nafngreindur en persónur sögunnar vitna í ljóðlínur eftir hann sem reynast samhljóða þekktum ljóðlínunum eftir Jónas Hallgrímsson.

Uppgreftri á beinum skáldsins í Kaupmannahöfn er ekki lýst í *Atómstöðinni*, enda takmarkast sjónarhorn verksins við vitund Ugly. Hún er hins vegar á heimaslóðum í síðari hluta sögunnar þegar tvo kunningja hennar úr Reykjavík ber að garði ásamt presti úr sveitinni. Sá tilkynnir hátíðlega að tvímenningarnir hafi „flutt með sér norður hingað jarðneskar leifar Ástmag-

arins“. Þegar Ugly, faðir hennar og presturinn gægjast í kassana tvo, sem mennirnir hafa haft meðferðis á truck sínum, reynast vera portúgalskar sardínur í öðrum en utan á hinum má lesa áletrunina „Dansk Ler“. Innihald kassans er að sögn Uglu aðeins „þur, gráleitur kalkkendir skratti, einna líkastur gömlum hundaskít“. Hvorki hún né faðir hennar trúir að þetta séu jarðneskar leifar Þjóðskáldsins. Presturinn einn er tregur til að ganga af þeirri trú. „Þessi leir,“ segir hann, „sem eftilvill geymir safann úr beinum frelsishetjunnar og stórskáldsins, er mér heilagt tákn.“

Samkvæmt *Atómstöðinni* voru því engin áþreifanleg bein í þeirri kistu sem flutt var frá Danmörku til Íslands haustið 1946, aðeins danskur jarðvegur. Á því gætu verið ýmsar skýringar. Þá trúverðugustu tilfærði Matthías Þórðarson í áðurnefndri tímaritsgrein frá árinu 1905 þegar hann benti á að kista Jónasar hefði líklega fúnað og leifarnar af líkinu blandast saman við moldina í gröfinni. Búi Árland gæti verið að vísa í þessi skrif þegar hann segir við Uglu eitt sinn að menn séu að hugsa um að grafa Ástmög Þjóðarinnar upp, „þó það sé laungu sannað af sérfróðum mönnum að beinin úr honum séu týnd“. Að öðru leyti lætur Halldór Laxness vera að eltast við þessa eða aðrar skýringar í skáldsögu sinni; hann kveður ekki upp úr um það hvort moldin frá Kaupmannahöfn hafi haft að geyma „safann úr beinum frelsishetjunnar“, mulning úr beinum einhvers annars eða gamlan danskan „hundaskít“. Ólíkt Milan Kundera gerir hann enga tilraun til að útrýma efanum sem

tengdist meintri heimferð Jónasar Hallgrímssonar. Halldór ýtir þvert á móti undir þennan efa. Það er því ónákvæmt þegar Kundera fullyrðir að sannleikurinn um beinamálið hafi verið afhjúpaður í *Atómstöðinni*. Sagan er í sjálfri sér samsæri gegn einum, óhrekjanlegum sannleika um málið.

Á hinn bóginn er rétt athugað að eitt af markmiðum Halldórs Laxness með *Atómstöðinni* hafi verið að afhjúpa samsæri. Eitt höfuðviðfangsefni bókarinnar er samningur Íslendinga og Bandaríkjamanna frá árinu 1946 um afnot þeirra síðarnefndu af Keflavíkurflugvelli í hálf tjóttu ár, vegna umsvifa bandaríska hersins í Þýskalandi í kjölfar síðari heimsstyrjaldar. Halldór barðist gegn þessum samningi í ræðu og riti á árunum 1945 og 1946, enda á þeirri skoðun að hann jafngilti afsali þeirra réttinda sem þjóðin hefði öðlast við lýðveldisstofnun árið 1944 og gerði Ísland þar að auki að skotmarki í yfirvofandi kjarnorkustyrjöld. Þá þrjátíu og tvo þingmenn sem samþykktu samninginn kallaði Halldór í blaðagrein „landsvikara“ og „kvislínga“ og sagði að meðal annarra þjóða væru slíkir menn hengdir. Slík hegning væri Íslendingum hins vegar ógeðfelld. „Jafnvel blóð hins versta glæpamanns saugar þann sem atar sig á því. Refsíngin sem bíður þessara þrjátíu og tveggja svikara er sá veggur sem þeir hafa sjálfir reist á milli sín og annarra íslendinga, alinna og óborinna.“

Í *Atómstöðinni* klappar Halldór sama stein. Hann gerir tildrög flugvallarsamningsins tortryggileg, dregur upp mynd af forsætisráðherra Íslands sem drykkfelldum

mútuþega Bandaríkjastjórnar og lætur í það skína að stjórnvöld hafi vasast í uppgreftri á beinum Ástmagarins á þessum sama tíma til að slá ryki í augu almennings. Þegar Uglya fer á sellufund hjá vinstri mönnum stendur upp ungur maður og fer að ræða um bága fjárhagsstöðu mál gagns flokksins: „Ríkisstjórnin var hætt að auglýsa í blaðinu af því blaðið hafði ljóstað því upp um hana að hún hefði einsett sér að stela landinu frá Þjóðinni og selja það; enn fremur að sölumenn ætluðu síðan að hressa uppá mannorð sitt með því að grafa upp Ástmög Þjóðarinnar.“ Í meðförum Halldórs verður heimferð skáldsins því ekki endurtekning á heimkomunni sem fólst í stofnun Lýðveldisins tveimur árum fyrr. Hún er þvert á móti andhverfa hennar, pípuhattajarðarför yfir nýfengnu sjálfstæði landsins.

Nokkru eftir útgáfu *Atómstöðvarinnar* birti Kristján Albertsson, starfsmaður við sendiráð Íslands í París, grein um bókina í *Morgunblaðinu*. Greinin er andhverfa ritdóms sem Kristján hafði skrifað um aðra skáldsögu Halldórs, *Vefarann mikla frá Kasmír*, rúmum tuttugu árum fyrr en hann hefst á orðunum: „Loksins, loksins tilkomumikið skáldverk, sem rís eins og hamraborg upp úr flatneskju íslenzkrar ljóða- og sagnagerðar síðustu ára!“ Um *Atómstöðina* segir Kristján aftur á móti að þótt sumir kaflar sögunnar séu samboðnir skáldi sé hún að meginefni meira í ætt við ómerkilega revíu: „Ég sje ekki að Laxness sjálfum, nje íslenzkri siðmenningu, sje með því neinn greiði gerður, að hlífst sje við að tala í fullri hreinskilni um þá háðung, að höfuðskáld, sem nú

stendur með pálmann í höndunum, sem einn af mestu höfundum íslenzkunnar, skuli sjóða saman sögu, sem að mjög miklu leyti er ekki annað en ósvífinn og smekklaus lygaþvættingur.“

Jafnframt kemur þarna fram að Halldór var ekki upphafsmaður samsæriskennningarinnar um beinamálið. Eftir að hafa andmælt því að þingmenn hafi þegið mútur eða fríðindi að launum fyrir samþykkt Keflavíkursamningsins skrifar Kristján: „Þá voru og um sömu mundir önnur brigsl á ferðinni – þau ósmekklegustu, sem eg minnst að hafa séð í íslenzkum blöðum. Stjórnin átti að hafa gripið til lymskufullra ráða, til þess að svæfa þjóðina, meðan verið væri að fremja landráðin: Að senda eftir beinum Jónasar Hallgrímssonar til Kaupmannahafnar, og láta flytja þau heim, í þeirri von að þjóðin yrði þeim svo fegin, að hún steingleymdi því að verið væri að selja landið undan fótum hennar.“ Kristján vísar þessari kenningu á bug, enda hafi aldrei verið ætlast til þess, ekki einu sinni af upphafsmönnum sögunnar, að hún yrði tekin alvarlega. Samt sem áður sér hann ástæðu til að lýsa fundi Ólafs Thors forsætisráðherra og Sigurjóns Péturssonar iðnrekanda, sem hann hafi orðið vitni að sumarið 1946, til sönnunar á því að frumkvæði í beinamálinu hafi ekki komið frá Ólafi.

Kristján leit augljóslega á *Atómstöðina* sem alvarlegt samsæri, ekki aðeins við minningu Jónasar Hallgrímssonar heldur einnig við Ólaf Thors en þeir Kristján voru systrasynir og samherjar á vettvangi stjórnmálanna. Ólafur var formaður Sjálfstæðisflokksins sem

Kristján fylgdi dyggilega að málum. Enda þótt Kristján fullyrði að Halldóri hafi mistekist í lýsingu sinni á forsætisráðherra sögunnar – „Það er eins og hönd hans um pennaskaftið visni og lamist þegar hann kemur að landráðamanninum, af því að hann veit að nú er allt sem hann skrifar tóm ósannindi“ – var það öðru fremur hún sem knúði hann til að skrifa um bókina. Um það vitnar kunningjabréf sem Kristján sendi Halldóri í framhaldi af grein sinni um *Atómstöðina*. Þar kveðst hann gjarnan hafa viljað halda frið við skáldið, þrátt fyrir ólík sjónarmið þeirra í pólitík, en einfaldlega ekki getað „setið hjá þegar sá maður, sem mér hefur þótt vænt um, er beittur þeim tökum, sem hér eru notuð. Vissar árásir eru með þeim hætti gerðar, að menn geta ekki sjálfir borið hönd fyrir höfuð sér – það verða annað hvort vinir þeirra að gera, eða enginn. Mér dettur ekki í hug, að forsætisráðherrann í sögu þinni sé tilraun til að lýsa Ólafi Thors. Til þess fer of fjarri því, að nokkur líking sé með þessum tveim forsætisráðherrum. Hins vegar lætur þú ráðherraskrípi þitt skipa þá stöðu, sem Ólafur Thors skipaði þegar flugvallarsamningurinn var gerður – og hvað á þá allur almenningur að halda um það, við hvern sé átt – og hvað síðari tíma menn?“ Lokaorðin eru athyglisverð. Úr þeim má lesa þann grun að *Atómstöðin* kunni að verða áhrifaríkari og langlífari vitnisburður um forsætisráðherra Íslands og sögu íslenskra stjórn mála árið 1946 en þær staðreyndir sem mætti draga saman í vönduðu sagnfræðiriti eða ítarlegri ævisögu. Líkt og Arendt Tisch virðist Kristján hafa

skilið að sannleikurinn um fyrri tíð er sú söguskoðun sem meirihlutinn aðhyllist.

Í svarbréfi til Kristjáns ítrekar Halldór fyrri skoðanir á flugvallarsamningnum en segir um leið að í *Atómstöðinni* hafi hann forðast að hæfa persónulega „þessa ógæfumenn“ sem staðið hafi að samningsgerðinni af hálfu Íslands. Raunar hafi hann gert allt sem hann gat „til þess að eingin líkíng skyldi finnast með höfundum samningsins og glæpamönnum bókarinnar“. Gerðir þeirra fyrirnefndu hafi ekki ráðist af illmennsku og heimsku, eins og persónanna í *Atómstöðinni*, heldur hafi afsökun þeirra verið íslensk sveitamennska, vanskilningur á heimsþróuninni og „vanmat á kraftahlutföllunum í þessu síharðnandi stríði auðvaldsins gegn mannkyninu“. Halldór slær botn í bréfið með vinalegum kveðjum og biður Kristján blessaðan um að skamma sig eins og hann geti, „það kemur ekki við mig fremur en þó þú værir að berja fisk norður á Lánganesi“.

Hvorki skrif Kristjáns Albertssonar né tvírætt svarbréf Halldórs Laxness hafa þó megnað að skera endanlega á naflastrenginn milli skáldskapar og veruleika. Í ævisögu Ólafs Thors sem út kom árið 1981 sá höfundurinn, Matthías Johannessen, ástæðu til að gera athugasemd við þá tilhneigingu manna að vitna í *Atómstöðina* til að varpa rýrð á minningu Ólafs, „ekki sízt í augum æskunnar“. Tók Matthías dæmi af formála Njarðar P. Njarðvík að skólaútgáfu sögunnar frá 1977 þar sem hefði verið reynt að nota *Atómstöðina* „til að

gera Ólaf Thors sem tortryggilegastan og ymta að því, að hann hafi staðið fyrir „afsali landsréttinda og svikum við hið nýstofnaða lýðveldi““. Samkvæmt þessum orðum hefur staðfestulaus forsætisráðherra skáldsögunnar fylgt minningu Ólafs Thors eftir, út yfir gróf og dauða, með líkum hætti og sardínur, slátrari og danskur leir hafa hreiðrað um sig í kistu Jónasar Hallgrímssonar.

2

Nú má ekki skilja orð mín hér að framan þannig að Halldór Laxness sé almennt talinn vafasamur pappír á Íslandi, að minnsta kosti ekki í seinni tíð. Hann er þvert á móti sá rithöfundur sem ásamt Jónasi Hallgrímssyni er í mestum metum meðal þjóðarinnar, almennings jafnt sem ráðamanna. Í sjónvarpsávarpi til Íslendinga um áramótin 2001–2002 sagði Davíð Oddsson, forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, að með „sigrum sínum á ritvellingum, sem síðar færðu honum æðstu viðurkenningu sem rithöfundur getur hlotnast,“ hefði Halldór Laxness, öðrum mönnum fremur, eftir „sjálfsmýnd og sjálfstraust þessarar þjóðar“. Þessi orð voru hluti af umfjöllun um margvíslega velgengni Íslendinga á erlendri grund, velgengni sem að sögn Davíðs snerti „viðkvæman streng í brjósti okkar flestra“: „Við samgleðjumst þeim innilega og þykir sem hlutabréfin í okkur sjálfum hækki pínulítið, þegar þeir skora mörk, syngja hátt og snjallt, mála vel og jafnvel

græða meiri peninga af iðju sinni erlendis en nokkurn gat órað fyrir að væri hægt.“

Þessi samlíking á milli þegna ríkisins og hlutafélaga á verðbréfamarkaði kallast á við athyglisverðar kenningar virtra erlendra fræðimanna, einkum félagsfræðinga, um tengsl menningar, efnahagslífs og samfélags. Í vissum tilvikum hafa þessar kenningar verið settar fram með orðaförða sem fólk á fremur að venjast í skrifum viðskiptafræðinga og hagfræðinga en að baki býr sú hugmynd að félagsleg og menningarleg samskipti fólks rati eftir brautum sem séu á margan hátt hliðstæðar brautum peningakerfisins. Svo hnykkt sé á ummælum forsætisráðherra fela þau í sér að afreksfólk á borð við Halldór Laxness hækki gengi íslenskrar menningar og þar með hlut sérhvers Íslendinga í henni.

Ísraelski fræðimaðurinn Itamar Even-Zohar hefur vakið athygli á að hægt sé að skipta rannsóknum á menningu niður í tvo flokka: Annars vegar líti menn á menningu sem vöru sem geti gengið kaupum og sölum og hins vegar sem ákveðna tækni eða aðferð sem einstaklingar og samfélög noti, ýmist til að skilja veruleikann og gefa honum merkingu eða til að takast á við hann og móta. Í umfjöllun sinni um menningarleg vöruskipti bendir Even-Zohar á hvernig skáld og listamenn voru fyrr á tímum oft í þjónustu tiltekinnar valdhafa. Hann nefnir meira að segja dæmi um að skáldin sjálf hafi gengið kaupum og sölum milli þeirra sem réðu löndum, rétt eins og hver annar búfénaður. Á síðustu öldum hafi þetta eignarhald hins vegar orðið

táknrænna og færst frá höfðingjum, konungum, keisurum og páfum yfir til þjóðríkisins.

Þjóðarþóknarrit eru í flestum ríkjum hins vestræna heims, og reyndar víðar, hluti af sjálfsmynd þegnanna. Til að mynda, segir Even-Zohar, geti Þjóðverji sagt við sjálfan sig: „Ég er mikilsháttar því ég tilheyr þeirri þjóð sem gat Goethe af sér.“ Með sama hætti finni Þjóðverjinn reyndar til sín ef þýska landsliðið vinnur heimsmeistaratitil í knattspyrnu. „Það er einfaldlega „þess virði“ að vera þegn slíkrar þjóðar.“ Áður nefnt áramótaávarp Davíðs Oddssonar staðfesti að Halldór Laxness væri nákvæmlega slík þjóðareign. Í ávarpinu upplýsti Davíð að íslenska ríkið hefði í hyggju að kaupa hús skáldsins að Gljúfrasteini í Mosfellssveit en líta má á þau fasteignaviðskipti sem táknræna staðfestingu á eignarhaldi þjóðarinnar á skáldinu.

Even-Zohar sækir hugmyndir sínar að nokkru leyti til franska félagsfræðingsins Pierres Bourdieu en meðal þekktra hugtaka í skrifum hans eru menningarlegt og táknrænt *auðmagn*. Slíkt auðmagn – hlutabréfin í okkur sjálfum – er ein forsenda þess að einstaklingar og hópar nái árangri í samskiptum við aðra. Því er ekki jafnt skipt milli allra þjóðfélagsþegna, ekki frekar en efnislegum gæðum, heldur er það eins konar félagslegur höfuðstóll sem einstaklingurinn erfir, aflar sér og ávaxtar, meðal annars með „réttri“ stéttarstöðu, menntun, framkomu og málfari, opinberum viðurkenningum og tengslum við stofnanir á borð við háskóla, fjölmiðla og útgáfufyrirtæki. Jafnframt getur viss auðlegð falist í því að vera

þegn tiltekinnar þjóðar, til dæmis þegar kemur að samskiptum við þegna annarra „menningarsnaudari“ þjóða.

Í grein sinni bendir Even-Zohar á að þótt bókmenntirnar í vestrænum þjóðfélögum hafi á síðustu öldum losnað undan beinu áhrifavaldi valdhafa (hirðar, kirkju, ríkisútgáfu, ritskoðunar), beiti þeir sem ráði ríkjum enn ýmsum aðferðum til að hafa taumhald á rithöfundum. Til að mynda njóti þeir og bókamarkaðurinn sem slíkur oft ýmissa sérreittinda. Even-Zohar nefnir til dæmis styrki, stöðuveitingar (rithöfundar fá heiðurslaun, sendiherrastöður) og táknrænar viðurkenningar, eins og heimboð til forsetans.

Auðvelt er að tína til sambærileg dæmi úr íslenskri menningu. Hér á landi er til dæmis lagður lægri virðisaukaskattur á bækur en aðrar vörur. Fyrir fáum árum gerði menntamálaráðuneytið fæðingardag Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, að degi íslenskrar tungu. Hefur ráðherra afhent ýmsum rithöfundum og öðrum viðurkenningu á þeim degi fyrir gott starf í þágu tungunnar. Loks má benda á táknræna merkingu þess að íslenska ríkisstjórnin bauð 400 gestum til erfidrykkju eftir útför Halldórs Laxness snemma árs 1998. Útförin sjálf var kostuð af hinu opinbera.

„Um hvað er öll þessi saga,“ spyr Kristján Albertsson í grein sinni um *Atómstöðina*, „og hvaða erindi eiga þessir kassar [með portúgölskum sardínnum og dönskum leir] inn í hana, ef það er ekki tilætlun höfundar að gefa í skyn að það hafi verið eitthvað af þessu tagi sem jarðsett var í grafreit Jónasar Hallgrímssonar á Þingvöllum?“ Enda þótt Kristjáni hafi sárnað meðferð Halldórs Laxness á forsætisráðherranum í sögunni varði hann einnig töluverðu rými í umfjöllun um Jónas Hallgrímsson. Eftir að hafa andmælt því að Ólafur Thors hafi átt frumkvæði að beinamálinu setur hann það í alþjóðlegt samhengi með því að minna á að Frakkar hafi sótt bein Napóleons til St. Helenu og flutt til Parísar, Norðmenn hafi sent eftir beinum Richards Nordraak til Berlínar og að Rússar hafi „lík Leníns til sýnis í grafhýsi á Rauða torginu í Moskvu“. Hvötin að baki uppgreftinum á beinum Jónasar hafi með öðrum orðum verið fögur, göfug og eðlileg.

Kristján á að vísu í erfiðleikum með að sanna að það hafi verið bein Jónasar sem grafin voru upp í Kaupmannahöfn. Þess í stað sakar hann Halldór Laxness um ódregilega framkomu. Ef menn efuðust um að þarna færu rétt bein, skrifar Kristján, „þá var þó skylt að ræða það mál með stillingu og rökum og lubbuskaparlaust – fyrst og fremst vegna minningar skáldsins, en líka vegna

Þess manns, sem taldi sig hafa fundið jarðneskar leifar Jónasar og flutt þær heim“. Í kjölfarið ber Kristján lof á Matthías Þórðarson, sem hafi „aldrei verið riðinn við lygi né falsanir nje pólitísk hneykslismál“, enda „einhver vandaðasti maður til orðs og æðis“ sem uppi sé á Íslandi. Að auki hafi enginn núlifandi manna sýnt minningu Jónasar álíka „ræktarsemi og ást“ og Matthías. „Enginn var honum ólíklegri til þess að hafa minningu skáldsins að hgegóma, né telja sig hafa fundið jarðneskar leifar hans, án þess að vera algerlega sannfærður um að svo væri.“ Líkt og í umræðunni um Ólaf Thors rann Kristjáni hér blóðið til skyldunnar þar sem Matthías Þórðarson var föðurbróðir hans.

Með sama hætti telur Kristján að dylgjur Halldórs um danska leirinn og hundaskítinn eigi lítið skylt við málflutning heiðursmanns. „Eða kannske einhverjum finnist þessi saga fyndin? Eða jafnvel, þegar á allt er litið óvenjulega smekklegt, og gerð af næmri viðkvæmni fyrir minningu listaskáldsins? En þetta er hvorki fyndið, nje smekklegt, nje drengilegt sóknarskjal í viðkvæmu máli – hvað er þá allt beinamáls-kjaftæði sögunnar annað en leir – og hann „einna líkastur gömlum hundaskít“, ef satt skal segja?“ Kristján útfærir þetta líkingamál frekar þegar hann rifjar upp frásögn Íslendingasögunnar Eyrbyggju af helgi Þórsness, en „sá staður var helgaður goðunum. Mátti enginn óvirða hann með því að ganga þangað örna sinna. En til voru menn þannig skapi farnir, að þeir þurftu endilega að ganga örna sinna einmitt þangað, sem bannað var, til þess að særa tilfinn-

ingar þeirra sem helgi höfðu á staðnum. Er hægt að komast hjá því að hugsa til þessara manna, þegar maður les síðustu bók Laxness?“ Kristján lýsir Halldóri, með öðrum orðum, sem vargi í véum; við sjáum íslenska höfuðskáldið í anda með buxurnar á hælunum að gera stykkinn sín í Þjóðargrafreitinn á Þingvöllum.

Kristján freistar þess að skýra þetta háttalag þegar hann segir að Halldór hafi „alla tíð verið einhver stríðnasti maður á Íslandi“ og þar að auki haldinn þeim kvilla að vilja sífellt vera að „ganga fram af borgurunum – segja einhverja ósvífni, verulega krassandi, svo að heiðvirður lesandi, sem á sjer einkis ills von, rjúki upp í vonsku“. Framkoma Halldórs verði þó ekki skilin til fulls nema í ljósi róttækra stjórnmálaskoðana hans og þess mótlætis sem hugmyndir kommúnismans hafi mætt á umliðnum árum í hinum vestræna heimi vegna tengsla þeirra við stórveldið í austri. Markmiðið með *Atómstöðinni* hafi verið að „falsa sögulegar staðreyndir í svívirðingaskyni“ við pólitíska andstæðinga íslenskra kommúnista. Og Kristján spyr: „Nú er pólitískur rithöfundur óánægður yfir því, að atferli andstæðinga hans er ekki eins heimskulegt eða hlægilegt eða glæpsamlegt, og hann hefði langað til að það væri – skal honum þá teljast heimilt að bæta úr því með skáldsögum, þar sem hann lætur þá fremja þau heimskupör, þau skammarstrik og smánarverk, sem þeir ekki hafa gerst sekir um? Hverjum getur dulizt hinir nálega ótakmörkuðu möguleikar til rógs og lyga, sem hin pólitíska lykilsaga hefur fram yfir blaðgreinar,

vegna þess að lykilsagan þarf ekki að nefna hina ofsóttu eða svívirtu með réttu nafni, og getur þó látið skiljast við hvern er átt? Er íslenzkri siðmenningu gróði að slíkum bókmenntum?“ Með hliðsjón af áðurnefndum hugmyndum Itamars Even-Zohar má túlka viðbrögð Kristjáns svo að *Atómstöðin* sé skáldsaga sem brotið hafi leikreglurnar í samskiptum listamanna og valdhafa. Hér hafði taumhald hinna síðarnefndu á Halldóri augljóslega brugðist.

En hverjar voru þá staðreyndir málsins? Er unnt að komast að því að hve miklu leyti Halldór Laxness afbakar veruleikann í bók sinni og hvers vegna? Um fáein atriði má draga nokkuð traustar ályktanir.

Kassi með meintum jarðneskum leifum Jónasar Hallgrímssonar kom með millilandaskipinu Brúarfossi til Reykjavíkur föstudaginn 4. október árið 1946. Upphaflega hafði verið ætlast til þess að kassinn kæmi með öðru skipi, Lagarfossi, nokkrum vikum fyrr, en uppgrofturinn á beinunum tafðist vegna þess að leyfi frá dönskum yfirvöldum skorti. Matthías Þórðarsyni tókst hins vegar að ná Lagarfossi í Gautaborg 9. september og kom því á undan kassanum til Íslands.

Daginn sem beinin komu til landsins var flugvallarsamningurinn til meðferðar á Alþingi. Ljóst var að málið stefndi stjórnarsamstarfi þingmanna Sjálfstæðisflokksins og Sameiningarflokks alþýðu, Sósíalístaflokks í hættu þar sem þeir síðarnefndu voru andvígir samningnum. Síðdegis þennan dag tóku Matthías Þórðarson, Sigurjón Pétursson og Ásmundur Jónsson á móti kass-

anum með beinunum á hafnarbakkannum í Reykjavík. Þeir fóru með hann í vörugeymslu skammt frá sem Sigurjón átti og fluttu innihaldið í hvíta líkkistu sem iðnrekandinn hafði keypt af þessu tilefni. Þingvallanefnd, sem skipuð var þremur þingmönnum, var líklega bundin yfir umræðum á þingi á meðan þessu fór fram.

Laugardaginn 5. október var flugvallarsamningurinn samþykktur með 32 atkvæðum gegn 19. Þennan dag ók Sigurjón Pétursson ásamt bílstjóra sínum á vörubíl frá Reykjavík norður í Öxnadal. Kista Jónasar Hallgrímssonar var aftan á bílpallinum. Sigurjón vissi af áformum Þingvallanefndar um að jarða Jónas í Þjóðargrafreitnum á Þingvöllum. Hugmynd hans var að láta jarðsetja skáldið á heimaslóðum þess áður en yfirvöld fengju rönd við reist.

Það virðist því hafa verið röð tilviljana, fremur en útsmogið samsæri, sem réð því að beinamálið og flugvallarsamningurinn fléttuðust saman. *Þjóðviljinn*, mál-gagn sósíalista, notfærði sér þessar tilviljanir í fréttáflutningi af beinamálinu í þeirri viku sem í hönd fór. Eftir að hafa í einni frétt sinni lýst „niðurlægingu þeirrar stundar þegar bein listaskáldsins góða voru flutt hér á land eftir meir en 100 ára hvíld í erlendri mold,“ spurði blaðið hvar Þingvallanefnd hefði verið þegar þremmenningarnir tóku á móti beinunum á hafnarbakkannum. Svárið var hápólítískt: „Hún var að selja föðurland Jónasar Hallgrímssonar.“ Í framhaldi beindi blaðið spjótum sínum að Jónasi Jónssyni frá Hriflu sem var í hópi þeirra þingmanna Framsóknarflokksins sem

greiddu flugvallarsamningnum atkvæði sín: „Formaður Þingvallanefndar, þessi maður – Júdas frá Hriflu, er svo önnum kafinn við að selja ættland skáldsins að hann hefur ekki tíma til að taka á móti beinum þess.“

Þjóðviljinn hjó í sama knérunn í forystugrein þar sem Jónasi frá Hriflu var lýst sem forystumanni íslenskrar yfirstéttar. Lítið var gefið fyrir þjóðargrafreitinn, enda fullyrt að heimflutningur beina Jónasar Hallgrímssonar hafi fyrst og fremst miðað að því að gefa íslenskri yfirstétt tækifæri til að safnast þar saman „til „virðingar“ við það skáld sem stéttbræður þeirra höfðu hrjáð til dauða fyrir rúmri öld. Þar ætluðu hinir 32 að halda grátklökkar ræður um ágæti íslenskrar menningar yfir beinum fyrsta söngvara íslenskrar sjálfstæðisbaráttu. En loddaraleikurinn mistókst fyrir tilstilli geðbillaðs manns og varð að einu því ógeðfelldasta hneyksli sem yfir þessa þjóð hefur dunið. Og það er ekki hinn geðbillaði maður sem hneykslið hefur framið heldur þeir fulltrúar siðlausrar, menningarsnauðrar yfirstéttar sem ætluðu að nota látið þjóðskáld sér til upphéðar.“ Þessi orð enduróma í *Atómstöðinni* þegar rætt er um að „sölu-menn“ landsins hafi flutt bein þjóðskáldsins til Íslands til „að hressa upp á mannorð sitt“.

Eins og áður er getið byggðust afskipti íslenskra stjórnvalda af beinamálinu á þeirri skoðun að líkamsleifar Jónasar Hallgrímssonar væru „alþjóðareign“ en ekki einkaeign Sigurjóns Péturssonar eða ættingja Jónasar. Að mati *Þjóðviljans* snerist málið hins vegar um að tiltekin pólitísk öfl – sömu öfl og samþykktu

flugvallarsamninginn – væru að eigna sér Jónas, hagnýta sér það menningarlega auðmagn sem tengist persónu hans og verkum. Málflutningur blaðsins beindist gegn höfuðforsendu hugmyndarinnar um menningu sem þjóðareign en hún er sú að þjóðin sé (eða verði að vera) ein samstæð heild. Beinamálið snerist þannig upp í andhverfu sína. Í stað þess að sameina þjóðina – endurtaka þá einingu sem fólst í lýðveldishátíðinni á Þingvöllum árið 1944 – birti það djúpstæðan ágreining ólíkra pólitískra fylkinga í íslensku samfélagi.

4

Ekki verður sagt skilið við *Atómstöðina* án þess að gera upp samband þeirra Halldórs Laxness og Kristjáns Albertssonar. Því fer nefnilega fjarri að þeir hafi alltaf verið svarnir andstæðingar. Skáldsagan *Vefarinn mikli frá Kasmír* eftir Halldór kom út í nokkrum heftum á vordögum árið 1927. Jónas Jónsson frá Hriflu, þingmaður Framsóknarflokksins, skrifaði þá grein í flokksmálagnidd *Tímann* þar sem hann tilfærði setningar úr bókinni sem lutu annars vegar að hlutverkum eigin konu og skækju (sú síðarnefnda kemur betur út úr þeim samanburði) og hins vegar að svölun holdlegra fýsna („Kynvilla er æðsta stig kynferðislegrar fullnægingar“). Líkt og sænski bókmenntafræðingurinn Peter Hallberg hefur bent á í riti um *Vefarann* var þó hvorki skáldsaga Halldórs né höfundur hennar eiginlegur skotsþónn Jón-

asar heldur Íhaldsflokkurinn (síðar Sjálfstæðisflokkurinn), höfuðandstæðingur Framsóknarflokksins fyrir þingkosningar sem stóðu fyrir dyrum.

Jónas byrjar grein sína á því að segja að „landstjórnin“ hafi tekið ótrúlegu ástfóstri við ritsmíð Halldórs „og látið lýsa yfir til athugunar og eftirbreytni landslýðnum, að bók þessi sé „mjög skemmtileg“ og „óvenjuleg“ að „stílkrafti og andríki““. Þessi orð eru tekin úr umfjöllun um *Vefarann* í tímaritinu *Verði* sem var eitt af helstu málögögnum íhaldsmanna. Tilgangur Jónasar var að sýna lesendum *Tímans* „hverskonar skáldskapur þykir nú mikils virði á „hærrí stöðum““ og hann hnykkir á þessu hvað eftir annað með því að kalla Halldór „skáld landstjórnarinnar“, „þjón“ hennar og skjólstæðing „Kr[istján] Alb[ertssonar] og húsbænda hans“. Kristján var á þessum tíma ritstjóri *Varðar* en til þess starfs hafði hann verið fenginn af Ólafi Thors í tímabundnum forföllum Árna Jónssonar, þingmanns Íhaldsflokksins.

Peter Hallberg skýrir ekki beinlínis þau ummæli Jónasar að Halldór sé „skáld landstjórnarinnar“. Hann bendir aðeins á að *Morgunblaðið* hafði þá um langa hríð verið mál gagn skáldsins „öðrum blöðum fremur“ og jafnvel birt eftir hann greinar sem fólu í sér „svo róttæk sjónarmið, að furðu gegnir að þeim hafi verið veitt þar rúm“. Hallberg nefnir líka að umburðarlyndi blaðsins gagnvart skáldinu unga hafi „að einhverju leyti verið að þakka vini hans og formælanda, Kristjáni Albertssyni“.

Sjálfur varpaði Halldór ljósi á þetta mál í ritgerða-

safninu *Skáldatíma* sem út kom á sjöunda áratugnum, nokkrum árum á eftir bók Hallbergs um *Vefarann*. Einn kafli *Skáldatíma* nefnist „Hverjir kostuðu Vefarann“ og hefst á þessari upptalningu: „Einar Pétursson, Haraldur Árnason, Gunnar Kvaran, Björn Ólafsson, Sigurður Guðmundsson ark., Kristján Albertsson, Púlli, Ásgeir Ásgeirsson, Þórður Albertsson, Ingimar Brynjólfsson.“ Á daginn kemur að þetta eru nöfn manna sem árið 1925 skrifuðu upp á víxil „að undirlagi Kristjáns Albertssonar og Árna Jónssonar“ til að hafa upp nauðsynlegt fé svo Halldór kæmist til ársdvalar til Ítalíu að skrifa *Vefarann*. Jafnframt hafi Árni samið við Halldór um að hann skrifaði „gegn höfðinglegum ritlaunum [...] tvær kjallaragreinar á mánuði“ í *Vörð*.

Halldór á reyndar erfitt með að skýra hvers vegna Árni, sem og aðrir kostunarmenn, hafi verið fúsir til að leggja honum lið. Honum dettur helst í hug að þeir hafi einfaldlega haft trú á sér, heimskum unglingnum, og bætir síðan við: „ætli kærleikurinn hafi þó ekki verið einna sigursælastur í því verki einsog stundum hefur komið fyrir áður“. En Jónas frá Hriflu leit samband Halldórs við Árna og Kristján Albertsson öðrum og pólitískari augum. Í hans huga höfðu íhaldsmenn markvisst verið að fjárfesta í skáldinu unga, tryggja sér hlut í þeim menningarlegu auðæfum sem þeir trúðu að Halldór ætti eftir að skapa. Greinarkorn Jónasar miðaði að því að fella gengið í þessum hlutabréfum og rýra þar með menningarlegt auðmagn Íhaldsflokksins fyrir komandi kosningar.

Fyrstu viðbrögð *Morgunblaðsins* við þessum skrifum

voru svohljóðandi klausa sem birtist daginn eftir: „Jónas frá Hriflu tilfærir í Tímanum nokkur af svæsnustu klámyrðum Kiljans og þykir matur í. Fer vel á því. Hvað elskar sjer líkt. – Rógtungan smjattar á kláminu.“ Tilgangur blaðsins var að þvo hendur íhaldsmanna af *Vefaranum mikla frá Kasmír* og snúa atlögunni upp á Jónas sjálfan. Blaðið féll hins vegar í þá gryfju, sem Jónas hafði varast, að kenna skrif Halldórs Laxness við klám. Halldór brást við af hörku og stefndi *Morgunblaðinu* fyrir tilhæfulausar ásakanir um glæpsamlegan rithátt. Sættir náðust reyndar áður en málið kom fyrir dómstóla. Blaðið dró þá úr ummælum sínum í eins konar afsökunarbeiðni, sagði að það hefði „hvorki fyr nje síðar viljað sverta mannorð og heiður“ skáldsins og birti síðan greinargerð Halldórs þar sem hann neitaði því að vott af klámi mætti finna í *Vefaranum*. Það var í kjölfar þessara sviptinga að Kristján Albertsson skrifaði sinn fleyga ritdóm, ritdóm sem mætti ef til vill kenna við forherðingu: „Íhaldsmenn standa við frétt sína.“ Það er þó frekar ástæða til að lesa þennan dóm með hliðsjón af mikilvægu hlutverki Kristjáns sem velunnara Halldórs og hluthafa í *Vefaranum mikla frá Kasmír*: „Loksins, loksins hefur fjárfesting okkar borið ávöxt.“

Í þessu ljósi er skiljanlegt að Kristján Albertsson hafi reiðst yfir *Atómstöðinni*. Hann gat raunar seint eða aldrei fyrirgefið Halldóri Laxness að skrifa þá bók. Þegar Halldór hlaut nóbelsverðlaun í bókmenntum árið 1955 fékk *Morgunblaðið* Kristján til að skrifa nokkrar línur um skáldið vegna þess að hann hefði með ritdómi

sínum um *Vefarann* orðið „fyrstur manna til að kveða upp úr um það, að með þessari bók hefði Ísland eignast nýtt stórskáld“. Kristján talaði fallega um helstu verk Halldórs af þessu tilefni en notaði líka tækifærið til að minna á að mörgum hefði þótt heiður Sænsku akademíunnar „enn vafalausari, ef skáldið hefði ekki skrifað jafn-smekklauseu og rangindafulla sögu um Ísland nútímans og *Atómstöðina*“.

Alþýðublaðið, málgagn sósíaldemókrata, gagnrýndi Kristján að bragði fyrir þessa pillu, kallaði hana „asna-spark“ og sagði að engan varðaði neitt um stjórnmalaskoðanir Halldórs, þær væru hans einkamál. Þessa daga í október árið 1955 var sú hugmynd þegar fullþroskuð að Halldór Laxness væri (eða ætti að vera) þjóðareign – óumdeildur dýrlingur. En Kristján sat fast við sinn keip. Hann vísaði í gagnrýna umfjöllun erlendra fjölmiðla um stjórnmalaskoðanir nóbelsskáldsins og sagði engum til gagns að fjalla um verk mikilla rithöfunda í heillaóskastíl. Að baki bjó mögnuð samsæriskenning, sú sannfæring Kristjáns að „öflugur og heimskur fjarstýrður flokkur vinni að því, með stuðningi áhrifamikilla rithöfunda, að liða sundur íslenskt þjóðfélag, í því skyni að setja upp ríkisharðstjórn, með einræðisklíku, að austrænni fyrirmynd“. Og Kristján svaraði gagnrýni *Alþýðublaðsins* í eitt skipti fyrir öll með eitradri spurningu: „Hvenær var nokkur Íslendingur of góður til að vera kallaður asni?“ Í millitíðinni hafði Kristján verið sakaður um það af vinstri mönnum að beita „diplómatískri aðstöðu“ sinni til þess að hindra útgáfu *Atómstöðu-*

arinnar í Danmörku. Hann sagðist ekki þurfa á slíkri aðstöðu að halda til að láta í ljósi skoðun sína á skáldverkum en viðurkenndi að hafa farið hinum verstu orðum um bókina við ýmis tækifæri, jafnvel hugsanlega í samtali við verðandi sendiherra Dana á Íslandi.

Tveimur árum eftir að Halldór fékk nóbelsverðlaun skrifaði Kristján enn einu sinni um *Atómstöðina* í *Morgunblaðið*, í þetta skipti til að lýsa yfir óánægju sinni með að búið væri að þýða bókina á frönsku, sænsku og þýsku. „Það hlýtur að hneyksla og hryggja hvert íslenskt hjarta djúpt, hvenær sem þessi bók birtist á nýju erlendu máli. Mér er óskiljanlegt að Laxness skuli leyfa að þýða hana,“ skrifaði Kristján. „Og þessi bók er nú að verða aðalfræðsla heimsins um hvernig nýstofnað lýðveldi Íslendinga hafi farið að ráði sínu. Og enginn hefur nokkru sinni undan þessu kvartað nema höfundur þessara lína. Íslendingar virðast í sumum efnum vera geðlausasta fólk á jarðríki.“

Halldór Laxness átti hins vegar lokaorðin í þessu karpí snemma á níunda áratugnum en þá kom fram í viðtali í *Þjóðviljanum* að hann vissi til að opinberir aðilar hefðu fengið forlög, meðal annars í Bretlandi og Bandaríkjunum, ofan af því að gefa verk hans út, ekki síst í framhaldi af útgáfu *Atómstöðvarinnar*. Halldór sagði hins vegar að það hefðu ekki verið íslenskir heldur aðallega bandarískir diplómatar sem hefðu sett sig upp á móti útgáfu hennar. „Já, þá var hér allt uppíloft út af pólitík og í rauninni afskaplega skemmtilegt,“ lét Halldór hafa eftir sér. „Svo stóð á að Amríkanar voru

Ferðalok

hér í landinu og tóku víst eitthvað af satírunni til sín, svo mikið er víst að þeir voru svo hræddir við þessa bók og skildu svo lítið í henni að það hefur ekki þótt alveg óhætt að gefa hana út í Bandaríkjunum fyrr en rétt í þessu. En það eru Íslendingar sem fara verst út úr þessu öllu saman, ekki síst Jónas karlinn frá Hriflu.“

3. kafli

Helgir dómar

1

Enda þótt beinum af dönskum slátrara bregði ekki fyrir í *Atómstöðinni* eftir Halldór Laxness skjóta þau upp kolli í annarri skáldsögu eftir íslenskan rithöfund, *Lúnum beinum* eftir Helga Ingólfsson. Aðalpersóna verkisins, Jafet Jasonarson fornleifafræðingur, ver þar vafasamar starfsaðferðir sínar með því að vísa til atburðanna árið 1946: „Þjóð sem gróf upp hálfa beinahrúgu af bláókunnugum manni, sem gæti alveg eins hafa verið danskur kjötmangari, og holaði honum síðan niður í flaustri í Þjóðargrafreit sem sínu ástsælasta skáldi án þess svo mikið sem að kíkja í kistuna, maldar varla í móinn.“ Í framhaldi af þessum hugleiðingum flýgur Jafet í hug að hvetja yfirvöld fornminja á Íslandi til „að grafa upp kistu Jónasar á Þingvöllum til að komast að hinu sanna í því máli öllu“. Þar sem *Lúin bein* kom út sumarið 2002, röskum tveimur árum á eftir *Fáfræðinni*, er hugsanlegt að Helgi Ingólfsson hafi stuðst við umfjöllun Kundera um danska slátrarann en ég tel líklegra að frásagnir beggja séu ávextir munnlegrar sagnahefðar sem virðist mega rekja allt aftur til ársins 1946.

Tilbrigði við þessa sagnahefð má síðan finna hjá Birni Th. Björnssyni listfræðingi. Árið 1961 sendi Björn frá sér ritið *Á Íslendingaslóðum í Kaupmannahöfn* sem fjallar um þróun borgarinnar við Eyrarsund, sögufrægar byggingar og örlög Íslendinga sem þangað sigldu. Í einum kaflanum ræddi höfundur um Assistentskirkjugarðinn og staldraði þar við leiði nokkurra Íslendinga, þar á meðal Brynjólfs Péturssonar og Konráðs Gíslasonar, féлага Jónasar Hallgrímssonar í ritstjórn tímaritsins *Fjölnis*. Hann nefndi í framhjáhlaupi að Jónas hefði einnig verið grafinn í garðinum en veitti engar frekari upplýsingar um legstað hans.

Björn bætti úr þessu í endurskoðaðri gerð bókarinnar sem út kom 1990. Þar er sagt frá greftrun Jónasar 1845, grein Matthíasar Þórðarsonar um grafreit skáldsins frá 1905 og loks uppgreftrinum á beinunum 1946. „Við þann hrapallega gerning,“ skrifar Björn, „var að sjálf-sögðu aldrei prófað um það, hvort minnstu líkindi væru til að eitt eða neitt af beinunum væru líkamsleifar Jónasar, sem þó hefði verið gerlegt hafi eitthvað verið heilt.“ Hann hafnar ekki alfarið að Matthías hafi fundið bein Jónasar en telur eins líklegt að þjóðminjavörður hafi annaðhvort grafið upp á röngum stað í garðinum eða haft heim með sér röng bein úr rétta grafreitnum: „Af plöggum kirkjugarðsins verður ekki séð hvar Matthías hefur látið grafa upp. Þaðan af síður er nokkur leið að vita hvort það voru bein úr Stryving veð-mangara, Madsen veitingamanni eða öðrum innbyggj-urum þessara reita sem lentu ofan í kassann hjá Matt-

híasi.“ Björn hafði viðrað svipaðar efasemdir í þætti sem sýndur var í sjónvarpi hér á landi sama ár og endurskoðuð útgáfa bókar hans kom út og ítrekaði þær í blaðaviðtali sem tekið var við hann af því tilefni.

Þau ummæli Björns, að gerlegt hefði verið að „prófa“ hvort Matthías hefði fundið líkamsleifar Jónasar, vísa fram á veginn. Þau endurómuðu ekki aðeins í *Línnum beinum* heldur einnig í frétt sem birtist í íslensku dagblaði sumarið 2002, um líkt leyti og skáldsaga Helga Ingólfssonar kom út. Þar var greint frá því að í Þingvallagöngu undir leiðsögn Páls Valssonar, ævisöguritarar Jónasar Hallgrímssonar, hefði vaknað áhugi á því að láta DNA-greina bein skáldsins „til að fá úr því skorið í eitt skipti fyrir öll hvort þarna lægi Jónas sjálfur eða einhver annar“. Skotið var að til skýringar að því hefði „verið haldið fram að danskur slátrari hvíli í þjóðargrafreitnum í stað þjóðskáldsins“ en síðan var vitnað í viðtal blaðamanns við prófessor í réttarlæknisfræði um líkurnar á því að rannsókn á erfðaeftni beinanna bæri árangur. Í ljósi þessara vitnisburða – sem benda til að núverandi óskir íslenskra stjórnvalda um rannsókn á beinunum megi með vissum hætti rekja til bókar Björns frá 1990 – er ástæða til að kanna rök hans og fullyrðingar nánar.

Eitt af því sem er athyglisvert við málflutning Björns er að hann telur enn líklegra að Matthías hafi grafið á röngum stað en að hann hafi farið mannavillt í gröf-inni. Þegar Björn var spurður í áðurnefndu blaðaviðtali hvort hann væri sannfærður um að Jónas Hallgrímsson lægi enn í danskri mold svaraði hann hvorki játandi né

neitandi heldur lagði áherslu á hve flókið væri að átta sig á skipulaginu í Assistentskirkjugarðinum: „Í Fjölni segir að Jónas sé grafinn í S-198 í reit Þrenningar-kirkjunnar. Það sem ég gerði var að rekja þetta númer til baka með aðstoð danskra fræðimanna sem þekkja garðinn mjög vel og að [grafreit] N-1095-96. Sá grafreitir hefur aldrei verið hreyfður svo ég viti. Þetta er ákaflega flókin vinna því þarna hafa orðið mjög miklar breytingar, sérstaklega eftir að líkbrennslan byrjaði og eftir að kaþólskir menn fengu sinn garð. Enn sem komið er hefur enginn Íslendingur lagt út í að kanna þetta til neinnar hlítar.“

Í endurskoðaðri gerð bókar sinnar vitnaði Björn einnig í skýrslu sem Sigurður Ólason, formaður Stúdentafélags Reykjavíkur, skrifaði þegar hann tryggði Íslendingum umráðarétt yfir legstað Jónasar seint á fjórða áratugnum: „Enda þótt Sigurði sé bent á reitinn N 1095 (en ekki 1096), bregður samt svo undarlega við, að hann segir í skýrslu sinni til félagsins að leiðið sé „autt og umkomulaust, á milli fallega uppþúinna leiða í kring (t.d. Berggreen þar rétt hjá)“. Hvorugt getur þó staðizt, því engin „fallega uppþúin“ leiði eru né hafa verið á næstu grösum, og leiði tónskáldsins Berggreens er æði langt frá, í reit L 21.“ Björn dregur þannig í efa vinnubrögð Matthíasar Þórðarsonar á vettvangi árið 1946, annars vegar með því að benda á skort á sönnunargögnum og hins vegar með því að gefa í skyn að Sigurður Ólason hafi verið á villigötum þegar hann kom að málinu nokkrum árum áður.

Það veikir nokkuð málflutning Björns að niðurstaða

hans um staðsetningu grafreits Jónasar er samhljóða þeirri niðurstöðu sem Matthías hafði sjálfur komist að við rannsókn málsins áratugum fyrr. Fullyrðing Björns í blaðaviðtalinu 1990, að enn hafi enginn Íslendingur kunnað þá breytingu sem gerð hafi verið á númerakerfi kirkjugarðsins, er einkennileg. Grein Matthíasar frá 1905 um legstað Jónasar (sem Björn vitnar til í bók sinni) var beinlínis afrakstur slíkrar rannsóknar og niðurstæða hennar er afar nákvæm: „Í dagbók kirkjugarðsins um árið 1845 stendur að „stúdent Jónas Halgrinsson 36 (ára að aldri, dáinn) 26. maí (af) drepri (– „Koldbrand“ – hafi verið grafinn) 31 maí (frá) Friðriksspítala (í) Trinitatis (sókn, nr.) 198, S“. Þegar breytingin var gerð, varð þessi reitur að mestu leyti sami sem N. 1095; nokkur hluti hans er þó nú í N. 1096, þar eð reiturinn var mjókkaður um 1 alin; Trinitatis S, 198 var 4X4 álnir en N. 1095 er 3X4 álnir.“ Matthías bætir við að ekki verði sagt með vissu hvort Jónas liggi í N. 1095 eða N. 1096 þar sem þess sé ekki getið í dagbók kirkjugarðsins.

Afdráttarlausari sönnun þess að Matthías hafi grafið á þessum stað er uppgraftarskýrsla hans en þess ber að geta að efni hennar var fyrst gert opinbert eftir að Björn viðraði efasemdir sínar í sjónvarpsþættinum og blaðaviðtalinu árið 1990. Þá skrifaði Birgir Thorlacius fyrirverandi ráðuneyttisstjóri blaðgrein um beinaflutningana þar sem hann vitnaði í ýmis frumgögn málsins sem ekki höfðu komið fram áður. Af þeim er uppgraftarskýrsla Þjóðminjavarðar merkust en hana skrifaði Matthías fyrir

Ólaf Thors forsætisráðherra 21. september árið 1946, á meðan kista Jónasar var í hafi á leið til Íslands frá Danmörku. Þar kemur fram að Matthías hafði látið grafa upp reit N. 1095 í Assistentskirkjugarðinum þremur vikum fyrir og að það sem kom upp úr gröfinni var í góðu samræmi við gögn kirkjugarðsstjórnarinnar. Skýrslan útilokar svo að segja þann möguleika að Matthías hafi grafið á röngum stað. En hún útilokar ekki að hann hafi farið á mis við bein Jónasar Hallgrímssonar.

2

Eftirtekta-verðasta atriðið í umfjöllun Björns Th. Björnssonar um beinamálið kemur í kjölfarið á tilvitnun hans í grein Matthíasar Þórðarsonar frá árinu 1905 þar sem Matthías bendir á að síðari tíma jarðsetningar í grafreit Jónasar hafi að öllum líkindum spilt kistu skáldsins og innhaldi hennar: „fjölunum hefir þá líklega verið ekið burt, en leifarnar af líkinu blandast saman við moldina og síðan verið mokað ofan í gröfina aftur“. Í ljósi þessara orða þykir Birni með ólíkindum að Matthías hafi látið til leiðast, „rúmum 40 árum síðar, og það á vegum prívatmanns, að grafa upp beinmylsnu og flytja heim sem sanna og helga dóma þjóðskáldsins“.

Hugtakið *helgir dómar* lætur ekki mikið yfir sér í texta Björns en það setur upptökuna á meintum beinum Jónasar í merkingarríkt samhengi. Orðalagið vísar til kristinnar trúarhefðar sem rakin hefur verið allt aftur til

annarrar aldar og tengist dýrkun á dýrlingum og meðferð á jarðneskum leifum þeirra. Upphaflega voru slíkar leifar látnar liggja óhreyfðar í upprunalegum grafreit sínum og byggð yfir þær kapella en fyrir áhrif kirkjufedranna í Konstantínópel skapaðist smám saman sú hefð að grafa upp dýrlingabein og flytja í kirkjur. Þar var þeim búinn veglegur staður, yfirleitt í sérstöku skríni eða örk. Þessi beinaflutningur var á latínu nefndur *translatio* eða færsla og var, þegar fram liðu stundir, talinn nauðsynlegur til staðfestingar á helgi viðkomandi einstaklings.

Helgir dómar sönnuðu ekki aðeins tilvist dýrlingsins heldur beindu menn til þeirra bænum og höfðu trú á lækningamætti þeirra og verndarkrafti. Menn hétu einnig á einstaka dýrlinga og rann áheitafe jafnan til þeirra kirkjustaða sem varðveittu líkamsleifar viðkomandi. Því varð algengt að líkamar dýrlinga væru hlutaðir í sundur og þeim skipt á milli staða. Jafnframt skapaðist sú venja að skrifuð væri saga af upptöku dýrlingabeina og áhrifamætti þeirra. Þessi rit, sem einnig voru kölluð *translatio* eða færslur, eiga að nokkru leyti fyrirmynd í frásögnum af því þegar Helena, móðir Konstantínusar keisara, lét grafa upp kross Krists í Jerúsalem snemma á fjórðu öld. Í þeim má greina ýmis minni sem ganga aftur í færsluritunum, svo sem vísbendingar um hvar rétt sé að grafa og jarteinir sem verða við fund beinanna.

Nú vill svo til að skáldsaga Helga Ingólfssonar, *Lúin bein*, fjallar um fornleifauppgröft þar sem menn vonast til að finna helgan dóm fyrsta íslenska dýrlingsins, Þorláks biskups Þórhallssonar. Bein Þorláks voru grafin

upp í Skálholti, biskupssetri á suðvestanverðu Íslandi, árið 1198 þegar liðin voru fimm ár frá andláti biskupsins. Greint er frá færslunni í samtímaheimildum, þar á meðal sögu Þorláks. Þar segir meðal annars: „Um daginn eftir var heilagur dómur hans úr jörðu tekinn og í kirkju borinn með ymnum og lofsöngvum og fagurlegri *processione* og allri þeirri sæmd og virðingu, er í þessu landi mátti veita. Var kistan sett niður í sönghúsi, og sungu lærðir menn þá *Te Deum*, en sjúkir menn krupu að kistunni, og urðu margir menn heilir af.“

Í *Lúnum beinum* er þó ekki lýst fornleifauppgreftri í Skálholti heldur í Þykkvabæ sem er austar en biskupsstóllinn. Þar var klaustur á miðöldum sem Þorlákur Þorhallsson átti þátt í að stofna og var hann þar ábóti áður en hann tók við biskupsembættinu. Í fyrirlestri Jafets Jasonarsonar um þennan uppgröft í skáldsögunni segir að munkarnir í Þykkvabæ hafi að minnsta kosti þrisvar gert tilkall til beina Þorláks eða einhvers hluta þeirra. Kirkjuféður í Skálholti hafi tekið því fálega en samkvæmt annálum hafi þó lærleggur úr dýrlingnum komist í eigu Þykkvabæjarklausturs árið 1422. Leggurinn hafi verið lagður í skrín sem fyrst hafi verið geymt í kór kirkjunnar á staðnum en skömmu fyrir siðaskiptin á Íslandi hafi því verið komið fyrir undir stórrí steinhellu í kirkjugólfinu. Afdrif annarra helgra dóma Þorláks eru hins vegar óviss, að sögn Jafets. Vitað sé að á fimmtánda öld hafi beinflís úr honum verið múruð inn í vegg höfuðkirkjunnar í Færeyjum og að um líkt leyti hafi höfuð hans verið sett í sérstakt skrín í Skálholti. Þetta

skrín var orðið nærri tóm um miðja átjándu öld en heimild frá þeim tíma greinir frá því að innihaldið sé ekki „nema tvö brot, sem sagt er að séu leifar af hauskúpu dýrlingsins. ... Bein Þorláks helga hafa ýmist eyðst eða verið flutt í ýmsar áttir.“

Jafet telur sig hafa með segul- og viðnámsmælingum fundið steinhelluna í Þykkvabæ og vill fá ráðamenn til að kosta uppgröft á henni. „Svo fremi sem ekki hafi verið hróflað við hellunni stöndum við hugsanlega frammi fyrir einum merkasta fornleifafundi Íslandssögunnar,“ segir hann og bætir við að ef til vill kunni enn meiri verðmæti að leynast þarna undir „í formi dýrra helgigripa“. Þær vonir bregðast reyndar en undir steinhellunni finnst eigi að síður fremur fátæklegt skrín með léreftstusku og gulnuðu beini. Til stendur að senda beinið í aldursgreiningu en áður en af því getur orðið nær hundur einn, sem viðstaddur er uppgröftinn, hinum helga dómi af fornleifafræðingnum og hleypur með hann á brott út í myrkrið. Þegar rakkinn snýr aftur er hann auðvitað ekki með beinið lengur í kjaftinum og er óljóst hvort hann hafi brutt það eða grafið.

Eins og fram kom í málflutningi Kristjáns Albertssonar í síðasta kafla var „færslan“ á beinum Jónasar Hallgrímssonar ekkert einsdæmi. Unnt er að líta svo á að með upptöku á jarðneskum leifum stjórnmalaskörunga, hugsuða og listamanna og jarðsetningu þeirra í Þjóðargrafreitum eða -hýsum hafi ráðamenn víða um heim verið að laga trúarlega hefð kaþólsku kirkjunnar að hugmyndafræði hins nútímalega Þjóðríkis. Þjóðir,

rétt eins og (aðrir) trúarlegir söfnuðir, virðast þurfa á sínum dýrlingum að halda. Í óafgreiddu frumvarpi til laga um þjóðargrafreitinn á Þingvöllum kom fram að hann væri ætlaður „fyrir íslenska afburðarmenn, konur og karla“. Þar segir ennfremur að engan megi jarðsetja þar „nema liðin séu 25 ár frá andláti hans og a.m.k. 5 ár frá því að síðast var jarðsett í grafreitnum“. Það var með öðrum orðum gert ráð fyrir því að fram færi „færsla“ á hinum íslensku þjóðardýrlingum. Í rökstuðningi með þessu ákvæði sagði flutningsmaður, Jónas Jónsson frá Hriflu, að 25 ára reglan ætti að minnka líkur á því að kunningsskapur réði vali á hver vistaðist í þjóðargrafreitnum. Jónas vísaði í þessu sambandi til smæðar þjóðarinnar – „þar sem allir þekkjast“ – og bætti við að þar sem „líkbrennsla verði algengari bráðlega en verið hefur“ þá hafi þetta ekki svo mikla erfiðleika í för með sér – „jafnvel að grafa upp kistur er ekki heldur svo mjög erfitt“. Ólíklegt er að þingmaðurinn hafi talað hér af eigin reynslu en eins og fram kemur í skýrslu Matthíasar Þórðarsonar var uppgröfturinn á kistu Jónasar Hallgrímssonar í Kaupmannahöfn fremur vandasamur.

3

Í fimmta þættinum í leikriti Williams Shakespeare um Hamlet Danaprins reikar Hamlet ásamt Hóراسi inn í kirkjugarðinn á Helsingjaeyri. Þeir ganga fram á eldri mann sem er að taka gröf og prinsinn hneykslast á því að

grafarinn sé svo kærulaus andspænis dauðanum að hann syngi við vinnuna. Í fyrsta erindi söngsins kveðst grafarinn hafa á yngri árum haft meiri áhuga á að fást við kvenfólk „en flest sem gagn var að“, í öðru erindinu segir hann hins vegar að ellin hafi læðst aftan að sér „og fleygt mér útá haug og hæðzt / að hverri minni dád“. Í sömu svifum kastar hann hauskúpu upp úr gröfinni. Fjöldi grafreita í þessum kirkjugarði er ljóslega takmarkaður og nauðsynlegt að jarðsetja þá nýlátnu í eldri grafreitum. Skömmu síðar fleygir grafarinn upp annarri hauskúpu og syngur lokahendingar söngsins: „því fullvel hæf er hola í mold / að hýsa slíkan gest“. Þannig ratar frægasta hauskúpa bókmenntasögunnar í hendurnar á prinsinum unga.

Fyrir fáeinum árum var spurt í spurningaþætti í íslenska sjónvarpinu með hvaða orðum Hamlet ávarpaði hauskúpuna. Dómarinn í keppninni gaf rétt fyrir svarið „To be or not to be ...“ og spunnust blaðaskrif af þeim misskilningi. Raunin er sú að hugleiðing Hamlets um það að vera og ekki vera er fyrir í leikritinu, í fyrsta atriði þriðja þáttar. Leikarinn er þá einn á sviðinu en þegar hann handfjatlar hauskúpuna í fimmta þætti eru Hóras og grafarinn viðstaddir. „Hve lengi liggur maður í jörð áður en hann rotnar?“ spyr Hamlet grafarann og fær það svar að ef sá látni er ekki rotnaður áður en hann deyr endist hann átta eða níu ár. „Hérna er nú haus,“ bætir grafarinn við, „þessi haus hefur legið í jörð í tuttugu ár og þrem betur“. Hamlet er forvitinn að vita deili á hauskúpunni og bregður við þegar hann kemst að því að hún er af hirðfíflinu Jórik. Hann biður graf-

arann um að rétta sér höfuðið og flytur síðan ræðu sem gefur þekktustu hugleiðingum hans ekkert eftir:

„Æ veslings Jórik; ég þekkti hann, Hóras; taumlaus galgopi, og fyndinn svo af bar; hann hefur borið mig á bakinu þúsund sinnum; og nú, mig hryllir við að hugsa til þess, ég fæ velgju af því. Hér hengu varirnar, sem ég hef kysst, ég veit ekki hvað oft. Hvar eru nú háðglósurnar? ærslin? söngvarnir? öll þau leiftur af spaugi sem vöktu þrumandi hlátrasköll kringum borðið? Er ekki eitt eftir, til að hæðast að þínu eigin glotti? eilíf munnherkja? Gakktu þig nú til dyngju frúarinnar, og seg henni, að þótt hún maki sig þumlungs þykkum farða, þá eigi hún þennan fríðleik í vændum; komdu henni til að hlæja að því.“

Enda þótt Matthías Þórðarson hafi ekki skrifað neitt þessu líkt í skýrslu sína er eitt og annað í lýsingu hans sem minnir á reynslu Hamlets. Í stað Hórasar hafði Matthías danskan ljósmyndara sér til aðstoðar og í stað grafarans í leikriti Shakespeares sáu tveir eða fleiri starfsmenn kirkjugarðsins um jarðvegsvinnuna í Kaupmannahöfn. Augljósasta samsvörunin felst þó í því að í gröf Jónasar Hallgrímssonar, líkt og í gröf Jóríks, hafði verið jarðsett aftur og aftur með tiltölulega stuttu millibili.

Í grein sinni árið 1905 sagði Matthías að samkvæmt kirkjugarðsbókum hefði verið grafið í reit N. 1095 í annað sinn árið 1875 – voru þá jarðsettir „mangari einn að nafni Stryving og 4 ára piltur með“ – og í þriðja sinn árið 1898 – var þar þá grafinn „gestgjafi einn, Madsen að nafni“. Björn Th. Björnsson er augljóslega að vísa til

Þessara orða þegar hann gefur í skyn að Matthías kunni að hafa flutt með sér til Íslands bein Stryvings veðmangara eða Madsens veitingamanns. Matthías er ennþá nákvæmari í skýrslu sinni 1946, enda hafði þá enn fjölgað í grafreitnum. Þá segir hann að samkvæmt skýrslu kirkjugarðsstjórnarinnar hvíli þar, auk íslenska skáldsins, „grænmetiskaupmaðurinn Jacob Stryving og sonur hans“ (jarðaðir 25. apríl 1875), „veitingamaðurinn Adolf Chr. Madsen“ (jarðaður 1. júlí 1898) og „ekkjann Trine Madsen, fyrrum kona Adolfs Madsens“ (jörðuð 24. júlí 1907).

Vert er að vekja athygli á þeim ruglingi sem þarna verður á starfsheiti Stryvings. Matthías kallar hann mangara 1905 og grænmetiskaupmann 1946 en Björn gefur honum titil veðmangara 1990. Skrefið er svo stigið til fulls á allra síðustu árum þegar þeim Madsen veitingamanni virðist slegið saman og þeir gerðir að hinum danska slátrara. Reyndar virðist sem að þegar árið 1946 hafi sú saga komist á kreik að í kistunni væri danskur bakari og gengur sú útgáfa enn manna á milli. Þessi endalaus tilbrigði minna á þann útbreidda miskilning að Hamlet ávarpi höfuð Jóríks með orðunum: „To be or not to be ...“.

Uppgröftur Matthíasar í Assistentskirkjugarðinum tók á annan dag. Fyrri daginn fundust í öðrum hluta grafreitsins „brot af höfuðbeinum og leggjum drengsins, og brátt lærleggur og brot af fleiri beinum úr fullorðnum manni“ og í hinum hlutanum kistuleifar Madsens-hjónanna. Þegar lokfjalir þeirra höfðu verið teknar af, skrifar



Matthías, „og beinin hreinsuð nokkuð, var tekin ljósmynd af þeim í kistuleifunum, en þau síðan tekin upp og látin hver fyrir sig í körfu“.

Af myndinni að dæma voru höfuðkúpur hjónanna í svipuðu ásigkomulagi og höfuðkúpa Jóriks – þær hefur líklega mátt handleika og jafnvel spyrja hvað orðið hafi um varir þeirra, augu, bros og horfinn fríðleik. Öðru máli gegndi um Stryving-fedga sem höfðu legið aldarfjórðungi lengur undir grænni torfu og voru að meira eða minna leyti í brotum. Matthías þótti ekki taka því að mynda þá eftir fyrri daginn. Síðari daginn komu reyndar fleiri bein upp úr gröfinni – úr hægri og vinstri fótlegg og hægri handlegg – sem Matthías taldi víst að væru úr Jacob Stryving og hefðu orðið viðskila við hinn hluta beinagrindarinnar þegar gröf frú Madsen var tekin.

Undir lok fyrri dagsins, eftir að beinum Madsens-hjónanna hafði verið safnað saman í kórflu, voru kistuleifar þeirra teknar upp. Þá kom í ljós, skrifar Matthías, „lítið eitt undir kistu Adolfs Madsens vesturhlutinn, höfuðendinn, af þeirri kistu, er ætla mátti, að væri Jónasar. Hafði hún verið grafin alveg niður í malar- og sand-lag, sem var undir lagi af bláleir, er kistur Madsens-hjóna höfðu verið grafnar lítið eitt niður í.“ Síðari daginn hugaði Matthías nánar að þessum kistuleifum. Ástand þeirra var reyndar bágborið; „kistulokið hafði pressast nær því alveg að kistubotninum, en kistuhliðarnar stóðu á ská upp. Allar voru kistuleifarnar meyrar af fúa, og af lokinu vantaði vesturendann, og jafnframt flest höfuðbeinin, en fótaendann vantaði allan,“ segir í skýrslu Matthíasar. Í samræmi við þetta var innihald kistunnar fátæklegt. Þegar lokfjalirnar voru losaðar, skrifar Matthías, komu aðeins í ljós „leifarnar af fótleggjunum, lærleggir báðir og efri hlutar sköflunganna, og einnig nokkrar leifar af handleggjunum“. Það var allt og sumt.

Nú kann einhver að ætla að Matthías hafi orðið fyrir vonbrigðum með þessa sjón. En það er alls ekki víst. Það sem kom upp úr gröfinni var í góðu samræmi við spá Matthíasar frá 1905; kista skáldsins var raunar heldur heillegri en hann átti þá von á. Í ágúst 1946 hafði Matthías ennfremur skrifað meðmæli með bréfi Sigurjóns Péturssonar og Ásmundar Jónssonar til Ólafs Thors og sagðist þá telja vafa undirorpið, „áður en rannsókn legstaðarins hefir farið fram“ hvort jarðneskar

leifar Jónasar yrðu fundnar svo að fullvíst væri. Uppgraftarskýrsla Matthíasar ber því í raun vott um ánægju fræðimanns sem telur sig hafa náð settu marki: „Þar sem nú þessar kistu- og beina-leifar voru hinar einu, er varð vart í þessum grafreit, auk kistu- og beina-leifa Stryvings-feðga og þeirra Madsens-hjóna, virðast þær hljóta að vera kistu- og beina-leifar Jónasar Hallgrímssonar, sem þessi rannsókn var gerð til að finna, enda bendir lega þeirra í reitnum, það, að þær eru mikið austar en allar hinar, greinilega á það, að þær stafa frá fyrstu greftrun í honum, greftrun Jónasar Hallgrímssonar.“ Þjóðminjavörðurinn er með öðrum orðum sannfærður um að hann hafi fundið sinn Jórik, helga dóma íslenska þjóðardýrlingsins. En lokasönnunina skorti.

4

Meðal heimilda Birgis Thorlacius um beinamálið eru tvö sendibréf sem Sigurjón sendi Matthíasi Þórðarsyni til Danmerkur vikuna sem þjóðminjavörður vann að því að fá leyfi til að grafa upp bein Jónasar. Fyrri bréfið er dagsett 21. ágúst. Sigurjón ávarpar Matthías með orðunum „Kæri vin“ og segist vera farinn að telja dagana þar til hann sér til Matthíasar á höfninni í Reykjavík. Og hann bætir við: „Ég gleymdi alveg að segja þér að Jónas sagði: Matthías mun áreiðanlega sjá mín brotnu bein – það er merkið, m.a.“ Síðara bréfið er skrifað tveimur dögum síðar: „Bara fáein orð. Þú mátt

ekki kaupa vandaða kistu utan um bein Jónasar. Við höfum kistu hér til – sem ég kem með um borð á ytri höfn og hefur þú því bara góðan kassa. Hér eru menn ógurlega spenntir að heyra hvort þú finnur beinin. Jeg er í engum efa að alt fer vel.“

Bæði bréfin frá Sigurjóni kallast á við dýrlingahefðina. Það fyrra minnir á þær jarteinir sem gjarnan urðu í tengslum við færslur helgra dóma og hið síðara á þau skrín sem gerð voru utan um líkamsleifar dýrlinganna. Nægir að vísa til Þorláks sögu en þar er greint frá því að eftir andlát biskupsins hafi hann birst ýmsum samtíma-mönnum sínum í draumum sem allir bentu til helgi hans. Fjórum árum eftir andlátið dreymdi prest einn á Norðurlandi til dæmis að Þorlákur kæmi til sín: „Gef ég það ráð til [...] að menn leiti graftar míns að sumri og sé líkami minn úr jörðu tekinn, og ef nokkur þykja heilagleiks merki að verða þá geri menn um áheit og dags-hald við mig sem líkar.“ Næstu misseri vitnar fjöldi manna um að áheit á Þorlák séu allra meina bót og við upptöku beinanna fjölgar sannindamerkjunum um helgi hans um allan helming. Kemur meðal annars fram að margt stórmenni hafi verið viðstatt færslu hans og þess getið að flóð í ám hafi ekki hamlað för þeirra til Skálholts: „Vatnavextir voru miklir í þann tíma um allt land, en svo vildi guð, að það hefti einskis manns ferð til staðarins.“ Þá er þess getið að arftaki Þorláks, Páll biskup Jónsson, hafi nokkru eftir færsluna fengið nafn-kunnan gullsmið til að smíða fyrsta skrínið um helgan dóm Þorláks og setja yfir háaltari í Skálholtskirkju.

„Þar,“ segir í Þorláks sögu, „fá blindir sýn, daufir heyrn, krippingar réttast, líkþráir hreinsast, haltir ganga, vitstolnir og djöfulóðir fá fulla bót,“ og er þá aðeins fátt eitt talið.

Hér lýkur hins vegar samlíkingunni á milli dýrlingsins og Jónasar Hallgrímssonar. Þegar færslur þeirra eru bornar saman kemur í ljós að þær eru á ýmsan hátt andstæður. Ólíkt því þegar helgir dómar Þorláks eru teknir upp gengur allt á afturfótunum þegar Matthías Þórðarson kemur til Kaupmannahafnar 21. ágúst 1946. Þrátt fyrir að sendiráð Íslands hafi unnið að málinu í vikutíma er leyfi danskra stjórnvalda til upptöku beinanna enn ófengið. Matthías notar því tækifærið og bregður sér á ráðstefnu í Noregi næsta dag en þegar hann snýr aftur til Kaupmannahafnar 25. ágúst hefur ekkert nýtt gerst. Matthías skrifar í skýrslu sinni: „Er leyfið var enn ókomið næsta morgun, gekk jeg fyrir deildarforstjórann í kirkjumálaráðuneytinu og reyndi að flýta fyrir afgreiðslu leyfisins, fór á fund heilbrigðismálastjórans daginn eftir í sömu erindum, og næstu daga gekk jeg á fund annarra þeirra embættismanna, er málið heyrði undir.“ Það er ekki fyrir en um hádegisbil 30. ágúst, eftir níu daga dvöl erlendis, að Matthías fær leyfið loksins í hendur og getur snúið sér að verkefni sínu.

Sjálfur uppgröftur beinanna gengur ekkert verr en efni standa til nema þegar kemur að þeim jarteinum sem Sigurjón Pétursson hafði getið um í bréfi sínu – „Matthías mun áreiðanlega sjá mín brotnu bein“. Lík-

lega áttu þessi orð að vísa til þess að Jónas féll í stiga skömmu fyrir andlát sitt og hlaut opið fótbrot sem talið er að hafi dregið hann til dauða. En Matthías getur þess ekki í skýrslu sinni að annar sköflungurinn í meintri kistu Jónasar hafi verið brotinn og hinn heill. Slíkt hefði mátt skoða sem sönnun þess að þarna væru bein skáldsins „lifandi“ komin. Raunin var sú að báðir sköflungarnir voru brotnir og aðeins efri hluti þeirra varðveittur í gröfinni. Ástæðan var sú að fótaendann á kistuna vantaði allan, hann hafði verið stunginn af „er gerð hafði verið nyrðri gröfin í næsta grafreit austan við, árið 1930“. Ástand sköflunganna í kistunni gerði því hvorugt að sanna með óyggjandi hætti að þetta væru rétt bein, né að afsanna það.

Í ljósi vandræðanna sem fylgdu í kjölfarið má álykta að beinin sem Matthías flutti til Íslands hafi ekki notið æskilegrar blessunar. Framhald málsins var í sjálfu sér álíka kostulegt og skáldaða frásögnin af hundinum og lúnu beini Þorláks biskups í skáldsögu Helga Ingólfs-sonar. Í báðum tilvikum snúast góð áform upp í andhverfu sína, helgi dýrlingsins fer fyrir lítið.

4. kafli

Ódauðleikinn

1

Í skáldsögunni *Ódauðleikanum* rifjar Milan Kundera upp athöfnina sem efnt var til eftir að François Mitterrand hafði verið kosinn forseti Frakklands árið 1981. Margt fólk safnaðist saman fyrir framan Panþeonhofið í París og fylgdist með forsetanum þar sem hann gekk einn upp breiðar tröppur hofsins og hvarf inn um dyrnar. Þar inni, segir í skáldsögunni, var hann „í þungum þönkum og aleinn ef frá er talin ein kvikmyndatökuvél, hópur tókumanna og nokkrar milljónir Frakka sem [...] einblíndu á sjónvarpsskjáinn heima hjá sér“. Yfirlýst erindi Mitterrands inn í hofið var að leggja þrjár rósir á grafir þriggja einstaklinga sem hann hafði valið úr hópi þeirra sextíu og fjögurra mikilmenna úr sögu franska lýðveldisins sem þar hvíla. Raunverulegt erindi hans, eins og Kundera túlkar það, var aftur á móti að eiga stefnumót við ódauðleikann, eignast hlutdeild í mikilfengleika hinna látnu; „dauðinn og ódauðleikinn mynda þar óaðskiljanlegra elskenda, andlit hins lifandi rennur saman við andlit hins dauða og því verður hann ódauðlegur í lifanda lífi“.

Um það leyti sem ég las þennan kafla *Ódauðleikans* stóðu forsetakosningar fyrir dyrum í Bandaríkjunum. Bill Clinton var frambjóðandi demókrata og í sjónvarpsauglýsingum, þar sem ágæti hans var mært, birtist aftur og aftur svarthvítt myndskaið þar sem unglingurinn Clinton sást standa í hópi jafnaldra sinna og taka í hönd Johns F. Kennedy, þáverandi Bandaríkjaforseta. Þetta var mynd af því þegar óþekktur bandarískur unglingur snertir ódauðleikann; í samhengi kosningabaráttunnar var þetta mynd af því hvernig andlit hins lifandi rann saman við andlit hins dauða.

Kundera gerir greinarmun á tvenns konar ódauðleika, *litla ódauðleikanum* sem felst í minningu í huga þeirra sem þekkja eða þekktu viðkomandi einstakling persónulega og *stóra ódauðleikanum* sem felst í minningu í huga þeirra sem ekki þekktu hann. Kundera ræðir einnig um það sem hann kallar *hlálega ódauðleikann* en hann felst í því að vera frægur að endemum, píslarvottur seinheppni og niðurlægingar. Meðal fórnarlamba hlálega ódauðleikans sem Kundera nefnir er Tycho Brahe sem var mikilvirkur danskur stjörnufræðingur en er enn þekktari fyrir að hafa verið svo feiminn er hann sat kvöldverð keisaralegu hirðarinnar í Prag að hann „þorði ekki að fara á klósettið með þeim afleiðingum að hlandblaðran í honum sprakk“.

Fáum árum eftir að bandarískir sjónvarpsáhorfendur höfðu horft á svarthvíta myndskaiðið með þeim Kennedy og Clinton var hliðstætt myndskaið í lit sýnt aftur og aftur í sjónvarpi. Enn kom Clinton við sögu en hann

var nú kominn í spor hins ódauðlega forseta. Í hlutverki unglingsins var ung kona. Hún stóð í hópi aðdáenda forsetans með alpahúfu á höfði; ég man ekki hvort hún snerti Clinton eða lét sér nægja að veifa til hans. Veigameiri snerting hennar við ódauðleikann í bakherbergi í Hvíta húsinu var ekki fest á filmu en henni var lýst í smáatriðum við yfirheyrslur og sú lýsing birt í flestum fjölmiðlum veraldarinnar. Af þeim sökum varð þetta síðara myndskleið af unglingsnum og forsetanum myndin af því hvernig stóri ódauðleikinn getur breyst í hlállega ódauðleikann, eins og hendi sé veifað. Ástæða er til að hafa þetta í huga þegar beinamálið er annars vegar.

„Lokabáttur hins smánarlega skrípaleiks með „bein“ Jónasar Hallgrímssonar. Þingvallanefnd og hinir 32 greftruðu „jarðneskar leifar“ hans á Þingvöllum.“ Þannig hljóðaði fyrirsögnin að frétt *Þjóðviljans* um greftrun þjóðskáldsins í þjóðargrafreitnum 16. nóvember 1946. Líkt og í fyrri fréttum sínum af málinu gaf blaðið í skyn að eitthvað annað en „bein“ Jónasar hefði verið í kistunni og tengdi minningarathöfnina við samþykkt flugvallarsamningsins („hinir 32“). Í fréttinni sjálfri var hnykkt á síðara atriðinu þar sem sagði: „Úr kirkju báru útvaldir þingmenn úr liði hinna þrjátíu og tveggja kistuna og gengu fremstir Jónas frá Hriflu og Ólafur Thors.“ Meðal annarra kistubera var Bernhard Stefánsson, sá þingmaður Eyfirðinga sem reynt hafði að taka upp hanskan fyrir ættingja Jónasar Hallgrímssonar á þingi fáum vikum fyrr.

Halldór Laxness endurskrifar þessa frétt í lokakafli *Atómstöðvarinnar* en þar er því lýst þegar sveitastúlkan Ugly á leið framhá Dómkirkjunni og gengur fram á lík-fylgd. Stúlkan sér ekki betur en að þarna séu allir helstu stórhöfðingjar landsins saman komnir: „forsætisráðherrann og hinir ráðherrarnir, mæðiveikistjórinn, nokkrir alþingismenn, heildsalar og dómarrar, blýgrái sorglegi maðurinn sem gaf út blaðið, biskuparnir, lýsis-herslustjórinn. Þessi litli hópur sló hríng um forkunnar-fagra kistu, en undir henni gekk únginn úr þessu ein-valaliði, forsætisráðherra fremstur öðrumegin, en hinu-megin blýgrái sorglegi maðurinn sem hafði gefið út blaðið.“ Ugly bregður í brún þegar hún sér Búa Árland í þessum hópi.

Hvaða kenndir bærðust í brjósti hinna raunverulegu ráðamanna? Varla litu þeir svo á að þeir væru að þvo hendur sínar af flugvallarsamningnum, leggja lokahönd á útsmogið samsæri. Sumum þeirra kann aftur á móti að hafa fundist þeir vera í snertingu við ódauðleikann, með svipuðum hætti og Mitterrand í Panþeonhofinu í París. En niðurstaðan varð önnur, eins og mátti merkja á ummælum Ólafs Thors þegar hann sagði í þingræðu að þau atvik sem gerst hefðu eftir heimferð beinanna til Íslands væru „þjóðarskömm“. Ódauðleikinn hafði snúist upp í hlálega ódauðleikann, eins og hendi væri veifað.

Áhugi Íslendinga á beinamálinu fjaraði samt ekki út og virðist sjaldan hafa verið jafnmikill og síðustu miss-eri. Sumarið 2001 birtist löng grein um jarðneskar leifar

Jónasar Hallgrímssonar í íslensku tímariti. Höfundurinn var Ágúst Sigurðsson, prestur á sjötugsaldri sem ólst upp á Möðruvöllum í Hörgárdal í Eyjafirði, ekki langt frá fæðingarstað Jónasar Hallgrímssonar. Í grein sinni ræddi séra Ágúst um andlát Jónasar 1845, uppgröftinn á beinunum 1946 og þá rekistefnu sem varð þegar Sigurjón Pétursson flutti kistu skáldsins norður yfir heiðar. Enda þótt flestar staðreyndir málsins hefðu komið fram í blaðagrein Birgis Thorlacius 1990 og grein Ágústs væri sjálf unnin upp úr greinaflokki sem hann birti í íslensku dagblaði á árunum 1996 til 1997, vakti tímaritsgreinin töluverða athygli. Var fjallað um hana í fréttatíma íslenska Ríkissjónvarpsins og tekið langt viðtal við höfundinn í vinsælum þætti á sömu sjónvarpsstöð.

Sérstaða málflutnings Ágústs fólst í því að hann var viðstaddur þegar Sigurjón kom með kistu Jónasar að Möðruvöllum í Eyjafirði laugardaginn 5. október 1946. Faðir Ágústs, Sigurður Stefánsson, var þar þjónandi prestur. Erindi Sigurjóns var að fá séra Sigurð til að jarðsyngja beinin. „Var það tilkomumikil sjón,“ skrifar Ágúst, „í augum 8 ára drengs, sem gekk til dyra með móður sinni, þegar þessi stóri maður, blautur og ör, spurði hávær og ákveðinn eftir prestinum, um leið og hann smeygði sér úr víðri og þungri úlpunni.“ Séra Sigurður bar málið undir Friðrik J. Rafnar prófast á Akureyri og saman höfðu þeir samráð við sýslumann. Hann fékk hins vegar þær fyrirskipanir frá yfirvöldum í Reykjavík að koma í veg fyrir að skáldið yrði jarðsett

fyrir norðan og senda kistuna aftur suður. För Sigurjóns strandaði þannig á samviskusömum, norðlenskum embættismönnum.

Það sem vakti mestan áhuga fjölmiðla á tímaritsgrein Ágúst var að hann setur þar fram (eins og hann hafði reyndar þegar gert í blaðagreinum sínum meira en fimm árum fyrr) djarfa kenningu um afdrif beina Jónasar Hallgrímssonar. Hann telur í fyrsta lagi sýnt að Matthías Þórðarson hafi fundið legstað Jónasar í kirkjugarðinum í Kaupmannahöfn en líklega aðeins náð upp fót- og lærleggjum, mjaðmagrind, neðri hryggjarliðum og neðstu rifbeininum. Í öðru lagi virðist honum að Sigurjón hafi fjarlægt hluta af þessum beinum úr kistunni á meðan hann staldraði við á Möðruvöllum og búið svo um hnútana að þau yrðu eftir fyrir norðan þótt kistan sjálf færi aftur suður. „Leifar hins jarðneska vísindamanns og skáldsins, sem var ástmögur Íslands,“ fullyrðir Ágúst, „eru í tveimur löndum og þremur jurtagörðum herrans.“

Fyrri hluta kenningar sinnar rökstyður Ágúst með tilvísun til þeirra breytinga sem gerðar voru á skipulagi í Assistentskirkjugarði í Kaupmannahöfn eftir útför Jónasar 1845. Segir hann að kista skáldsins hafi ekki verið öll innan þess svæðis sem Matthías fékk leyfi til að raska. „Höfuðgaflinn var all langt inni undir næstu gróf vestan við. Þar var með öllu óheimilit að róta, en margra daga þóf hefði þurft til að fá útvíkkað uppgrafterleyfi. [...] Því náðust ekki jarðneskar leifar hans ofan brjóstmáls.“ Einnig telur Ágúst sennilegt að fætur

Jónasar og ýmis fúin smábein hafi týnst við síðari tíma jarðrask.

Síðari hluta kenningar sinnar byggir séra Ágúst aftur á móti á því sem hann sá og heyrði á æskuheimili sínu haustið 1946. Að kvöldi hins 5. október hafi bílnum með kistu Jónasar verið bakkað upp að húsvegg bæjarins á Möðruvöllum, fast við gluggann þar sem Ágúst og Björn bróðir hans sváfu. „Hefur Björn aldrei sagt, að hann yrði nokkurs var þessa dulu nótt,“ skrifar Ágúst. „Mér varð hins vegar ekki svefnsamt lengi nætur og var smeykur við þrusk og umgang, sem ég þóttist verða var utan við gluggann. Ekki þorði ég að bæra á mér eða tala um þetta við nokkurn lifandi mann að morgni, en óneitanlega leitaði þetta á hugann, þegar Sigurjón var hinn hressasti, jafnvel kátur, er hann kvaddi og gaf móður minni í þakkar skyni Álafossvoðina vel stóru, sem hann hafði sér til hagræðis og hita í bílnum.“ Umgangurinn utan við gluggann og gleðibragðið á Sigurjóni, „sem eigin mistök og óttafull embættislotning og valdsmannahræðsla annarra höfðu svipt allri von kvöldið áður“, gefur Ágústi tilefni til að álykta að iðnrekandinn hafi laumast í kistuna um nóttina og náð sér í brot af skáldinu; brot af sjálfum ódauðleikanum. „Af litlu var að taka, öklabrotni leggurinn vísast látinn nægja.“

Röksemdirnar fyrir þeirri kenningu að bein Jónasar séu á þremur ólíkum stöðum eru misjafnlega traustar. Fyrri hluti hennar – að drjúgur hluti af líkamsleifum skáldsins hafi orðið eftir í Kaupmannahöfn og hluti

farið til Íslands – kemur í grundvallaratriðum heim og saman við uppgraftarskýrslu Matthíasar Þórðarsonar Þjóðminjavarðar sem fjallað var um í síðasta kafla. Síðari hluti kenningarinnar – að Sigurjón Pétursson hafi tekið hluta af beinunum úr kistunni á Möðruvöllum og látið jarðsetja fyrir norðan – er hins vegar byggður á hreinum getgátum, enda gaf séra Ágúst til kynna í áður nefndu sjónvarpsviðtali að þarna hefði hann látið skáldlegt hugarflug ná tókum á sér. Jafnvel þótt hann hafi heyrt þrusk fyrir utan svefnherbergisglugga þeirra bræðra aðfaranótt 6. október árið 1946 og vírst Sigurjón grunsamlega kátur næsta morgun er ekki þar með sagt að hluti af beinum Jónasar Hallgrímssonar hvíli á Norðurlandi og hluti í Þjóðargrafreitnum á Þingvöllum. Á því virðast jafnvel vissir meinbugir.

Í fyrsta lagi voru útlímirnir í kistunni tæplega í því ásigkomulagi að hægt væri að grípa þá með sér með þeim hætti sem Ágúst lýsir. Matthías Þórðarson segir í uppgraftarskýrslu sinni að meintar beinaleifar Jónasar í gröfinni í Kaupmannahöfn hafi verið „svo meyrar, að þær urðu ekki teknar upp, hvert ein fyrir sig“. Af þessum sökum lét Matthías fara með járnvir undir kistubotninn, „til þess að losa hann við leirinn, sem hann var þrýstur ofan í,“ og smokra síðan þunnri krossviðarplötu þar á milli. Með þeim hætti var kistubotninn með beinaleifunum tekinn upp úr gröfinni, „og síðan þær trjeleifar, sem fundust af loki og hliðum kistunnar, og yfirleitt allar leifar af henni og þeim beinum, sem verið höfðu í henni í fyrstu og komið höfðu í ljós við rann-

sóknina“. Ef Sigurjón hefur fjarlæggt eitthvað úr kistunni á Möðruvöllum hefur það verið eins konar duft, líkt þeim leir sem Halldór Laxness lýsir í *Atómstöðinni*; blanda af beinamulningi, mold og fúnum viði.

Í öðru lagi er vitnisburður séra Ágústs í tímaritsgreininni ekki fyllilega samhljóða því sem hann lét hafa eftir sér um þetta efni þegar ég ræddi við hann í áður nefndum útvarpsþætti árið 1996. Þá minntist hann hvorki á þruskið fyrir utan gluggann né gleðibragð Sigurjóns á sunnudagsmorgninum. Hann lýsti hins vegar nákvæmlega með hvaða hætti bílnum með kistu Jónasar var lagt við bæjarhúsin á Möðruvöllum á laugardagskvöldinu, „eins og enn er gert ef það er dýrmætur varningur á vöruflutningabílum stórum eða smáum, þá er honum bakkað alveg fast upp að vegg, staur eða einhverju, þannig að ekki sé hægt að komast inn á eða upp á pallinn“. Síðan bætti Ágúst við: „Og mér er alveg sérstaklega minnisstætt – af því einhverra hluta vegna komst ég að því hvað þarna væri á seyði, að minnsta kosti snemma á sunnudagsmorgninum – að þá voru bein Jónasar Hallgrímssonar ... þá höfðu þau verið á bílpallinum fyrir utan gluggann á barnaherberginu, herbergi okkar drengjanna, eina nótt og þótti mér í mörg, mörg ár, jafnvel enn, býsna merkilegt og töluverð reynsla og forfrömun og fylgdi þessu svo mikill alvarleiki, fyrir utan leyndina og svo tragedíuna sem þá upphófst.“

Ég hef auðvitað engar forsendur til að draga barnsminni Ágústs í efa en mér þykir að kenning hans um að

hluti beina Jónasar hvíli á Norðurlandi beri keim óskadraumsins. Ágúst er aðeins átta ára gamall þegar hann – líkt og Ugly í *Atómstöðinni* – kemst í óbeina snertingu við ástsælasta skáld þjóðarinnar. Minningin um þetta návígi, þetta stefnumót við ódauðleikann, fylgir honum ævilangt. „Hálfur sjötti áratugur,“ skrifar hann í grein sinni: „Fyrir innri eyrum skynja ég enn skrífið utan við gluggann.“ Í raun er um að ræða minningu sem líkist myndskreiðinu af Clinton og Kennedy. Munurinn er sá að Ágúst er nú á fullorðinsárum ekki kominn í spor hins ódauðlega mikilmennis heldur föður síns, skyldurækna prestsins sem stóð í vegi fyrir að ódauðleikinn ílentist meðal Norðlendinga. Grein Ágústs er eins konar tilraun til að bæta fyrir þau mistök og jarðsetja skáldið fyrir norðan, þrátt fyrir allt.

2

Í fyrri hlutum þessarar skýrslu hef ég drepit á áhuga einstaklinga, fyrirtækja, stjórn málaafra og ríkisvalds á að ráða yfir einstökum menningarfyribærum og heimfært upp á átökin um bein Jónasar Hallgrímssonar. Hér má einnig minna á deilur ólíkra þjóða um eignarréttinn yfir einstökum listamönnum eða menningarafurðum. Um árabíla hafa Norðmenn til að mynda fjárfest markvisst í nöfnum Leifs Eiríkssonar og Snorra Sturlusonar en á síðari árum höfum við Íslendingar viljað fá hlutdeild í arði þeirra fjárfestinga og jafnvel sakað Norðmenn um að

reyna að stela af okkur þessum tveimur heiðursmönnum. Ekki síður athyglisverð eru þau menningarlegu átök sem kalla má landfræðileg og snúa að eignarrétti tiltekinna héraða eða sýslna á tilteknum þáttum íslenskrar menningar. Í þessu sambandi langar mig að víkja stuttlega að eigin rannsóknum á þeim deilum sem urðu um útgáfu íslenskra fornrita stuttu áður en beinamálið komst í háamæli.

Í árslok 1941 voru samþykkt lög á Alþingi sem kváðu á um að íslenska ríkið hefði eitt rétt til þess að gefa út íslensk rit samin fyrir árið 1400. Forsenda laganna var að þessi bókmenntaverk, líkt og fiskimiðin umhverfis landið, væru sameign allra landsmanna og var talið æskilegt að hið opinbera færi með þennan eignarrétt fyrir hönd þegnanna. Ekki var þar með sagt að ríkið ætti eitt að annast útgáfu alls bókmenntaarfsins. Rétt eins og sjávarútvegsráðuneytið annast úthlutun á veiðikvóta var kennslumálaráðuneytinu heimilt að veita einkaaðilum leyfi til útgáfu einstakra verka. Mátti binda leyfið því skilyrði að fylgt yrði sérstakri stafsetningu.

Kveikja málsins var blaðafregn þess efnis að Ragnar Jónsson bókaútgefandi hefði í hyggju að gefa út stytta útgáfu af Laxdæla sögu með nútímastafsetningu og myndi Halldór Laxness annast verkið. Þá hafði um skeið tíðkast að gefa fornritin út með stafsetningu sem átti að samræma rithætti elstu handrita. Áform Ragnars vöktu hörð viðbrögð, fyrst í dagblöðum en síðar á þingi, og lýstu menn yfir áhyggjum af yfirvofandi

skrumskælingu Halldórs á fornritunum. Eiginlegt markmið laganna var að koma í veg fyrir boðaða útgáfu af Laxdælu en þeir Ragnar og Halldór og Stefán Ögmundsson prentari brugðust skjótt við og tókst að gefa söguna út áður en lögin voru samþykkt. Ári síðar gáfu þeir Hrafnkels sögu út í trássi við lögin og voru dæmdir í undirrétti fyrir tiltækið. Var þeim gert að gjalda fjársektir eða sitja hálfan annan mánuð bak við lás og slá. Þeir áfrýjuðu dómnum til Hæstaréttar á þeirri forsendu að umrædd lög stönguðust á við stjórnarskrána. Á meðan málið var til meðferðar vorið 1943 tókst þeim félögum að fá leyfi hjá Einari Arnórssyni kennslumálaráðherra (fyrrverandi tengdaföður Halldórs) til að gefa út Njáls sögu. Þingmenn brugðust að þessu sinni við með því að samþykkja þingsályktun þar sem mælst var til að Bókautgáfa Menningarsjóðs og Þjóðvinafélagsins, sem var eins konar ríkisforlag, sendi frá sér aðra útgáfu af sögunni, til höfuðs útgáfu þeirra þremmenninga.

Að þingsályktunartillögunni stóðu þrír þingmenn, þeir Helgi Jónasson, Ingólfur Jónsson og Sveinbjörn Högnason. Í álitargerð með tillögunni sögðu þeir meðal annars: „Við sem Njálu unnum, viljum með þessari þingsályktun sjá svo um, að þjóðinni gefist kostur á að eignast hana í ódýrri og vandaðri útgáfu, þar sem ekki finnst fingraför þeirra manna, sem allt vilja draga niður í sorpið og jafnvel þyrma ekki okkar dýrmætustu listaverkum eins og Njálu frá þeim örlögum.“ Myndmálið gefur til kynna að verið sé að fordæma freklega saurgun hreinnar meyjjar. Svipaðar hugmyndir voru reyndar á

kreiki 1941 þegar fornritalögin voru upphaflega samþykkt en þá sagði Jakob Möller fjármálaráðherra að lagafrumvarpið væri flutt af mönnum „sem skoða fornritin sem helgan dóm, sem ekki megi misbjóða“. Orðalagið er athyglisvert í ljósi umræðunnar um helga dóma Jónasar Hallgrímssonar.

Í umræðum um fornritalögin árið 1941 tók Þorsteinn Þorsteinsson þingmaður og sýslumaður í Dalasýslu til máls og sagði álit sitt á nýútkominni útgáfu Halldórs Laxness á Laxdælu. „Það sýslufélag, sem ég er við riðinn, hefur nú orðið fyrir því óláni að fá megin sögu sína, Laxdælu, gefna út með nýmóðins stafsetningu, formála-, registurs- og skýringarlausa og alla meira eða minna skrumskælda.“ Þorsteinn kvaðst styðja frumvarpið um einkarétt ríkisins á útgáfu fornra rita svo fleiri héruð landsins lentu ekki „í sama foraðinu“. Málflutningur sýslumannsins vekur athygli á að þótt litið væri á fornritin sem þjóðareign gerði fólk í byggðum landsins sérstakt tilkall til þeirra Íslendingasagna sem tengdust heimaslóðum þess. Svo enn sé vísað í kvótakerfið í sjávarútvegi virðast menn hafa gengið út frá tilteknum byggðakvóta þegar kom að einstökum sögum. Til frekari staðfestingar má benda á að þremmenningarnir sem mæltu fyrir útgáfu hins opinbera á Njáls sögu árið 1943 voru allir búsettir í Rangárvallasýslu, á sögusviði sögunnar á sunnanverðu Íslandi. Án þess að slíkt hafi verið sagt berum orðum má ætla að afskipti þessara þingmanna af málinu hafi helgast af hagsmunum umbjóðenda þeirra og nágretta heima í héraði.

Hægt er að líta á ferðalagið með kistu Jónasar norður yfir heiðar 1946 sömu augum en það er jafnvel enn nærtækara að vitna til nýlegra blaðskrifna um æskileg kaup íslenska ríkisins á fæðingarstað Jónasar, Hrauni í Öxnadal. Þessi umræða spratt upp í kjölfarið á kaupum ríkisins á húsi Halldórs Laxness í Mosfellsdal en einnig hefur verið bent til hliðsjónar á eignarhald ríkisins á Skriðuklaustri á Austurlandi, sem fyrrum var heimili skáldsins Gunnars Gunnarssonar. Á Skriðuklaustri er nú starfrækt sérstök Gunnarsstofnun sem heimamenn og menntamálaráðuneytið standa að í sameiningu.

Óskir um sambærilega stofnun kennda við Jónas Hallgrímsson, sem hefði aðsetur að Hrauni, eru settar fram í nýlegri blaðgrein eftir Benedikt Guðmundsson, forstöðumann þróunarsviðs Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar. Þar er skorað á ríkisvaldið að kaupa jörðina þar sem hún sé nú til sölu og bent á hvílíkt áfall það yrði fyrir unnendur Jónasar „ef jörðin kæmist í eigu aðila sem ekki sýndu minningu skáldsins tilhlýðilegan sóma“. Lagt er til að komið verði þarna á fót „Jónasarmiðstöð þar sem saga skáldsins og verk yrðu sýnileg almenningi og sköpuð skilyrði til náttúru- og fræðirannsókna“. Að verkefninu geti, auk ríkisins, komið félög rithöfunda og náttúrufræðinga, háskólastofnanir og heimamenn.

Í grein Benedikts kemur fram að þegar sé til áhuga-hópur um framgang málsins en að baki búa hugmyndir um menningartengda ferðaþjónustu sem hafa haft mikil áhrif hér á landi undanfarin ár, ekki síst í dreifbýli. Mörg byggðarlög eru, með fjárhagslegum stuðningi rík-

isins, að þróa verkefni af svipuðu tagi sem tryggja eignarhlut þeirra í tilteknum sviðum íslenskrar menningar. Svo vísað sé í sjávarútveginn má líkja áskorun Benedikts við óskir íslenskra sjávarplássu fyrir á árum um ríkisstyrki til kaupa á stórum fiskiskipum. En það má allt eins minna á endurteknar kröfur Þykkvabæjar-klausturs á miðöldum um hlutdeild í helgum dómum Þorláks biskups helga. Að baki búa fjárhagslegir, ekki síður en menningarlegir, hagsmunir.

3

Í útvarpsþættinum árið 1996 rifjaði Friðjón Skarphéðinsson, fyrrverandi sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, upp afskipti sín af beinamálinu. Eftir því sem hann mundi best var það ekki fyrir en aðfaranótt 6. október 1946 að hann fékk fyrstu fregnir af því. Hann sagðist hafa vaknað milli klukkan fjögur og fimm við símhringingu frá formanni Þingvallanefndar, Jónasi Jónssyni frá Hriflu, sem hafi kynnt sig og sagst eiga undarlegt erindi: „Það var nefnilega stolið líki í gær, hér í Reykjavík. Og það er gert ráð fyrir að það verði flutt norður, norður í Eyjafjörð,“ sagði Jónas. Friðjón kvaðst hafa átt bággt með að trúa þessum fréttum, enda erfitt að sjá í hvaða tilgangi líkum sé stolið. Þá hafi þingmaðurinn bætt við: „Þetta eru jarðneskar leifar Jónasar Hallgrímssonar sem eru nýkomnar til Íslands, úr Assistentskirkjugarðinum í Kaupmannahöfn, í sumar sem leið. Og það mun vera

óviðkomandi maður sem tók beinin eða jarðneskar leifar Jónasar og stal þeim beinlínis og flutti norður, með það fyrir augum að jarða þær þar. En nú er búið að ákveða að jarða beinin í kirkjugarðinum á Þingvöllum og það stendur. Því verð ég að biðja þig umsvifalaust að ná beininum á þitt vald og senda þau svo suður, strax aftur, án nokkurra umsvifa.“

Frásögn Friðjóns stangast í tveimur veigamiklum atriðum á við vitnisburð séra Ágústs Sigurðssonar í áðurnefndri tímaritsgrein:

(1) Samkvæmt Ágústi höfðu séra Sigurður Stefánsson og Friðrik J. Rafnar prófastur Eyfirðinga farið til Akureyrar á fund Friðjóns kvöldið áður, laugardagskvöldið 5. október, og þar verið ákveðið að beinin yrðu ekki jörðuð fyrir norðan. Samkvæmt Friðjóni hófust afskipti hans af málinu ekki fyrr en á sunnudagsmorgninum, eftir símtalið frá Jónasi frá Hriflu. Þá fyrst hafi séra Sigurður hringt til sín og sagt að hjá sér á Möðruvöllum væri „kista utan um jarðneskar leifar Jónasar Hallgrímssonar“.

(2) Samkvæmt Ágústi hafði Sigurjón frá upphafi í hyggju að grafa bein skáldsins á Bakka í Öxnadal en fann ekki akfæra brú yfir að kirkjunni í myrkrinu þegar hann kom með beinin að sunnan. Þess vegna hafi iðnrekandinn leitað til séra Sigurðar á Möðruvöllum; það hafi verið hans stóru mistök. Samkvæmt Friðjóni sagði séra Sigurður honum í símann að Sigurjón hefði viljað láta jarða beinin á Möðruvöllum, og „vildi hann hraða þessu. Nema séra Sigurður bendir á ... eða sagði mér það

að hann hefði bent á að það væri ekki eðlilegt að jarða hann á Möðruvöllum því að Möðruvellir væru ekki í hans [Jónasar] kirkjusókn, eða hefðu verið, heldur væri það Bakki í Öxnadal og þar færi vel á að jarða þessar leifar, dánarleifar Jónasar.“

Þriðji vitnisburðurinn um rás þessara atburða er blaðaviðtalið við Sigurjón Pétursson sem tekið var fáum dögum eftir sögulega ferð hans með kistuna norður. Þar sagðist Sigurjón hafa skrifað séra Sigurði á Möðruvöllum snemma hausts 1946 og tjáð honum „að hann gæti átt mín von. Og nú fór ég beint norður að Möðruvöllum og þaðan til Akureyrar er ég hafði rætt við prest. Á Akureyri hitti ég Björgvin Guðmundsson [tónskáld] og bað hann að aðstoða.“ Sigurjón kveðst síðan hafa komið aftur að Möðruvöllum um kvöldið og þá hafi séra Sigurður óskað eftir því „að engin greftrun færi fram að svo stöddu og ég skildi kistuna eftir að Bakka. Um þetta urðum við ásáttir.“ Ekki ber á neinni biturð í þessari frásögn, orðalagið *að svo stöddu* gefur til að kynna að Sigurjón hafi á þessari stundu verið vongóður um að lyktir málsins yrðu að sínu skapi. Hann hafi, með öðrum orðum, ekki haft neina ástæðu til að taka hluta af beinum Jónasar úr kistunni þessa nótt.

Öllum heimildum ber saman um að kistan hafi verið flutt upp í Öxnadal á sunnudeginum 6. október. Þegar ég vann að áðurnefndum útvarpsþætti hitti ég meðal annarra Halldór Kristjánsson en árið 1946 var hann bóndi á bænum Steinsstöðum sem stendur á mótis við kirkjuna á Bakka, hinum megin við Öxnadalsá. Halldór

kvaðst hafa frétt í gegnum sveitasímann að bein Jónasar Hallgrímssonar væru komin norður – „maður heyrði ef hringt var, ef hringt var á einn bæ þá hlupu allir til að hlusta“. Hann fylgdist þess vegna vel með mannaferðum þennan sunnudag. Hann varð þess var að vörubíll kom upp dalinn og nam staðar á móts við göngubrúna. „Ég sé mennina þegar þeir fara yfir brúna og út í Bakka, það sá ég heimanað.“ Þarna voru á ferð Sigurjón og bílstjóri hans, ásamt séra Sigurði á Möðruvöllum. Þór Þorsteinsson bóndi á Bakka tók á móti þeim og kistunni. „Bóndinn og ég bárum hana yfir Öxnadalsá á göngubrú hjá Þverá,“ sagði Sigurjón í blaðaviðtalinu. „Þegar hún var borin í kirkjuna var klukkum hringt. Síðan kom ég fyrir tveimur íslenskum fánum hjá kistunni og kvaddi Jónas með stutttri ræðu.“

Ég hef þegar vitnað til ræðu Sigurjóns en tel ástæðu til að birta hana hér í heild þar sem hún kallast að nokkru leyti á við fund Mitterrands Frakklandsforseta með frönsku stórmennunum í Panþeon í París árið 1981. Bakkakirkja er að vísu aðeins lágrest timburhús með þröngu anddyri og engum turni. Hvít kista Jónasar var lögð niður vinstra megin við altarið undir litlum glugga og var fánunum sem Sigurjón hafði haft meðferðis stillt upp báðum megin við hana. Þarna voru engar sjónvarpsmyndavélar en nokkrir bændur úr Öxnadal voru viðstaddir þegar Sigurjón tók blöð upp úr vasa sínum og las:

„Vinur, Jónas Hallgrímsson skáld! Þar sem að við erum hér staddir – ég til þess að kveðja þig, en þú til

Þess að dvelja hér um ókomin ár – þá langar mig til þess að þakka þér fyrir öll þín unaðslegu ljóð, er þú ortir og gafst öllum Íslendingum, sem eftir þig lifa. Það er fyrir ást mína á þessum þínum fögru ljóðum um ættjörðina, að ég hefi flutt þig hingað heim, og fyrir það, að ég trúði þér, þegar þú komst til mín og baðst mig um að hjálpa þér heim úr útlegðinni.

Ég fann þrá þína til heimkynna þinna – til þinna bernsku heimkynna – hingað, þar sem þú fæddist – hingað, þar sem þú sleizt þínum barnsskóm – hingað heim, þar sem þínir bernsku draumar eru – hingað heim, þar sem foreldrar þínir hvíla. – Vertu velkominn. Vertu hjartanlega velkominn.

Hér á þessum stað vona ég, að bein þín fái að hvíla í friði og sameinast þeirri mold, sem þú þráðir – og hefir þráð í 101 ár – eitthundrað og eitt ár. – Ég veit það, að það er hvergi nema hér, sem þú getur unað þér til fulls. – Það er aðeins hér á þessum stað, sem þú nýtur þess unaðar, er hin langþráða mold getur veitt þér um ókomin ár og aldir.

Með þökk fyrir allt það, sem þú hefir gert fyrir mig, – og það sem þú hefir gert fyrir íslenzku þjóðina, fyrir öll ljóðin þín, – sem allir sannir Íslendingar elska. Þeir hafa flestir drukkið þau inn í sig með móðurmjólkinni. Ég flyt þér hérmeð mitt dýrasta þakklæti, og bið Guð að blessa þig um ókomin ár og aldir. Friður Guðs sé með þér að eilífu. Amen.“

Að lokinni ræðunni las Sigurjón faðirvorið. Séra Sigurður hélt líka stutta ræðu, þakkaði iðnrekandanum

afhendingu kistunnar og viðstaddir bændur úr Öxnadal vottuðu að þeir hefðu veitt henni viðtöku. „Þá var klukkan ellefu,“ sagði Sigurjón í viðtalinu. „Drukkum við síðan kaffi, og virtust mér bændur glaðir. Við séra Sigurð sagði ég: „Þú átt að kasta rekunum á Jónas Hallgrímsson – þú ert prestur á þessum stað.“ Að svo búnu kvaddi ég og hélt til Reykjavíkur.“ Samkvæmt þessari lýsingu kveður Sigurjón Pétursson Öxnadal um hádegi á sunnudeginum í þeirri trú að bein Jónasar séu komin í öruggar hendur og að „allt fari vel“.

„Síðan gerist það,“ sagði Friðjón sýslumaður í útvarpsþættinum, „að ég fer út að Möðruvöllum, tala við Sigurð um þetta og hann er í sannleika sagt ekki frá því að það sé rétt að gera þetta.“ Úr varð að séra Sigurður kallaði sóknarnefnd Bakkasóknar til fundar með sýslumanni síðdegis. Þar var heitt í mönnum. Friðjón sagði ákveðið að jarða skáldið á Þingvöllum, sóknarnefndarmenn vildu ekki heyra það nefnt. „Þetta er komið hingað og það fer vel á því að hann sé jarðaður hérna, líkamsleifar hans,“ sagði einn þeirra. „En ég vissi náttúrulega að slíkt gat ekki átt sér stað,“ sagði Friðjón, „mátti ekki eiga sér stað, ég varð að halda á málstað ríkisstjórnarinnar og gerði það eins og ég gat og síðan lauk fundinum þannig að ég skyldi koma daginn eftir fram á Bakka og ætlaði þá að sækja kistuna.“ Ef óhætt er að trúa þessum orðum er það sýslumaður sem tekur af skarið, síðdegis á sunnudeginum, með að bein Jónasar skuli suður hvað sem tautar og raular.

Beinamálið er Öxndælingum ofarlega í huga næstu

daga. „Það var mikið rætt og allir náttúrlega á einu máli um að kistan færi ekki suður,“ sagði Gestur Sæmundsson bóndi á Efstalandi í Öxnadal í útvarpsþættinum 1996. Sýslumaður og ríkisstjórnin féllust að lokum á þá málamiðlun að kistan fengi að standa uppi á Bakka í vikutíma þannig að Norðlendingar gætu kvatt skáldið sitt í hinsta sinn með viðeigandi hætti. Í millitíðinni sendi sóknarnefnd Bakkakirkju biskupi Íslands áskorun um að láta grafa skáldið fyrir norðan og tóku íslenskir rithöfundar og náttúrufræðingar undir þau sjónarmið í sameiginlegri yfirlýsingu vegna málsins. Þessum óskum var sýnað en svo virðist sem Norðlendingar hafi fram á síðustu stundu vonað að koma mætti í veg fyrir flutning beinanna aftur suður.

Bernharð Stefánsson, þingmaður Eyfirðinga, skrifar í sjálfsævisögu sinni að þegar hann hafi komið að Bakka til að vera viðstaddur minningarathöfnina um Jónas hafi ýmsir bundið vonir við að hann stæði fyrir „uppreisn Öxndælinga og við mundum grafa kistuna með valdi þar í kirkjugarðinum“. Slíkt var þó fjarri Bernharð, enda taldi hann að nóg væri komið af óhöppum í sambandi við beinin. „Hitt er svo annað mál, að ef eg hefði skorað þarna á Öxndælinga að fylgja mér og grafa kistuna þarna, hefðu þeir gert það.“ Norðlendingar voru, með öðrum orðum, reiðubúnir að verja byggðakvóta sinn í íslenskri menningu, en þingmaður þeirra áttaði sig á að slíkt hefði líklega aðeins gert illt verra.

Heimamenn sátu því eftir með sárt ennið og óbragð í munnum eins og merkja má af fréttaskýringu Akur-

eyrarblaðsins *Dags*: „Þeir 70–80 gestir, er voru viðstaddir minningarathöfnina að Bakka þennan fagra haustdag, gengu hrærðir í huga úr kirkju. Flestir munu hafa fundið til þess þá, sárar en áður, eftir hina einföldu og minnisverðu athöfn, sem efnt var til af bændum og alþýðufólki, hversu þungbær var sú ábreiða yfirdrepskapar og eigingirni, er valdamenn suður á Seltjarnarnesi, höfðu lagt yfir heimkomu skáldsins og tilfinningar fólksins. Og þó mundi ekki nógu mikið að gert. Hinn næsta dag skyldu „fógetans menn“, í krafti sunnlenskra fyrirskipana, aka vögnum sínum að Bakka og taka málið í sínar hendur.“

Að kvöldi sunnudagsins 13. október, eftir að minningarathöfninni um Jónas var lokið, ók sýslumaður ásamt tveimur lögreglumönnum á vörubíl frá Akureyri að Bakka. Enn fylgdist Halldór á Steinsstöðum með úr fjarlægð. „Ég man það að þeir voru komnir þarna um klukkan átta, ég var rétt byrjaður í fjósinu og sá þetta bara heiman að.“ Sýslumaður hitti Þór bónda á Bakka sem hafði lykлавöld að kirkjunni. Gestur á Efstalandi hefur eftir Þór „að það hefði verið eitt sitt versta verk að afhenda sýslumanni kirkjulykilinn, því það munaði litlu bara að það yrði varið af sveitungum“. Halldór sá hvar lögreglumennirnir sóttu kistuna og fóru með vörubílinn niður á bakkann og báru hana yfir ána. „Og þá,“ sagði hann, „var það náttúrlega búið allt saman, þetta á Bakka.“ Norðlendingar sáu á bak skáldi sínu, ódauðleikinn var hrokkinn úr hendi þeirra.

4

Ólíkt ýmsum öðrum sem koma við sögu helgast afskipti Sigurjóns Péturssonar af beinamálinu ekki af lönguninni til að snerta ódauðleikann. Þau virðast þvert á móti vera afleiðing slíkrar snertingar, ávöxtur áralangs sambands Sigurjóns og fleiri Íslendinga við sál skáldsins úr Öxnadal. Þetta samband má rekja aftur til upphafs spíritismans á Íslandi en eins og Bjarni Guðmarsson og Páll Ásgeirsson rifja upp í riti um þá andlegu hreyfingu stefndi allt í að hún lognaðist út af strax á fyrsta starfsári sínu 1905 þegar fyrsti íslenski miðillinn, Indriði Indriðason prentnemi, fékk heimsóknir að handan frá framliðnum afabróður sínum, Konráði Gíslasyni. Ein afurð þeirra heimsókna var bréf sem miðillinn skrifaði með ósjálfráðri skrift þar sem Konráð lofaði íslenskum áhugamönnum um spíritisma dásamlegum fyrirbrigðum að handan svo fremi sem þeir héldu áfram að hittast. Varð bréfið til þess að stofnað var svonefnt Tilraunafélag í Reykjavík að fyrirmynd breska sálarrannsóknarfélagsins en eitt af meginmarkmiðum þess var augljóslega að afla sannana um ódauðleika sálarinnar.

Konráð er einna þekktastur fyrir að hafa staðið að útgáfu tímaritsins *Fjölnis* í Kaupmannahöfn á fjórða og fimmta áratug nítjándu aldar ásamt þeim Tómasi Sæmundssyni, Brynjólfi Péturssyni og títtnefndum Jónasi Hallgrímssyni. Konráð var auk þess merkur málfræð-

ingur, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla og útgefandi íslenskra fornrita. Hann var ekki síður atkvæðamikill á fundum Tilraunafélagsins fyrstu árin þar sem hann skipaði fundarmönnum til sætis og stjórnaði síðan dagskránni í gegnum Indriða frænda sinn. Framan af einkenndust fundirnar af því að húsgögn færðust úr stað, högg og smellir heyrðust úr hornum og ljós glömpuðu að handan og það kom einnig fyrir að annar handleggur miðilsins hvarf á miðjum fundi. Árið 1906 höfðu þeir Konráð og Indriði síðan milligöngu um lækningar utan úr eilífðinni en svo óheppilega vildi til að helsti sjúklingur þeirra gaf upp öndina í miðri meðferð.

Um líkt leyti komst sautján ára skólapiltur, Guðmundur Jónsson, í sviðsljós Tilraunafélagsins þegar hann kynnti fyrir félagsmönnum ævintýrið „Kærleiksheimilið“ sem hann sagðist hafa ritað með ósjálfráðri skrift. „Höfundur kvaðst vera það góða listaskáld, Jónas Hallgrímsson,“ skrifa Bjarni og Páll Ásgeir í áður nefndu riti og bæta við: „Á næstunni gerði Jónas sér iðulega ferð í penna Guðmundar skólapilts ýmist til að koma áleiðis tækifærisvísunum eða ævintýrum, en stundum einungis hlýjum orðum og heilræðum til Tilraunafélagsmanna, svo sem að brýna fyrir þeim að gleyma aldrei kærleikanum í sannleiksleit sinni, því að þótt sannleikurinn væri beitt sverð væri kærleikurinn tvíeggja!“ Fyrr en varði voru fleiri ódauðleg skáld farin að notfæra sér ósjálfráða skrift Guðmundar til að koma verkum sínum á framfæri, svo sem Snorri Sturluson og

H.C. Andersen. Haldin var samkoma þar sem lesið var upp úr þessum verkum og þau komu einnig út á bók. Þegar málsmetandi menn óskuðu eftir að gera rannsókn á yfirnáttúrlegum hæfileikum Guðmundar lagðist hann aftur á móti í flensu og missti við það dulargáfunu. Hlé varð á rithöfundarferli þiltsins þar til hann tók upp þráðinn í Kaupmannahöfn undir sínu eigin höfundarnafni, Guðmundur Kamban, og náði nokkurri hylli fyrir frumsamin verk á dönsku.

Á fyrstu árum Tilraunafélagsins létu fleiri íslensk skáld vita af sér ásamt ýmsum söguhetjum fornsagnanna. Freistandi er að líta á samband Tilraunafélagsmanna við þessa nafntogugu aðila með hliðsjón af Panþeonhofinu í París. Árið 1905 átti íslenska þjóðin ekkert áþreifanlegt grafhýsi fyrir afbragðsmenn úr sögu sinni, stað þar sem hægt var að snerta á ódauðleikanum. Tilraunafélagið bætti úr þeim skorti, að minnsta kosti til bráðabirgða, en starfsemi þess lagðist að mestu af árið 1912.

Kynni Sigurjóns Péturssonar af spíritismanum hófust líklega á árunum 1906 til 1910 fyrir milligöngu Indriða miðils en það var ekki fyrr en undir lok fyrri heimsstyrjaldar að það fór að muna um framlag hans á þessum vettvangi. Sigurjón var meðal stofnfélaga Sálarrannsóknarfélags Íslands, sem varð til á grunni Tilraunafélagsins árið 1918, og sat í fyrstu stjórninni. Ári síðar stofnaði hann síðan Tilraunafélagið Njál ásamt fleira fólki sem áhuga hafði „á því að rannsaka af eigin raun, hvort komast mætti í áreiðanlegt og öruggt samband við hina horfnu vini, samtíðarmenn og aðra, er höfðu

lífað hér sínu líkamlega lífi,“ eins og segir í bæklingi sem út kom á vegum félagsins. Má ætla að Sigurjón hafi verið að vísa í starf þessa félagskapar þegar hann réttlætti ferð sína með bein Jónasar Hallgrímssonar norður í land með því að hann hefði verið í miðilssambandi við Jónas og fleiri framliðna Íslendinga árum saman.

Í síðasta kafla tengdi ég samband Sigurjóns og Jónasar við dýrtingahefðina en líkt og Bjarni og Páll Ásgeir benda á er enn meiri ástæða til að tengja beiðni Jónasar um heimflutning beina sinna hliðstæðum óskum íslenskra sakamanna. Fyrsta mál af þessu tagi kom upp árið 1932 í framhaldi af ósjálfráðri skrift konu að nafni Sesselía Guðmundsdóttir en penna hennar stýrðu ólukkulegir íslenskir elskendur, Agnes Magnúsdóttir og Friðrik Sigurðsson sem tekin höfðu verið af lífi fyrir manndráp árið 1830. Vildu þau að beðið yrði fyrir sálum sínum og vakinn skilningur á málavöxtum sem leiddu til ógæfuverka þeirra. Íslenskir spíritistar gerðu gott betur og fengu biskupsleyfi til að grafa bein parsins upp við aftökustaðinn og jarðsetja í nálægum kirkjugarði. Athöfnin fór fram á þjóðhátíðardegi Íslendinga árið 1934.

Premur árum síðar komu andar hinnar svokölluðu Miklabæjar-Solveigar og nokkurra vina hennar fram á miðilsfundum í Reykjavík og óskuðu þess að bein Solveigar yrðu grafinn upp í Miklabæ og jarðsett í Glaumbæ í Skagafirði. Solveig þessi var eins konar þjóðsagnapersóna sem svipti sig lífi árið 1786 vegna óendurgoldinnar ástar sinnar til séra Odds Gíslasonar í Miklabæ og

var síðan talin hafa borið ábyrgð á óútskýrðu hvarfi prestsins. Spíritistar í Reykjavík báru mál hennar undir arftaka Odds í Miklabæ, séra Lárus Arnórsson, sem tók erindinu vel og að fengnu biskupsleyfi var ráðist í að flytja Solveigu milli kirkjugarðanna. Hún var jarðsett í Glaumbæ árið 1937 og undi að sögn hag sínum vel á nýja staðnum.

Jónas Hallgrímsson var með öðrum orðum að feta í fótspor íslenskra ógæfumanna þegar hann spurði hvort Sigurjón Pétursson ætlaði að láta það verða að hann hvíldi áfram í danskri moldu. Ekki eru heimildir fyrir því hvar eða hvenær þessi fyrirspurn var borin fram. Í gögnum Birgis Thorlacius um beinamálið er að vísu blað úr fundargerð frá andafundi sem fram fór á Ránargötu 2 í Reykjavík í janúar árið 1940. Þetta kvöld komst maður að nafni Sigfús Elíasson í samband við Jónas og spurði hvernig skáldinu litist á minnisvarðann sem Stúdentafélag Reykjavíkur hugðist láta reisa á gröf þess. Sveinbjörg Sveinsdóttir annaðist „dulheym“ þetta kvöld og hafði eftir Jónasi að hann vildi heldur láta verja þeim peningum sem áttu að fara til minnisvarðans til þess að klæða einhverja munaðarlausu ekkju, eða fátækt barn. „Eða verja þeim til þess að rækta einhvern reit eða garð, sem gæti heitið „Jónasarreitur“ sem væri helst ræktaður nærri fjöllunum þar sem hann fæddist. Hann segir:

*Þar sem var mín vagga
vil ég hljóta gröf.“*

Ferðalok

Séu þessar ljóðlínur réttilega hafðar eftir Jónasi varð skáldinu tæplega að ósk að sinni. Að minnsta kosti hefur enginn gengið svo langt að halda því fram að Jónas hvíli heill og óskiptur í heimasveit sinni. Ekki enn.

5. kafli
Martröð hershöfðingjans

1

Tuttugu árum eftir endalok síðari heimsstyrjaldar eru tveir Ítalir, hershöfðingi og prestur, sendir til Albaníu að endurheimta líkamsleifar ítalskra hermanna sem féllu þar á stríðsárunum. Það er þungbúið veður daginn sem flugvélin þeirra flýgur inn yfir landamærin, hershöfðingjanum virðast albönsku fjöllin ógnandi og fjandsamleg en gegn þeim teflir hann því stolti sem verkefnið vekur með honum: „Þúsundir mæðra biðu jarðneskra leifa sona sinna. Það var verkefni hans að færa þeim þessar leifar. Hann myndi gera allt sem í hans valdi stæði til þess að ljúka þessu heilaga verkefni með sæmd. Enginn landa hans skyldi gleymast, enginn yrði skilinn eftir í þessari framandi mold.“ Flugvélin lendir á albanskri jörð í ljósaskiptunum, Ítölunum er ekið frá flugvellinum til Tirana, í borginni skunda vegfarendur sína leið í rigningunni og hershöfðinginn segir við prestinn upp úr eins manns hljóði: „Það eru margar regnhlífur í þessu landi.“

Á þessa lund hefst skáldsagan *Hershöfðingi dauða hersins* eftir Ismaïl Kadaré, albanskan rithöfund sem

búsettur hefur verið í Frakklandi síðari ár eftir að hafa yfirgefið heimaland sitt. *Hershöfðingi dauða hersins* er þekktasta verk hans og hefur komið út í fjölmörgum löndum, þar á meðal í Danmörku. Sagan hefur ekki enn komið út á íslensku en fyrir rúmum áratug var hún lesin sem framhaldssaga í íslenska Ríkisútvarpinu í þýðingu Hrafns E. Jónssonar.

Að nokkru leyti eru ítalski hershöfðinginn í skáldsögu Kadarés og Matthías Þórðarson hliðstæðar persónur, menn sem fá það opinbera hlutverk að grafa upp fortíðina, endurheimta dýrmætustu eigur þjóða sinna úr höndum „óvinarins“. Starf Matthíasar í Assistentskirkjugarði var reyndar einfalt í samanburði við risavaxið verkefni hershöfðingjans sem þarf ekki aðeins að finna ótal ómerktar grafir vítt og breitt um Albaníu heldur bera kennsl á þúsundir beina. Við það starf getur hann nýtt sér upplýsingar um hæð og tennur einstakra hermanna en best er ef beinunum fylgja nisti með nafni og númeri hins látna. „Allir þessir erfiðu vegir,“ hugsar hershöfðinginn með sjálfum sér eftir tuttugu daga erfiði, „forugu grafir, sums staðar hver ofan á annarri og annars staðar langt á milli þeirra. Þessi eilífa og ömurlega for [...] Vandasamast var að greina látna úr eigin her frá látnum úr öðrum herjum. Oft stangaðist framburður vitna á. Gömlu mennirnir rugluðust á atburðum og bardögum ólíkra stríða. Það var ekki vissa í neinu.“ Að auki mætir hershöfðinginn tortryggni og andúð heimamanna og þarf að kljást við óþægilegar hugrenningar um þjáningu, grimmd og dauða. Hann lætur samt

ekki bugast, enda líður honum eins og fósturföður sem hlúir að munaðarlausum börnum þegar hann hugsar til dauða hersins sem hann hefur verið skipaður foringi yfir.

Einn eftirminnilegasti kaflinn í bók Kadarés segir frá einhentum undirhershöfðingja af öðru þjóðerni sem er í Albaníu í sömu erindagjörðum og ítalski hershöfðinginn. Þeir hittast á hóteli í smábæ einum af tilviljun, undirhershöfðinginn og menn hans eru þar að grafa upp fjöldagröf sem bæjarbúar hafa lagt undir fótboltavöll. „Við hefðum getað verið hér fyrr á ferð,“ segir sá einhenti við hinn ítalska starfsbróður sinn, „en keppnistímabilið í fótboltanum stóð yfir og þeir vildu ekki leyfa okkur að grafa á fótboltavellinum fyrr en því væri lokið.“ Hershöfðingjarnir tveir verða sammála um að þessi seinkun hafi verið skynsamleg með tilliti til heimamanna en á móti vegur að vetrarregnið gerir starfið enn ömurlegra en ella. Eina ánægjan sem einhenti hershöfðinginn getur veitt sér við þessar aðstæður er að horfa á stúlku í blárri regnkápu sem tekur sér stöðu í áhorfendastúkunni til að fylgjast með kærastanum sínum á knattspyrnuæfingu á þeim hluta leikvallarins sem ekki er sundurgrafinn.

En þessar ánægjustundir ummyndast í þraláta martröð þegar náttar. Einhenta maðinn dreymir að hann sé á fótboltaleikvanginum. „Nema völlumurinn virðist miklu stærri og áhorfendapallarnir eru fullir af fólki sem horfir á okkur grafa upp völlumurinn. Í mannþrönginni sé ég stúlkuna í bláu regnkápunni. Í hvert sinn sem við

opnum gröf hrópa áhorfendur svo hátt að mér finnst allt vera að því komið að hrynja. Svo rísa allir upp og hrópa samtaka nafn hermansins. Ég reyni að hlusta og heyra hvað skarinn segir, til að vita hver sá dauði er en hróp fjöldans eru kæfð og hávaðinn svo mikill að það er ekki hægt að greina nafnið.“

Í ljós kemur að ítalski hershöfðinginn fær hliðstæðar martraðir. Hann dreymir að hann sé orðinn gamall og hafi umsjón með herkirkjugarðinum heima á Ítalíu þar sem jarðnesku leifarnar frá Albaníu hafa verið jarðsettar. „Þetta var stór kirkjugarður, reyndar risastór, og á milli grafanna gengu þúsundir manna. Allir báru gulnuð skeyti í höndunum og leituðu að gröfum sona sinna og eiginmanna. Samt var eins og enginn gæti fundið gröfina sem hann leitaði að því allir fóru að hrista höfuðið á ógnandi hátt og hann fann ískaldan hroll fara um sig.“

Engum sögum fer af draumförum Matthíasar Þórðarsonar þá daga sem hann dvaldi í Kaupmannahöfn vegna beina Jónasar Hallgrímssonar. Hafi hann á annað borð dreymt illa er ólíklegt að draumar hans hafi líkst martröðum hershöfðingjanna í skáldsögu Kadarés. Ekkert bendir til þess að Matthías hafi verið í vafa um hvar legstað Jónasar væri að finna, hver ætti þau ólíku bein sem komu upp úr gröfinni og því síður að hann hafi óttast að Íslendingar fyndu ekki grafreit skáldsins heima á Íslandi þegar fram liðu stundir. En eins og Birgir Thorlacius benti á í útvarpsþættinum 1996 varð veruleikinn fjarstæðukenndari en nokkurn gat órað

fyrir: „Það var alveg ljóst að í upphafi vakti það fyrir öllum að gera þetta til heiðurs Jónasi. Og svo snerist þetta upp í þessa hryllilegu martröð,“ sagði Birgir meðal annars. Væntanlega átti hann einkum við þátt Sigurjóns Péturssonar í málinu en orð hans vísa ekki síður til þeirrar óvissu sem ríkt hefur um endanleg afdrif Jónasar. Nú er svo komið að í hvert sinn sem þjóðargrafreitinn á Þingvöllum ber á góma rísa einhverjir í áhorfendastúkunni upp og hrópa: „Danskur slátrari!“

En hvers martröð varð beinamálið á sínum tíma? Væntanlega var það til nokkurs ama fyrir alla þá sem við sögu komu, þar á meðal Ólaf Thors forsætisráðherra, Matthías Þórðarson þjóðminjavörð, Sigurjón Pétursson iðnrekanda og jafnvel séra Sigurð Stefánsson á Möðruvöllum. Martröð ítalska hershöfðingjans um herkirkjugarðinn heima á Ítalíu leiðir hugann aftur á móti að Jónasi Jónssyni frá Hriflu sem hafði ekki aðeins yfirumsjón með þjóðargrafreitnum á Þingvöllum sem formaður Þingvallanefndar heldur átti sjálfur hugmyndina að grafreitnum. Beinamálið hlýtur að hafa verið Jónasi líkt og margföld martröð. Það má jafnvel ímynda sér að honum hafi eftir á liðið líkt og ítalska hershöfðingjanum í draumnum þegar ættingjarnir í kirkjugarðinum fóru að hrista höfuðið á ógnandi hátt, og fundið ískaldan hrollinn fara um sig.

Hér er vert að rifja upp þau orð Halldórs Laxness að þótt Bandaríkjamenn hefðu tekið eitthvað af satíru *Atómstöðvarinnar* til sín hefðu Íslendingarnir farið „verst út úr þessu öllu saman, ekki síst Jónas karlinn frá

Hriflu“. Þessi ummæli koma nokkuð á óvart í ljósi þess að opinberar deilur um *Atómstöðina* snerust einkum um lýsingu Halldórs á herstöðvarmálinu og persónu forsætisráðherrans. Jónas Jónsson var að vísu einn helsti málsvari þess að Íslendingar semdu við Bandaríkjamenn um hervernd og hóf útgáfu sérstaks blaðs hugmyndinni til stuðnings. Af þessum og fleiri orsökum hafa menn talið Jónas vera fyrirmyndina að blýgráa, sorglega manninum sem tekur þátt í að bera kistu skáldsins út úr kirkjunni í lok *Atómstöðvarinnar*. Hann er samt sem áður lítilvæg persóna í sögunni. Því virðist mér að með orðum sínum um „Jónas karlinn frá Hriflu“ geti Halldór allt eins átt við þau slæmu áhrif sem skáldsaga hans hafði á arfleifð Jónasar sem formanns Þingvallanefndar.

2

Fyrir fáeinum árum sendi ég frá mér rit um viðtökur Íslendingasagna hér á landi, einkum viðtökur Njáls sögu. Rauði þráðurinn í málflutningi mínum var að landlægur áhugi Íslendinga á hetjum sagnanna hefði á tuttugustu öld færst yfir á hina ónafngreindu höfunda þeirra. Mér þótti tímanna tákn að spurningin „Hver er höfundur Njáls sögu?“ væri í seinni tíð sú spurning sem íslenskur almenningur teldi eðlilegast að fræðimenn glímdu við í þessum fræðum. Sjálfur viðurkenndi ég að mér þættu svörin við þessari spurningu ekki eins

á hugaverð og spurningin sjálf – sú staðreynd að mönnum þyki svo brýnt að bera kennsl á hinn óþekkta höfund. Ég hef áþekka afstöðu til deilnanna um innihaldið í kistu Jónasar Hallgrímssonar. Persónulega skiptir mig engu máli hvar bein Jónasar eru niður komin – einu leifar skáldsins sem mig varðar um eru á vísu stað í bókaskápnnum mínum inni í stofu. Aftur á móti þykir mér beinamálið vera afar forvitnilegt viðfangsefni. Líkt og fram hefur komið afhjúpar það vissa grundvallarþætti íslenska þjóðríkisins þar sem það snýst meðal annars um pólitísk ítök, eignarrétt á menningarfyribærum og táknrænt og menningarlegt auðmagn, auk þess að hafa sínar spíritísku skírskotanir.

Öll þessi atriði koma saman, líkt og í brennipunkti, þegar hugað er að þætti Jónasar Jónssonar frá Hriflu. Hér gefst að vísu ekki tóm til að rekja í smáatriðum viðamikil afskipti hans af íslenskum stjórnámálum á fyrri hluta tuttugustu aldar en þó skal nefnt að auk formennsku í Þingvallanefnd var hann um langt skeið formaður Framsóknarflokksins, sem var bændaflokkur fyrir miðju íslenskra stjórnamála, og formaður Menntamálaráðs sem annaðist meðal annars rekstur Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Jónas var norðlenskur bóndasonur menntaður í Danmörku og Bretlandi. Hann var félagshyggjumaður, aðhylltist þjóðlega íhaldssemi í menningarmálum, hafði framan af horn í síðu borgarastéttarinnar en varð einnig einn harðskeyttasti andstæðingur íslenskra kommúnista.

Eftir þingkosningar árið 1927 (þar sem *Vefarinn mikli*

eftir Halldór Laxness blandaðist inn í kosningabaráttuna) komst Framsóknarflokkurinn í ríkisstjórn og var Jónas skipaður ráðherra dóms- og menntamála. Hann var aðsópsmikill í starfi og stóð meðal annars fyrir stofnun Menntamálaráðs og Menningarsjóðs. Hugmyndina átti fornvinnur hans, Sigurður Nordal, prófessor í norrænum fræðum við Háskóla Íslands. Þeir Jónas höfðu kynnst á námsárum sínum í Kaupmannahöfn laust eftir aldamót og varð vinskapurinn svo náinn að Sigurður var guðfaðir beggja dætra ráðherrans. Jónas beitti sér fyrir því að Sigurður var kosinn fyrsti formaður Menntamálaráðs 1929 og gegndi hann því embætti til 1931. Kom til tals á fyrsta fundi ráðsins að Sigurður gæfi út á vegum Menningarsjóðs bók eftir sig „um íslenska menningu“ en af því varð þó ekki.

Á þessu tímabili náðu þeir Jónas og Halldór Laxness að einhverju leyti saman. Halldór hafði dvalið í Bandaríkjunum um hríð, kynnst þar skuggahliðum kapítalismans og varð eftir þá reynslu sannfærður sósíalisti. Skömmu eftir heimkomu Halldórs árið 1929 bauð Jónas honum í heimsókn til sín og virðist sá fundur hafa haft þau áhrif að fáeinum vikum síðar skrifaði skáldið nokkrar lofsamlegar greinar til varnar ráðherranum í erfiðu deilumáli. Skömmu síðar beitti Jónas sér fyrir því að Menningarsjóður gæfi út næstu skáldsögu Halldórs, *Sölku Völku*, og kom hún út í tveimur hlutum á árunum 1931 og 1932. Árið 1934 stóð Jónas enn fremur fyrir því að skáldalaun Halldórs yrðu hækkuð um helming og

námu þau eftir það sömu upphæð og Einar Benediktsson skáld fékk frá hinu opinbera. Hér var því augljóslega um að ræða samband listamanns og valdhafa sem báðir gátu haft hag af; að minnsta kosti höfðu ásakanir Jónasar frá 1927 um að Halldór væri „skáld landstjórnarinnar“ fengið nýja merkingu með nýrri landstjórn.

Enda þótt Halldór gagnrýndi á þessum tíma stefnu Framsóknarflokksins í einstökum málum entist vinsamlegt samband þeirra Jónasar fram til ársins 1935 en þá lofaði skáldið þingmanninn í afmælisgrein, meðal annars fyrir framlag hans til menningarmála og lista. Halldór var hins vegar orðinn róttækari í skoðunum en Jónas gat fellt sig við; skáldið hafði meðal annars heimsótt Sovétríkin og lofað ríkisskipulag þeirra í umdeildri ferðasögu. Ekki bætti úr skák að gagnrýni Halldórs á stefnu Framsóknarflokksins, einkum í landbúnaðarmálum, varð sífellt hvassari og náði hámarki í skáldsögunni *Sjálfstæðu fólki* sem út kom á árunum 1934 til 1935. Þar er lífsbaráttu íslenskra kotbænda lýst sem fjarstæðukenndu fátæktarbasli og dregið dár að þeirri upphöfnu mynd af bændasamfélaginu sem mótaði stjórnmalastarf Jónasar.

Þingmaðurinn svaraði fyrir sig með greinaflokki um skáldverk Halldórs sem hann taldi vera undir óæskilegum áhrifum frá erlendri nútímalist og rússneskum kommúnisma. Þarna skildi leiðir, enda var Halldór orðinn virkur þátttakandi í félagsskap byltingarsinnaðra rithöfunda sem starfaði í nánnum tengslum við íslenska

kommúnistaflokkinn. Jónas átti á hinn bóginn í valda-baráttu innan Framsóknarflokksins sem rekja má aftur til ársins 1934 þegar honum var hafnað sem ráðherraefni. Hann hélt eigi að síður formannsembættinu í Framsóknarflokki til ársins 1943 og gat sem fyrir komið ýmsum málum í höfn, meðal annars sem formaður fjárveitinganefndar þingsins og Menntamálaráðs.

Eftirsjá Jónasar eftir hlutabréfum sínum í skáldinu Halldóri Laxness var líklega lítilvæg í samanburði við það áfall sem það varð honum þegar fréttist árið 1938 að Sigurður Nordal ætlaði að fara að starfa fyrir Mál og menningu, bókafélag sem hafði verið stofnað ári áður af Félagi byltingarsinnaðra rithöfunda í samvinnu við Bókaútgáfuna Heimskringlu. Kristinn E. Andrésson, fyrrum nemandi Sigurðar við Háskóla Íslands, var formaður félagsins en markmið þess var að gefa út góðar bækur á lægra verði en almennt tíðkaðist og selja í áskrift til félagsmanna. Þeir voru orðnir um 4000 árið 1938 en þá tók Sigurður að sér að gefa út á vegum félagsins ljóðaúrval vestur-íslenska skáldsins Stephans G. Stephanssonar. Ári síðar voru félagsmenn orðnir 5000 en þá var gert kunnugt að Sigurður Nordal hefði tekið að sér að ritstýra stórvirkinu Arfur Íslendinga á vegum Máls og menningar, glæsilegu fimm binda verki eftir ýmsa höfunda um sögu og náttúru Íslands. Verkið átti að koma út árið 1943 og var hugmyndin að tvö bindi yrðu helguð *Íslenskri menningu* eftir Sigurð sjálfan, bókinni sem komið hafði til tals að Menningarsjóður gæfi út tíu árum áður.

Opinbert tilefni útgáfunnar á Arfi Íslendinga var 100 ára afmæli endurreisnar íslenska þingsins og 25 ára afmæli fullveldisins árið 1943, auk þess sem þá myndi ráðast hvort Íslendingar fengju fullt sjálfstæði frá Dönum. Hugmyndin var að félagsmenn í Máli og menningu greiddu fyrir verkið fyrirfram með árlegu aukagjaldi á árabílinu 1939 til 1943 en þeim var líka gefinn kostur á að styrkja útgáfuna með frjálsum framlögum. Eflaust væri erfitt nú á dögum að fá almenning til að byrja að greiða þegar í stað fyrir bók sem væntanleg væri úr prentsmiðju eftir fimm ár. Markaðssetning Arfs Íslendinga virðist eigi að síður hafa skilað tilætluðum árangri því síðla árs 1939 var fullyrt í *Tímariti Máls og menningar* að margir félagsmenn hefðu þegar greitt árgjald sitt til útgáfunnar og ýmsir jafnvel innt af hendi greiðslu fyrir öll árin. Þá hefðu margir lofað styrktargjaldi.

Ljóst er að Mál og menning var á þessum tíma öflugt hugsjónafyrirtæki og að ýmsir félagsmenn deildu þeirri hugsjón. En það er líka ljóst að sem útgáfuverkefni byggðist Arfur Íslendinga öðru fremur á táknrænu auðmagni sjálfs ritstjórans. Í bréfi til félagsmanna sumarið 1939 sagði stjórn Máls og menningar að forsenda útgáfunnar væri starf prófessors Sigurðar Nordals sem hefði leyst af hendi glæsileg ritverk á sviðum íslenskrar sögu, þjóðmenningar og bókmennta og „alið upp menn eða örvað menn til rannsókna í þessum efnum“. Í hausthefti tímaritsins var birt bréf frá ánægðum félagsmanni sem staðfesti þetta sjónarmið. Þar sagði

að íslenskt sveitafólk „ætti nú ekki annað eftir en skella skollaeyrum við því, þegar mesti lærdómsmaður þjóðarinnar í sögu og menningu hennar sjálfrar kemur með margra ára starf sitt og athugun og vill gefa henni það. Nei slíkt skeður aldrei. Það eru margir góðir menn og mætir, sem standa að Arfi Íslendinga. En nafn Sigurðar Nordals eitt er næg trygging fyrir því, að þetta rit verður kærkomið hverjum hugsandi manni.“ Sigurði er hér lýst sem handhafa íslenskrar menningar. Nafn hans eitt og sér er talið trygging þess að áskrifendur Arfs Íslendinga fái pund sitt ávaxtað.

Þegar áform Máls og menningar voru gerð opinber birtist forystugrein í *Morgunblaðinu*, málgagni Sjálfstæðisflokksins, þar sem verkið var fordæmt á pólitískum forsendum: „Íslenska þjóðin þekkir svo vel starfsemi kommúnista, fyr og síðar, að hún mun aldrei setta sig við það, að þeir beri uppi merki þjóðarinnar – í einu eða neinu – á því augnabliki, sem stigið verður síðasta skrefið í sjálfstæðisbaráttunni.“ Leiðarahöfundur taldi sýnt að verkið yrði ómerkilegt áróðursrit. Engu breytti „þótt kommúnistar skreyti sína útgáfustarfsemi með nafni eins eða fleiri mætra manna. Þeirra eigið nafn – kommúnistanna – nægir til þess, að þjóðin frábiður sig allri hlutdeild í einu og öllu því, sem þaðan kemur.“ Markmið þessara skrifa var augljóslega að kasta rýrð á Arf Íslendinga og þá sem að verkinu stóðu. Röksemdafærslan byggist á táknrænni hagfræði þar sem gefið er í skyn að það auðmagn sem felist í nafni manna eins og Sigurðar Nordals (sem er þó aldrei nafngreindur) geti

ekki vegið upp á móti skuldastöðu kommúnista í pólitísku bókhaldi íslensku þjóðarinnar.

Sama dag og leiðarinn birtist efndi Jónas frá Hriflu til fundar í Menntamálaráði sem samþykkti svohljóðandi tilkynningu: „Menntamálaráð Íslands hefur ákveðið að hefja um næstu áramót mikla útgáfustarfsemi. Er í ráði að gefa út bæði útlend úrvalsrit í vönduðum þýðingum og frumsamin rit til fróðleiks og skemmtunar.“ Tveimur dögum síðar birti Jónas blaðagrein um þessi áform þar sem fram kom að hugmyndin væri að safna áskrifendum fyrir útgáfuna enda markmiðið að gera hverjum einasta landsmanni kleift „að eignast margar góðar bækur fyrir lágt árgjald“. Jónas gaf í skyn að Menntamálaráð hefði lengi undirbúið þetta átak en ljóst er að tímasetningin stóð í beinu sambandi við kynninguna á Arfi Íslendinga; útgáfunni var beinlínis stefnt til höfuðs Máli og menningu. Að mati Jónasar var „útgáfa kommúnista einn ákveðnasti liður í undirróðri þeirra og niðurrífsstarfsemi“ á Íslandi. Til að grímuklæða áform sín hefðu þeir aftur á móti náð „fleiri og fleiri friðsömum borgurum á sitt vald til ritstarfa“, gjarnan með loforði um ríflegar höfundargreiðslur, en síðan notuðu þeir „nöfn hinna „borgaralegu“ höfunda sér til framdráttar“. Jónas nefnir ekki nafn Sigurðar Nordals en vísar til Arfs Íslendinga í niðurlagi þegar hann lýsir væntanlegri bókaútgáfu Menntamálaráðs og útgáfustarfi kommúnista sem andstæðum pólum. Í fyrra tilvikinu verði um að ræða bókakost sem gefinn verði út „af Íslendingum fyrir Íslendinga, án nokkurs stuðn-

ings frá valdamönnum í framandi löndum“, en hins vegar muni fyrirtæki kommúnista halda áfram að vinna að því markmiði „að leysa sundur hið íslenska þjóðfélag og afhenda „arf“ þjóðarinnar í hendur rangra erfingja“.

Sigurður Nordal brást við þessari umræðu í grein sem birtist bæði í *Morgunblaðinu* og *Tímariti Máls og menningar* haustið 1939 þar sem hann staðhæfði að hann væri einráður um efni Arfs Íslendinga og hvorki stjórn Máls og menningar né það stjórn málaafli sem leiðarahöfundur *Morgunblaðsins* kallaði kommúnista hefðu látið í ljós ósk um að hafa þar áhrif. „Hvorki jeg nje aðrir þeir menn, sem þar eru nefndir, erum neinir skrauthanskar á annarra manna höndum.“ Í hausthefti tímaritsins 1939 var einnig birt athugasemd stjórnar félagsins út af „einkennilegum“ ritgerðum Jónasar frá Hriflu. Þar var því vísað á bug að Mál og menning væri rekið fyrir erlent fé og bent á að félagar væru „hér um bil 5000 íslenskra manna og kvenna til sjávar og sveita, af öllum stéttum, flokkum og skoðunum“.

Á næstu tveimur árum áttu þessar deilur eftir að magnast og þróast í margþætt stríð á milli Jónasar frá Hriflu og íslenskra lista- og menntamanna. Átökin snerust meðal annars um afskipti Menntamálaráðs af úthlutun listamannalauna, umdeild kaup ráðsins á íslenskum listaverkum, sýningu Jónasar á úrkynjaðri, óþjóðlegri list og áður nefnda fornritaútgáfu Halldórs Laxness og Ragnars Jónssonar bókaútgefanda. Jónas hélt líka áfram að hamast gegn Máli og menningu, til að mynda í langri blaðgrein sem hann kallaði „Á

forlagi Stalins. Alþjóðleg og óþjóðleg áróðursstarfsemi“. Tilefni þeirra skrifa voru áform um heildarútgáfu á ritum skáldsins Gunnars Gunnarssonar sem var þá nýfluttur til Íslands frá Danmörku eftir langan feril sem vinsæll rithöfundur á dönsku. Að þessari útgáfu stóðu meðal annarra Sigurður Nordal og Kristinn E. Andrés-son og þótti Jónasi að sagan væri að endurtaka sig; nú ætluðu kommúnistar að nota skáldið Gunnar til framdráttar málstað sínum. Að lokum kom að opinberu uppgjöri Jónasar og Sigurðar á síðum *Tímans* og *Morgunblaðsins* vorið 1942 í framhaldi af bréfi sem íslenskir listamenn og rithöfundar sendu Alþingi til að mótmæla starfi Menntamálaráðs og „gerræðislegri vanstillingu formanns þess“. Í þeirri rimmu sakaði Jónas fornvin sinn um að hafa skrifað bréfið til Alþingis og sagði að hann væri „einskonar fósturfaðir bókaútgáfu kommúnista“.

Sigurður tók slíkar ásakanir augljóslega nærri sér. Þegar fyrsta (og eina) bindi Arfs Íslendinga kom út árið 1942, *Íslensk menning I* eftir Sigurð sjálfan, fann hann sig knúinn til að þvo af sér kommúnistastimpilinn. Í formála fullyrkti hann að bókin bæri ekki minjar neinnar annarrar stjórnmalaskoðunar en sinnar eigin sem væri helst fólgin í því „að takmark allrar stjórnar og stjórn- mála sé að leyfa sem flestum, helst öllum, einstaklingum að njóta sín, ráða sér og þroskast við eðli þeirra og hæfi, búa þeim sem best skilyrði þess, – forsjá annarra nái því betur tilgangi sínum sem hún er í meira hófi höfð“. Líkt og Gunnar Karlsson sagnfræðingur hefur bent á er þessi lýsing mun nær því að vera tekin upp úr stefnuskrá

Sjálfstæðisflokksins (eða ritum Johns Stuart Mill) en stefnuskrá íslenskra sósíalista (eða ritum Karls Marx).

Nýverið hefur Gauti Sigþórsson bókmenntafræðingur haldið því fram að grundvöllur þeirra átaka sem hér hafa verið til umræðu hafi verið það skipulagða menningarstarf sem sósíalistar hófu hér á landi á fjórða áratugnum. Deilan hafi ekki aðeins staðið um eignarhald á menningunni heldur ólíkan skilning andstæðra fylkinga á menningarhugtakinu. Gauti sýnir fram á að starfsemi sósíalistanna hafi verið innblásin „af ríkjandi vinstristefnum erlendis frá, ekki síst „samfylkingu“ vinstri flokka, borgaraflokka og annarra hópa sem snerust gegn evrópskum fasisma á árunum eftir valdatöku nasista í Þýskalandi 1933“. Forsenda samfylkingarinnar var sú að Stalín breytti frá fyrri stefnu og hvatti kommúnista víða um heim til að starfa með öðrum vinstri flokkum. Jafnhliða var boðuð díalektísk sýn á þjóðlega menningararfleifð; í stað þess að kasta henni fyrir róða í uppbyggingu framtíðarríkisins var mælt til þess að hún yrði endurskilgreind og nýtt í þágu byltingarinnar.

Gauti tengir áform Máls og menningar um útgáfu Arfs Íslendinga og fornritaútgáfu Halldórs Laxness og Ragnars Jónssonar við þessa stefnubreytingu. Hér megi sjá samfylkinguna í verki á menningarsviðinu. Samkvæmt því er Jónas frá Hriflu staðgengill fasista í íslensku samhengi en það var einmitt það hlutverk sem vinstri menn skipuðu honum gjarnan í þegar sló í brýnu á milli þeirra og Jónasar á fjórða og fimmta áratugnum.

„Með því að tryggja forræði yfir arfi þjóðarinnar í nafni alþýðunnar,“ skrifar Gauti, „og nýtingu hans til frekari listsköpunar, storkaði samfylkingin kringum Mál og menningu þeirri tegund þjóðernishyggju sem Jónas frá Hriflu stóð fyrir, sem virtist líta á „menninguna“ sem safn dýrgripa sem ekki mætti hreyfa við og halda bæri frá almúganum“.

Ég get tekið undir þessa lýsingu en mig grunar þó að myndin sé jafnvel enn flóknari. Til að mynda orkar tvímælis að segja að Jónas frá Hriflu hafi viljað halda „menningunni“ frá almúganum því vissulega hrinti hann í framkvæmd ýmsum verkefnum á vegum hins opinbera sem miðuðu að því að gera menninguna að almennings eign. Mér virðist að þessi átök hafi allt í senn snúist um ólíkan menningarskilning, pólitísk markmið og persónulegan metnað. Það er til dæmis líklegt að Jónas hafi öðrum þræði litið á fornritaútgáfu Halldórs og Ragnars sem persónulega ögrun við sig þar sem hann hafði haft uppi svipuð áform á þessum tíma fyrir hönd Bókaútgáfu Menningarsjóðs. Jónas vildi ekki una því að Halldór Laxness og samstarfsmenn hans fengju að eigna sér íslensku fornritin, miðla þeim til íslensku þjóðarinnar – og hirða arðinn af þessari þjóðar eign.

Í tilviki Jónasar Hallgrímssonar, og reyndar Einars Benediktssonar einnig, var þessu hins vegar öfugt farið. Halldór Laxness gat ekki fellt sig við að Jónas frá Hriflu hygðist leggja undir sig það táknræna auðmagn sem fólst í verkum og líkamsleifum látinna góðskálda.

Hinn 12. janúar árið 1940 lést Einar Benediktsson saddur lífdaga. Hann hafði verið aðsópsmikill athafnamaður og eitt vinsældasta skáld sinnar tíðar en hafði síðustu æviárin búið heilsulítil við kröpp kjör á afskekktum sveitabæ ásamt sér yngri konu, Hlín Johnson. Einar og eiginkona hans, Valgerður Benediktsson, höfðu slitið samvistir meira en áratug áður og var Valgerður lengst af á þessu tímabili búsett erlendis. Strax eftir andlátið heldur Hlín til fundar við forsætisráðherra, sem þá var Hermann Jónasson úr Framsóknarflokki, og tvo aðra ráðherra, þá Ólaf Thors formann Sjálfstæðisflokksins og Stefán Jóhann Stefánsson formann Alþýðuflokksins, til að segja þeim fréttirnar og var henni boðið að útför skáldsins færi fram á vegum og á kostnað ríkisstjórnarinnar.

Ævisagnaritari Einars, Guðjón Friðriksson, segir svo frá þessum fundi: „Hlín skýrir ríkisstjórninni frá því að það hafi verið ósk Einars Benediktssonar að liggja í kirkjugarðinum við Suðurgötu í Reykjavík við hlið föður síns. Þessu er ekki sinnt en næstu daga mótast sú hugmynd að hann skuli fyrstur manna fá legstað í sérstökum heiðursgrafreit á Þingvöllum. Því ræður Jónas Jónsson frá Hriflu, formaður Menntamálaráðs, í samráði við Valgerði Benediktsson, sem komin er til landsins eftir margra ára dvöl í útlöndum, og börn hennar.“ Ljóst

er af vitnisburði Jónasar frá Hriflu að þarna bjó að baki togstreita á milli eiginkonunnar fyrrverandi og samþýliskonunnar um umráðarétt yfir jarðneskum leifum skáldsins. „Vandinn var í því fólgin,“ skrifar Jónas í bók um Einar Benediktsson, „að skera úr, á óhlutdrægan hátt, hverir væru vandamenn Einars Benediktssonar, sjálfkjörnir til að fylkja liði í líkfylgd með kistu hans inn í dómkirkjuna og úr kirkju í átt til grafar.“ Af orðum Jónasar að dæma hafði hugmyndin um þjóðargrafreitinn verið til umræðu í Þingvallanefndinni en nefndarmenn ákváðu að hrinda henni í framkvæmd til að stjórnvöld ættu hægara með að kveða upp sinn Salómonsdom: „Halda skyldi hátíðlega kveðjuathöfn í dómkirkjunni, en svo var fyrir því séð, að frændur og venzlamenn fylgdu ekki kistunni í kirkju eða til kirkjugarðs. Að öllu leyti skyldi gæta ýtrasta hlutleysis í sambandi við aðstoð nákominna samvistarmanna.“

Elstu opinberu gögnin sem ég hef fundið um þjóðargrafreitinn er bréf dagsett 16. janúar 1940 þar sem Þingvallanefnd leggur til við ríkisstjórnina „að komið verði upp á Þingvöllum grafreit fyrir þjóðfræga menn, og að gerðar verði ráðstafanir til þess, að Einar Benediktsson skáld, verði jarðsettur þar fyrstur“. Tillagan var samþykkt og viku síðar hélt Þingvallanefnd, ásamt Mía Benediktsson (syni Einars og Valgerðar), Matthíasi Þórðarsyni þjóðminjaverði, biskupi Íslands, húsa-meistara ríkisins og fleiri aðilum til Þingvalla að kanna aðstæður. Í hópnum var læknir (með því táknræna nafni Ófeigur J. Ófeigsson) sem gaf í lok ferðar út vott-

orð þar sem hann segir að sér „virðist staður sá, sem í dag var valinn að Þingvöllum fyrir legstað ágætismanna íslensku þjóðarinnar, vera heppilegur frá heilbrigðislegu sjónarmiði“.

Hinn 26. janúar var haldin fjölmenn minningarathöfn um skáldið í Dómkirkjunni í Reykjavík. Valgerður Benediktsson og ættmenn hennar sátu þar fremst öðrum megin við kirkjuganginn en Hlín Johnson ásamt vinum og vandamönnum á hliðstæðum bekk hinum megin. Daginn eftir var Einar jarðsettur á Þingvöllum. Fáir voru þar viðstaddir en meðal þeirra voru Már Benediktsson og Hlín Johnson. Næstu misseri annaðist embætti húsameistara uppbyggingu þjóðargrafreitsins og virðist því verki hafa verið lokið um mitt ár 1941.

Í millitíðinni kostaði Már Benediktsson útgáfu á úrvali ljóða eftir föður sinn og annaðist Jónas Jónsson frá Hriflu val á ljóðunum. Ekki fór betur en svo að Már var dæmdur til að greiða skaðabætur fyrir þessa útgáfu þar sem meginhluti ljóðanna var úr þremur bókum Einars sem hann hafði selt óskyldum aðilum endurútgáfurétt á árið 1922. Málið gaf Halldóri Laxness kærkomið tækifæri til að ráðast að þingmanninum. Halldór gerði þar að umtalsefni það sem hann kallaði hinn óhugnanlega eltingarleik „pólitíkusarins Jónasar Jónssonar við nafn Einars skálds Benediktssonar látins“. Vísaði hann til nýlegra blaðagreina Jónasar um skáldskap Einars, þáttar Jónasar í hinni ólöglegu útgáfu á ljóðum skáldsins, sem og til þjóðargrafreitsins. Fullyrti

Halldór að Jónas hefði komið því til leiðar „að lög um kirkjugarða voru þverbrotin í landinu, til þess, að hann gæti æ síðan talið meðal frægðarverka sinna að hafa grafið Einar Benediktsson á þeim stað á Íslandi sem einna verst er fallinn til legstaðar, Þíngvallatúninu, ýmist blautu eða jarðvegslausu [...] þar sem áður var siður að stegla glæpamenn“. Halldór furðaði sig á að þingmaðurinn – „sem á síðari árum setur sig aldrei úr færi að vekja á sér hatur íslenskra skálda og andans manna“ – legði „Einar Benediktsson dauðan“ svona í einelti en taldi líklegustu skýringuna þá að skáldið hefði verið „í lifanda lífi einna minstur vinur Jónasar Jónssonar allra íslendinga“. Vitnaði Halldór í fleyga níðvísu eftir Einar því til stuðnings en hún var ort í lok þriðja áratugarins vegna andstöðu Jónasar við áform Einars og fleiri einkaaðila um virkjun íslenskra fallvatna.

Í grein sinni setur Halldór Laxness ennfremur fram mergjaða samsæriskenningu þegar hann fullyrðir að hin ólöglega útgáfa á ljóðum Einars Benediktssonar sé af hálfu Jónasar tilraun til að hafa að engu rétt handhafa útgáfuréttarins, „sennilega í þeirri von að geta síðan sölsað þennan rétt undir útgáfufyrirtæki það, sem pólitíkusinn telur sig veita siðferðilega forstöðu: með útgáfu þessa litla kvers átti sem sé að reyna hvað hægt væri að komast“. Halldór er hér að vísa til Bókautgáfu Menningarsjóðs, sem hann hafði hrakyrnt í tímaritsgrein skömmu áður fyrir vanburða tilraunir „til þess að drepa Mál og menningu“. Menningarsjóður hafði þá nýverið dreift til yfir 10.000 áskrifenda fyrstu útgáfubókum

sínum en þær voru ævisagan *Viktoría drottning* eftir Lytton Strachey (í þýðingu Kristjáns Albertssonar), greinasafnið *Markmið og leiðir* eftir Aldous Huxley og skáldsagan *Sultur* eftir Knut Hamsun. Halldór gagnrýndi allar bækurnar harðlega, reyndar á ólíkum forsendum, og átti bágt með að skilja hvað íslenska ríkinu gengi til að senda slík rit á annað hvert heimili á landinu.

Tónninn í skrifum Halldórs verður enn hatrammari árið 1941 þegar Menningarsjóður gefur út úrval Jónasar frá Hriflu á verkum Jónasar Hallgrímssonar í ritröðinni Íslensk úrvalsrit. Líkt og í greininni um ljóðasafn Einars Benediktssonar byrjar Halldór á því að segja að Jónas hafi „valið sér það vanþakkláta hlutverk á Íslandi að gerast mestur ofsóknarmaður lifandi skálda samtíðar sinnar“. Hafi hatur hans á skáldunum „náð hámarki í hinni ótrúlegu ofstækisfullu – en árángurslausu – baráttu, sem hann háði gegn því, að skáldverk Gunnars Gunnarssonar mættu koma út á íslensku“. Aftur á móti hafi þingmaðurinn áttað sig á að þessi afstaða geti stefnt orðspori hans í voða og vitnar Halldór í því sambandi til þekktra vísuorða eftir níttjándu aldar skáldið Grím Thomsen: „enginn skyldi skáldin styggja, / skæð er þeirra hefnd“.

Halldór segir síðan um Jónas frá Hriflu: „Og til að friða samvisku sína gagnvart því eftirmæli sem bíður hans, vill hann reyna að draga fjöður yfir hið blinda hatur sitt til lifandi skálda með því að gerast sjálfkjörinn forseti í helheimum, nokkurskonar Mæcenas framlið-

inna skálda, líkmaður þeirra og grafari, herra yfir beinum sem eru orðin að dufti. Hann er mestur necrophil (líkvinur) allra Íslendinga. En því miður eru það álög á þessum óhamíngjusama stjórnámamanni, að alt sem hann kemur nálægt verður skoplegt.“

Hér eru slegin nokkur þeirra stefja sem rædd hafa verið fyrr í þessari skýrslu, einkum í kaflanum um ódauðleikann. Nefndur Mæcenas var áhrifaríkur rómverskur stjórnámamaður sem hafði um sig hirð listamanna en meðal skjólstæðinga hans voru skáldin Virgill og Hóras. Með samanburði við hann dregur Halldór upp mynd af Jónasi frá Hriflu sem áhrifalausum og örvæntingarfullum valdhafa; hann hefur misst hvert lifandi skáldið á fætur öðru úr hirð sinni og er kominn í sömu ömurlegu spor og hershöfðingi dauða hersins í skáldsögu Kadarés. Þegar kom að heimflutningi beina Jónasar Hallgrímssonar fimm árum síðar þurfti Halldór lítið að leggja á sig til að draga fram hláleg einkenni málsins. Gráglettni örlaganna, tilviljanir, afskipti Sigurjóns Péturssonar – allt lagðist á eitt um að breyta heimferðinni miklu í hryllilega martröð.

Í millitíðinni hafði Jónas frá Hriflu ekki aðeins misst sæti sitt sem formaður Menntamálaráðs heldur einnig verið settur af sem formaður Framsóknarflokksins. Formennska Jónasar í Þingvallanefnd var eitt síðasta opinbera embætti hans en því glataði hann í kjölfar beinamálsins. Áratug síðar svaraði hann gagnrýni Halldórs á beinaflutningana, minnti á að það væri síður metnaðarfullra þjóða „að flytja lík öndvegismanna

sinna heim til ættjarðarinnar, ef þeir hafa sökum illra örlaga verið grafnir í framandi grund“ og tók dæmi af Napóleón Frakkakeisara sem hefði verið fluttur frá Elbu til Parísar: „Ekki hefðu Frakkar hætt við að votta keisaranum þennan útfararheiður,“ skrifar Jónas, „þó að sjóræningjar hefðu um stund náð kistu Napóleóns mikla á sitt vald, en orðið að skila ránsfengnum aftur“. En þessi málsvörn kom of seint og var of máttlaus. Hershöfðingi dauða hersins hafði tapað orustunni, hugmyndin um þjóðargrafreitinn var farin út um þúfur.

Að vissu leyti er það hápunktur þessarar martraðar hans að íslensk stjórnvöld hafi nú séð sig knúin til að grafa enn einu sinni upp meintar leifar Jónasar og senda þær til baka til Danmerkur. Án efa eiga einhverjir eftir að gera sér mat úr þeirri kaldhæðni sem í því felst. Þessi ráðstöfun helgast af því að þrátt fyrir að við Íslendingar teljum okkur standa framarlega í erfðarannsóknnum er hér engin aðstaða til aldursgreininga með kolefnismælningum. Mér hefur skilist að Konunglega danska vísindakademían sé ein af fáum rannsóknarstofnunum í Vestur-Evrópu þar sem hægt er að rannsaka allt innihald yngri kistunnar með báðum þessum ólíku aðferðum, auk þess sem hún er í fararbroddi í trjáhringjaaldursgreiningum á dönsku timbri. Það er eigi að síður ljóst að fyrirliggjandi verkefni vísindaakademíunnar er fjarri því að vera einfalt eða auðleysanlegt.

Þær tilgátur sem ég hef reifað á þessum blöðum ganga ýmist út á að jarðneskar leifar Jónasar Hallgrímssonar séu á Þingvöllum, a.m.k. þar til annað sannast (Kristján Albertsson), ennþá í Kaupmannahöfn (Björn Th. Björnsson) eða á báðum þessum stöðum og jafnvel fleiri (Ágúst Sigurðsson). Persónur í skáldsögum þeirra Milans Kundera og Helga Ingólfssonar taka nokkuð eindregna afstöðu með Birni Th. Björnssyni í þessu máli. Halldór Laxness hefur þá sérstöðu í *Atómstöðinni* að skera ekki úr um hvar skáldið sé niðurkomið. Þess í stað leggur hann áherslu á það hve innihaldið í kistunni sem flutt var til Íslands hafi verið fáfengilegt, „þur, gráleitur kalkkendur skratti, einna líkastur gömlum hundaskít“. Fleiri taka reyndar í sama streng. Fornleifafræðingurinn Jafet Jasonarson í *Lúnum beinum* talar í þessu sambandi um „hálfá beinahrúgu“ og Björn Th. Björnsson um „beinmysnu“, sem minnir að sínu leyti á þau orð Halldórs Laxness frá 1941 að Jónas frá Hriflu sé „herra yfir beinum sem eru orðin að dufti“.

Þessi síðustu orð koma ágætlega heim og saman við uppgraftarskýrslu Matthíasar Þórðarsonar en samkvæmt henni má ætla að botninn úr upprunalegri kistu Jónasar verði það heillegasta sem finna megji í kistunni frá 1946. Meðfylgjandi ljósmynd, sem Matthías lét taka í Assistentskirkjugarðinum á sínum tíma, staðfestir



Þetta. Nauðsynlegt er að rýna í myndina til að sjá þau fáu og lúnu bein sem liggja á kistubotninum; afgangurinn af líkamsleifum skáldsins hvílir án nokkurs vafa enn í danskri mold og er væntanlega orðinn óaðskiljanlegur hluti hennar. Rannsókn Konunglegu dönsku vísindaakademiunnar snýst með öðrum orðum aðeins um það hvort Jónas Hallgrímsson hvíli að mestu eða öllu leyti ennþá í Danmörku.

Hugsanlega getur rannsóknin á kistubotninum skorið úr um það hvort röng bein voru flutt til Íslands, það er að segja ef timbrið reynist úr tré sem höggvið var eftir 1845. Aldur þess einn og sér mun hins vegar aldrei sanna hver hvíldi í kistunni. Kolefnamæling og DNA-greining beinanna veltur að sjálfsögðu á núverandi ástandi þeirra og mögulegum samanburði við lífsýni úr ættingjum skáldsins og annarra sem hvíldu í sömu gröf

og hann. Í áðurnefndu blaðaviðtali sumarið 2002 lét íslenskur prófessor í réttarlæknisfræði hafa eftir sér að ef vel ætti að vera þyrfti að fá „hárlokk eða annað lífsýni úr Jónasi til að bera saman við DNA úr beinunum ef okkur á annað borð tækist að laða það fram“. Aðrir sérfræðingar telja hins vegar mögulegt að samانبurður við lífsýni úr afkomendum systkina Jónasar geti skorið úr um hvort þetta séu bein skáldsins.

Ég geri mér grein fyrir að enn eru ýmsir lausir endar í frásögn minni af þessu máli. Hér má til dæmis nefna þá ráðgátu að Matthías Þórðarson skyldi fallast á að grafa Jónas Hallgrímsson upp árið 1946 eftir að hafa sjálfur jarðað allar hugmyndir í þá veru fjörutíu árum fyrir. Ein skýring sem ég hef heyrt er sú að Matthías hafi verið spíritisti og því lagt á það trúnað þegar Sigurjón Pétursson fullyrti að skáldið óskaði þess að bein sín yrðu flutt til Íslands. Fyrir þessu hef ég enga beina sönnun en það er athyglisvert að Matthías var, eins og Sigurjón, meðal skráðra félaga í Sálarrannsóknarfélagi Íslands árið 1919. Sjálfur sagði hann í meðmælum sínum með bréfi Sigurjóns og Ásmundar Jónssonar sumarið 1946 að fyrst menn væru á annað borð að hugsa um að grafa upp jarðneskar leifar Jónasar í Assistentskirkjugarði væri það ekki seinna vænna; „þykir mjer bezt fara á því, að sem nákvæmust tilraun sje nú gerð til að leita þeirra og flytja þær hingað, ef þær finnast með vissu. Eftir skamman tíma, örfáa áratugi, verður þess sennilega enginn kostur að finna ákveðna, sjerstaka grafreiti í þessum kirkjugarði, er honum hefur verið gjörbreytt.“

Í annan stað hafa mér ekki gefist næg tækifæri til að tengja beinamálið við ýmislegt sem gengið hefur á í íslensku samfélagi síðari ár. Að sumu leyti þykir mér að þeir tímar sem við lifum minni á það andrúmsloft sem ríkti hér á landi á fimmta áratugnum þegar bein Jónasar voru grafin upp. Nú á dögum eru Íslendingar að vísu uppteknari af annars konar þjóðareignum en þeim menningarlegu, svo sem fiskistofnunum umhverfis landið, hálendinu og erfðafræðilegum upplýsingum úr sjúkra-skrám hins opinbera. Menningararfurinn kemur þó víða við sögu. Samband stjórnmalamanna og listamanna, lífs og liðinna, heldur til dæmis áfram að vera vettvangur hagsmunaárekstra og samtryggingar. Þá hefur nýlega verið rætt um að með sölu ríkisbanka sé íslenska þjóðin að selja dýrmæt málverkasöfn – menningarlega þjóðareign – í hendur einstakra fjárfesta. Loks benda nýlegar hugmyndir menntamálaráðherra um að Danir skili hingað til lands forngripum úr dönskum söfnum til þess að Íslendingar hafi ekki enn gefist upp á að endurtaka Heimferðina miklu. Þessar hugmyndir ganga þvert gegn samningi þjóðanna um skil á íslenskum handritum frá 1965 en þar segir að með honum „sé viðurkennt, að fullkomlega og endanlega séu útkljáðar allar óskir“ Íslendinga um „afhendingu hvers konar íslenskra þjóðlegra minja sem í Danmörku eru“.

Athyglisverðust er þó kannski sú staða sem Halldór Laxness hefur fengið hér á landi sem þjóðardýrtingur. Táknrænt auðmagn hans er orðið slíkt að það jaðrar við guðlast að ætla sér að vekja athygli á hans mannlegri

hliðum. Um þetta get ég vitnað með persónulegri frásögn sem myndar jafnframt niðurlag þessarar skýrslu.

Fáum árum fyrir andlát Halldórs Laxness tók ég þátt í verkefni fyrir auglýsingastofu sem annaðist kynninga- og markaðsmál Mjólkursamsögunnar. Verkefnið fólst í vali á stuttum, rituðum textum sem hægt væri að tengja kjörorði fyrirtækisins („Íslenska er okkar mál“) en textarnir voru meðal annars birtir á mjólkurfernum og í ársskýrslum. Fernurnar höfðu þá um hríð verið vettvangur málfarsleiðbeininga en þegar ég kom að þessu starfi ásamt félagamínunum var ákveðið að textarnir á fernunum ættu fyrst og fremst að vekja athygli á hve íslensk tunga er fjölbreytt og áhrifaríkt tæki til tjáningar. Af ráðnum hug forðudumst við að velja brot úr sígildum bókmenntaverkum og þegar við á annað borð sóttum í smiðju helstu skálda þjóðarinnar urðu einkum fyrir valinu textar sem voru lítt þekktir og sýndu nýjar hliðar á viðkomandi höfundum.

Við drógum á langinn að sækja til Halldórs Laxness en þegar að því kom gerðum við tillögu um kafla úr *Dögum hjá múnkum* sem geymir úrval úr dagbók sem Halldór hélt ungur meðan hann dvaldi í klaustri í Lúxemborg. Kaflinn var svohljóðandi: „Niðri í þorpinu er úng frú með herbergismey sinni sem einlægt vill fá mig til að syndga við sig með augunum. Kvenmennirnir gerðu sér leik að því að mæta mér og frúin reyndi að stara úr mér augun. Loks nam hún staðar við húsdýr sínar. Ég ætlaði að ganga strætið þar framhjá, en ennþá langt í burtu. Þær dokuðu við og léku sér við hund einn þangað

til ég var kominn framhjá. Í þetta sinn gætti ég mín að horfa ekki á hana. Konan er falleg, en það er ekkert í svip hennar og líkama sem ekki sé syndinni vígt.“

Um sama leyti stóð til að prenta stöku setningar á stuttermaboli sem Mjólkursamsalan hugðist dreifa til ungmenna á Degi íslenskrar tungu, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar. Við gerðum ýmsar tillögur um texta, þar á meðal eftirfarandi sjálfslýsingu úr *Dögum hjá múnkum*: „Að frádregnu monti og innantómum mikilmensku-draumum er ég ekkert.“ Fyrir neðan átti að standa nafn Halldórs Laxness. Ég var einkar hrifinn af þessari málgrein. Mér fannst hún uppörvandi fyrir þann ald-urshóp sem bolirnir voru ætlaðir. Þetta er setning sem er til þess fallin að kalla fram í huga óharðnaðra ung-linga hugsunina: „Fyrst Halldóri Laxness leið einhvern tíma svona er mér ekki alls varnað.“

Auglýsingastofan sem við unnum fyrir hafði jafnan samband við þá sem fóru með réttindamál einstakra höfunda, bæði til að fá leyfi fyrir birtingu og semja um greiðslur. Yfirleitt gekk þetta snurðulaust fyrir sig en tilvitnanirnar úr dagbók Halldórs ollu vandkvæðum. Í svari frá forlagi skáldsins var auglýsingastofunni synjað um leyfi til birtingar á þessum brotum þar sem þau gæfu mjög skringilega mynd af Halldóri Laxness: „Þó að hann hafi trúað dagbók sinni fyrir þessum hugsunum 21 árs að aldri,“ sagði í þessu bréfi, „er ekki þar með sagt að þetta sé lífsspeki hans. Þegar þessar setningar eru teknar svona út úr samhengi er eins og þær birti djúphugsaða lífsfílósóffu hans. Þið sem ímyndarsmiðir hljótið að

skilja að við getum ekki fallist á að því sé komið inn hjá þjóðinni að svona hafi Halldór Laxness verið – maður sem var öðru fremur þekktur af lítillæti og fyrir að hafa viljað rétta hlut kvenna.“ Auglýsingastofunni var aftur á móti bent á bók sem forlagið hafði látið taka saman með á annað þúsund tilvitnunum í skáldverk Halldórs: „Þar hljótið þið að geta fundið tilvitnanir sem lyfta þessu á örlítið hærra plan.“

Þessi viðbrögð við meintu samsæri okkar gegn Halldóri Laxness eru athyglisverð. Þau vöktu mig meðal annars til umhugsunar um það hver ætti í raun „þjóðar-eignina“ Halldór Laxness, hverjir smíði ímynd skálds-ins, ákveði hvaða setningar birti djúphugaða lífsfílósóftu þess og hvaða setningar séu til þess fallnar að koma inn hjá þjóðinni ranghugmyndum um „að svona hafi Halldór Laxness verið“. Svarbréf forlagsins kallast ljóslega á við skrif Kristjáns Albertssonar um *Atóm-stöðina* sem ég fjallaði um í öðrum kafla. Kristján gat ekki sætt sig við að Halldór Laxness kæmi inn ranghugmyndum hjá þjóðinni um „að svona hefði Ólafur Thors verið“, „að svona hefði innihaldið í meintri lík-kistu Jónasar Hallgrímssonar verið“. Í báðum tilvikum búa að baki áhyggjur af því að verið sé að afbaka minningu þjóðþekktra einstaklinga, hlutast til um ódauðleika þeirra, gera hann hlálegan.

Sjálfur efast ég um að sú tilhneiging manna að breyta lifandi og látnum skáldum í þjóðardýrlinga sé til þess fallin að auka skilning og áhuga almennings á verk-um þeirra. Í tilviki Halldórs Laxness eru allar tilraunir í

Ferðalok

Þá átt í andstöðu við hans eigin skrif, svik við erfðaskrá hans. Beinamál Jónasar Hallgrímssonar minnir okkur hins vegar á að veruleikinn getur orðið fjarstæðukenndari en nokkur skáldskapur. Það er þess vegna ekki útilokað, þrátt fyrir allt sem á undan er gengið, að eftir tæpan aldarfjórðung verði rætt um það í Þingvallanefnd hvort ekki sé orðið tímabært að endurlífga þjóðargrafreitinn og bæta þar við þriðja skáldinu ...

Heimildir

Heimferðin mikla

Kafla 1.1. Helsta heimild mín hér er skáldsagan *Fáfræðin* (2000) eftir Milan Kundera í þýðingu Friðriks Rafnssonar en auk þess styðst ég við samtöl okkar Friðriks. Ritdómur Arendts Tisch um *Fáfræðina* birtist í *Le Figaro* 31. júní 2000.

Kafla 1.2. Í þessum hluta vitna ég annars vegar í álitserð Auðlindanefndar, sem prentuð var sem sérblað með *Morgunblaðinu* 30. september 2000, og hins vegar í bók Guðmundar Hálfðanarsonar, *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk* (2001), en hún kom út í ritröðinni *Íslensk menning*. Þeim sem vilja fræðast um pólitískar deilur um Ríkisútvarpið er bent á rit Gunnars Stefánssonar, *Útvarp Reykjavíks. Saga Ríkisútvarpsins 1930–1960* (1997).

Kafla 1.3. Meginheimildir mínar í þessum kafla eru annars vegar blaðafregnir frá haustinu 1946 og hins vegar skjöl úr safni Birgis Thorlacius sem ég á ljósrít af. Blaðafregnirnar sem ég vitna til eru: „Hver voru afskipti stjórnvalda af heimflutningi beina Jónasar Hallgrímssonar?“, *Tíminn* 9. október 1946; „Það er ég sem á beinin!“, *Þjóðviljinn* 9. október 1946; „Ríkið keypti umráðaréttinn yfir legstað Jónasar árið 1939“, *Tíminn* 12. október 1946. Skjölin úr safni Birgis sem ég vitna til eru: Bréf Sigurjóns Péturssonar og Ásmundar Jónssonar til Ólafs Thors frá 9. ágúst 1946; uppkast að greinargerð Ólafs Thors til dómsmálaráðuneytisins um beinamálið frá 3. júní 1947; símskeyti (K.S. 1519/46) frá sendiráði Íslands í Danmörku til utanríkisráðuneytisins frá 11. september 1946. Varðandi afskipti Stúdentafélagsins af mál-

efnum Jónasar styðst ég annars vegar við fyrri hluta greinar Birgis Thorlacius, „Legstaður Jónasar Hallgrímssonar“, sem birtist í *Tímanum* 24.–25. mars 1990 og hins vegar við bréf úr safni Birgis frá kirkjugarðsyrfirvöldum í Kaupmannahöfn til Sigurðar Ólasonar frá 2. maí 1939. Í safni Birgis eru einnig ýmis gögn sem varpa ljósi á tilraunir stjórnvalda til að greiða Sigurjóni Pétursyni útlagðan kostnað vegna beinaflutninganna. Ég vitna til bréfs Matthíasar Þórðarsonar til Sigurjóns frá 13. febrúar 1947, bréfs Sigurjóns til Matthíasar frá 19. janúar 1949 og skýrslu stefnuvottanna Eggerts Eggertssonar og Páls Bóassonar frá 15. febrúar 1947. Umræður þingmanna um beinamálið haustið 1946 eru birtar í *Alþingistíðindum* 1946. *Sextugasta og sjötta löggjafarþing*, bindi B (1950), en auk þess fjallar Bernharð Stefánsson um sinn þátt í öðru bindinu af sjálfsævisögunni *Endurminningum* (1964). Í safni Birgis Thorlacius er varðveitt eintak af undirskriftaskjali ættingja Jónasar Hallgrímssonar ásamt bréfi frá Sigurði E. Hlíðar til Ólafs Thors frá 28. október 1946.

Kaflí 1.4. Hér vitna ég aftur í ritdóm Arendts Tisch um *Fáfræðina* úr *Le Figaro* 31. júní 2000 en auk þess í grein Matthíasar Þórðarsonar, „Legstaður Jónasar Hallgrímssonar“, *Eimreiðin XI* (1905).

Samsæriskenningin

Kaflí 2.1. Meginheimildir þessa kafla eru skrif Halldórs Laxness og Kristjáns Albertssonar. Eftir Halldór vitna ég í skáldsöguna *Atómstöðina* (1948) og blaðgrein hans, „Baráttan sem nú er hafin“, frá 1946 sem birtist síðar í *Reisubókarkorni* (1950). Eftir Kristján vitna ég í ritdóm hans um *Vefarann mikla frá Kasmír*, sem birtist undir titlinum „Tveir ritdómar“ í *Vöku I* (1927), og greinina „Skítugur leir. Hugleiðing um síðustu bók Laxness“, *Morgunblaðið* 12. júní 1948. Báðar þessar greinar birti Kristján ásamt fleiri greinum um Halldór í ritgerðasafninu *Í gróandanum* (1955). Þar birti hann einnig bréfaskipti þeirra Halldórs í framhaldi af greininni „Skítugur leir“. Undir lok kaflans vitna ég

í fyrra bindið af verki Matthíasar Johannessens, *Ólafur Thors: ævi og störf* (1981) en þar er meðal annars fjallað um útgáfu Njarðar P. Njarðvík á *Atómstöðinni* (1977).

Kaflí 2.2. Í kenningarlegri umræðu þessa kafla er vitnað í áramótaávarp Davíðs Oddssonar, „Bjartsýni og þor beittustu vopnin gegn erfiðleikum“, sem birtist í *Morgunblaðinu* 3. janúar 2002, og í grein Itamars Even-Zohar, „Literature as Goods, Literature as Tools“, sem birtist í tímaritinu *Neohelicon* XXIX/1 (2002) en hana má einnig nálgast á vef Even-Zohars (<http://www.tau.ac.il/~itamarez/papers/lit-as-goods.htm>). Ég vísa til hugtaka Pierres Bourdieu, táknrænt og menningarlegt auðmagn, en gott yfirlit yfir hugmyndir Bourdieus má m.a. fá í grein Torfa H. Tuliniusar, „Virðing í flóknu samfélagi“, í safnritinu *Sæmdarmenn. Um heiður á Þjóðveldisöld* (2001). Fjallað var um kaup ríkisins á Gljúfrasteini, heimili Halldórs Laxness, í frétt í *Fréttablaðinu* 4. apríl 2002 og ítarlega um útför hans í fréttum *Morgunblaðsins* 14. og 15. febrúar 1998.

Kaflí 2.3. Hér er áfram fjallað um grein Kristjáns Albertssonar, „Skítugur leir“, en auk þess er vitnað í umfjöllun *Þjóðviljans* um beinamálið; annars vegar í leiðarann „Þungbært þjóðarhneykli“ frá 12. október 1946 og hins vegar í fréttina „Leynileg minningarathöfn á Bakka kl. 2 í dag?“ sem birtist 13. október 1946.

Kaflí 2.4. Í umfjöllun um *Vefarann mikla frá Kasmír* vitna ég í greinarkorn eftir Jónas Jónsson sem birtist í *Tímanum* 23. mars 1927, viðbrögð *Morgunblaðsins* við þeim skrifum 24. mars og greinargerð *Morgunblaðsins* og Halldórs Laxness um samskipti sín frá 10. maí 1927. Einnig er vitnað í umfjöllun Peters Hallberg um málið í öðru bindi fræðibókarinnar *Vefarinn mikli* (1960) sem út kom í íslenski þýðingu Björns Th. Björnssonar og í umræðu Halldórs Laxness sjálfs í öðrum kafla *Skáldatíma* (1963). Greinin sem Kristján Albertsson skrifaði í tilefni af nóbelsverðlaunum Halldórs birtist upphaflega í *Morgunblaðinu* 28. október og degi síðar birtust viðbrögð við henni í *Alþýðublaðinu*. Kristján endur-

Ferðalok

birti grein sína og frekari skrif um *Atómstöðina* í greinasafninu *Menn og málavextir* (1988) og vitna ég í greinarnar „Laxness fær Nóbelsverðlaun“, „Eftirhreytum svarað“ og „Enn um Atómstöðina“. Einnig vitna ég í eldri grein Kristjáns sem líka heitir „Enn um Atómstöðina“, úr greinasafninu *Í gróandanum* (1955). Að síðustu fjalla ég um lokaorð Halldórs Laxness í deilunum um *Atómstöðina* og styðst þar við grein Árna Bergmanns, „Og biða eftir því að gullkornin fari að hrynja“, úr bókinni *Nærmynd af Nóbelskáldi* (2000) sem Jón Hjaltason ritstýrði. Þess má að lokum geta að Pétur Gunnarsson dregur upp skemmtilega mynd af samskiptum Halldórs Laxness og Kristjáns Albertssonar í grein sem birtist í *Lesbók Morgunblaðsins* 9. mars 2002.

Helgir dómar

Kaflí 3.1. Hér eru tvær bækur í brennidepli, skáldsaga Helga Ingólfssonar *Lúin bein* (2002) og rit Björns Th. Björnssonar, *Á Íslendingaslóðum í Kaupmannahöfn* (1961, endurskoðuð útgáfa 1990). Að auki er vitnað í viðtal Egils Ólafssonar við Björn, „Flytjum Fjölnismenn heim“, í *Tímanum* 6. febrúar 1990, fréttina „Áhugi á DNA rannsókn á beinum þjóðskáldsins“ í *Fréttablaðinu* 20. júní 2002, grein Matthíasar Þórðarsonar, „Legstaður Jónasar Hallgrímssonar“ (1905), og loks í uppgrftar-skýrsluna sem Matthías Þórðarson sendi Ólafi Thors 21. september 1946. Eins og annað úr safni Birgis Thorlacius er hún í ljósriti í fórum höfundar en hana og texta hennar og fleiri gagna úr þessu safni birti Birgir í greinargerð sinni, „Legstaður Jónasar Hallgrímssonar“, sem prentuð var í tveimur hlutum í helgarblaði *Tímans* 24.–25. mars og 31. mars–1. apríl 1990.

Kaflí 3.2. Upptaktur þessa kafla er tilvitnun í síðari útgáfu bókar Björns Th. Björnssonar, *Á Íslendingaslóðum í Kaupmannahöfn* (1990), en þar er vitnað í grein Matthíasar Þórðarsonar, „Legstaður Jónasar Hallgrímssonar“ (1905). Meginheimildir mínar um kaþólska dýrlingadýrkun eru, auk skáldsögu Helga Ingólfssonar *Lúin bein* (2002), inngangur Ásdísar Egilsdóttur að *Biskupa*

Ferðalok

sögum II (2002) sem kom út undir ritstjórn Jónasar Kristjánssonar í ritröðinni Íslensk fornrit, og bók Jóns Björnssonar, *Á Jakobsvegi: hugsað upphátt á pílágrímaleiðinni til Santiago de Compostela* (2002). Þá vitna ég í Þorláks sögu byskups ina elztu og styðst þar við útgáfu Ásdísar á henni í *Biskupa sögum II* en tek mér það bessaleyfi að færa stafsetningu og orðmyndir til nútímamáls. Lagafrumvarp um Þjóðargrafreit er birt í *Alþingis-tíðindum 1945. Sextugasta og fjórða löggjafarþing*, bindi A (1946) en umræður um frumvarpið eru í bindi C (1948).

Kaflí 3.3. Í þessum kafla vitna ég í *Hamlet* eftir William Shakespeare sem út kom í heildarsafni þýðinga Helga Hálfðanarsonar á leikritum Shakespeares, *Leikrit III* (1984). Einnig vitna ég í uppgraftarskýrslu Matthíasar Þórðarsonar frá 1946, grein hans, „Legstaður Jónasar Hallgrímssonar“ (1905), og loks í bréf úr safni Birgis Thorlacius sem Matthías skrifaði Ólafi Thors 9. ágúst 1946. Ágúst Sigurðsson ræðir um starfsheiti Danans, sem gefið hefur verið í skyn að hvíli í kistu Jónasar, í greininni „Leifar í tveimur löndum“, í *Tímanum* 7. desember 1996. Ágúst segir að *Þjóðviljinn* hafi strax í október 1946 dylgjað um að þar væri danskur bakari.

Kaflí 3.4. Hér er fjallað um tvö sendibréf úr safni Birgis Thorlacius sem Sigurjón Pétursson skrifaði Matthíasi Þórðarsyni. Fyrra bréfið er frá 21. ágúst 1946, síðara bréfið frá 23. ágúst 1946. Einnig er vitnað til Þorláks sögu með sama hætti og áður.

Ódauðleikinn

Kaflí 4.1. Kaflinn hefst á umfjöllun um skáldsögu Milans Kundera, *Ódauðleikann* (1990), sem út kom í íslenskri þýðingu Friðriks Rafnssonar. Þessu næst vitna ég til fréttar *Þjóðviljans*, „Lokaþáttur hins smáanarlega skrípaleiks með „bein“ Jónasar Hallgrímssonar“, frá 17. nóvember 1946 og hliðstæðrar lýsingar úr *Atómstöðinni* (1948). Meginviðfangsefni kaflans er hins vegar grein Ágústs Sigurðssonar, „Beinamálið 1946. Deilurnar um

Ferðalok

jarðneskar leifar Jónasar Hallgrímssonar“, sem birtist í TMM 62/3 (2001). Einnig vísa ég til eldri greinar Ágústus um sama efni, „Leifar í tveimur löndum“, sem birtist í fjórum hlutum í *Tímanum* 16. nóvember og 7. desember 1996 og 8. febrúar og 1. mars 1997 og til viðtals sem tekið var við Ágúst í sjónvarpsþættinum Kastljósi sumarið 2001. Loks vitna ég í útvarpsþátt minn „Ferðalok 1946“, sem frumfluttur var í Ríkisútvarpinu Rás 1 12. maí 1996 (DB 32907).

Kafla 4.2. Þingumræður sem spruttu af fornritaútgáfu Halldórs Laxness og Ragnars Jónssonar eru annars vegar birtar í *Alþingistúðindum* 1941. *Fimmtugasta og áttunda löggjafarþing*, bindum B (1943) og D (1946), og hins vegar í *Alþingistúðindum* 1942. *Sextugasta og fyrsta löggjafarþing*, bindi D (1946). Ég hef fjallað um þetta mál með ólíkum hætti í bókum mínum, *Hetjan og höfundurinn: Brot úr íslenskri menningarsögu* (1998) og *The Rewriting of Njáls Saga: Translation, Politics and Icelandic Sagas* (1999). Í lok þessa kafla vitna ég í grein Benedikts Guðmundssonar, „Hraun í Öxnadal og Jónas Hallgrímsson“, sem birtist í *Morgunblaðinu* 23. október 2002.

Kafla 4.3. Helstu heimildir þessa kafla eru annars vegar áðurnefndur útvarpsþáttur, „Ferðalok 1946“ (1996), og hins vegar viðtal blaðamanns við Sigurjón Pétursson sem birtist sem hluti af greininni „Hver voru afskipti stjórnvalda af heimflutningi beina Jónasar Hallgrímssonar“ í *Tímanum* 9. október 1946. Einnig er vitnað í yfirlýsingu frá rithöfundum og náttúrufræðingum vegna beinamálsins en hún birtist m.a. í *Þjóðviljanum* 13. október 1946 og í bréf Sigurgeirs Sigurðssonar biskups til Ólafs Thors frá 8. október 1946. Í bréfi Sigurgeirs var vitnað í skeyti sem biskupi hafði borist frá sóknarnefnd Bakkasóknar. Bréfið er úr safni Birgis Thorlacius. Að lokum er vitnað í annað bindið af sjálfssævisögu Bernharðs Stefánssonar, *Endurminningar* (1964) og í greinina „Þegar skáldið hvarf á braut“ úr *Deigi* 17. október 1946.

Kafla 4.4. Þessi kafla er að mestu leyti byggður á bók Bjarna

Ferðalok

Guðmarssonar og Páls Ásgeirs Ásgeirssonar *Ekki dáið – bara flutt. Spiritismi á Íslandi – fyrstu fjórtú árin* (1996). Einnig er vitnað í sýningarskrána *Minningarsýning um hundrað ára afmæli spíritismans* (1948), ljósrit í fórum höfundar.

Martröð hershöfðingjans

Kaflí 5.1. Kaflinn hefst á umfjöllun um skáldsögu Ismaíls Kadaré, *Hershöfðingi dauða hersins*, og er vitnað í þýðingu Hrafns E. Jónssonar, óútgefið handrit í fórum þýðanda. Einnig er vitnað í útvarpsþáttinn „Ferðalok 1946“ (1996) og grein Árna Bergmanns, „Og bíða eftir því að gullkornin fari að hrynja“ (2000).

Kaflí 5.2. Hér er að drjúgum hluta stuðst við gagnlega yfirlitsgrein Gíls Guðmundssonar, „Jónas Jónsson og Menningarsjóður“, *Andvari. Nýr flokkur 27* (1985) og þriðja bindi ævisögu Jónasar frá Hríflu eftir Guðjón Friðriksson, *Ljónið öskrar* (1993), ekki síst kaflana „Kiljan og Jónas“ og „Sálgreining Nordals“. Sjálfur hef ég fjallað nánar um útgáfuna á Arfi Íslendinga í greininni „Hver á íslenska menningu? Frá Sigurði Nordal til Eddu – miðlunar og útgáfu“, *Skírnir* 176 (haust 2002). Vitnað er til leiðara *Morgunblaðsins* frá 20. júlí 1939 sem bar titilinn „1943“ og til eftirfarandi greina í *Tímariti Máls og menningar* (1939): „Nýtt útgáfustórvirki“, „Bréf frá félagsmanni“ og „Einkennilegar ritgerðir eftir alþingismann. Athugasemd frá stjórn Máls og menningar“. Þær greinar eftir Jónas Jónsson sem vitnað er í eru: „Bókasafn á hverju heimili“, *Tíminn* 22. júlí 1939; „Á forlagi Stalins. Alþjóðleg og óþjóðleg áróðursstarfsemi“, *Tíminn* 3. október 1940; „Það er Sigurður Nordal, sem samdi skjalið“ *Tíminn* 26. apríl 1942. Skrif Sigurðar Nordals sem vitnað er til eru: „Arfur Íslendinga“, *Morgunblaðið* 30. september 1939 og inngangurinn að *Íslenskri menningu I* (1942). Að síðustu er vitnað í grein Gunnars Karlssonar, „Saga í þágu samtíðar eða Síðbúiinn ritdómur um Íslenska menningu Sigurðar Nordals“, *Tímarit Máls og menningar* 45 (1984) og grein Gauta Sigþórs-sonar, „Njálsulóðir: Endurritun, táknfræði og menningarsaga“,

Skírnir 175 (haust 2001).

Kaflí 5.3. Í upphafi kaflans er vitnað í þriðja bindið af verki Guðjóns Friðrikssonar, *Einar Benediktsson. Ævisaga* (2000), og í aðfararorð Jónasar Jónssonar frá Hriflu að bókinni *Einar Benediktsson, ljóð hans og líf* (1955). Elstu opinberu gögnin um þjóðargrafreitinn á Þingvöllum eru varðveitt á Þjóðskjalasafni Íslands (4128/1941, Db. 15, nr. 390), þar á meðal ályktun Þingvalla-nefndar frá 16. janúar 1940, vottorð Ófeigs Ófeigssonar læknis frá 23. janúar 1940 og uppdráttur húsameistara ríkisins frá 25. janúar 1940. Fjallað var um málaferli vegna útgáfu Más Benediktsson á ljóðum Einars Benediktssonar í tveimur fréttum í *Alþýðublaðinu*, „Málaferli út af úrvalsljóðum Einars Benediktssonar“, 11. október 1940; „Dæmdur í 5000 króna skaðabætur fyrir útgáfuna á úrvalsljóðum Einars Benediktssonar skálds!“, 31. janúar 1941. Greinar Halldórs Laxness um afskipti Jónasar Jónssonar frá Hriflu af Máli og menningu, Jónasi Hallgrímssyni og Einari Benediktssyni birtust upphaflega í *Tímariti Máls og menningar* en hér er vitnað til greinanna „Stórkostleg bókaútgáfa“, „Útgáfa Jónasar Jónssonar á Jónasi Hallgrímssyni“ og „Útgáfa Jónasar Jónssonar á Einari Benediktssyni“ í greinasafninu *Vettvángur dagsins* (1942). Loks er vitnað í grein Jónasar Jónssonar frá Hriflu um Halldór Laxness í bókinni *Vínland hið góða* (1958) sem er 6. bindi af ritsafni Jónasar Komandi ár.

Kaflí 5.4. Í þessum kafla er vitnað í bréf Matthíasar Þórðarsonar til Ólafs Thors frá 9. ágúst 1946, fréttina „Áhugi á DNA rannsókn á beinum þjóðskáldsins“ í *Fréttablaðinu* 20. júní 2002, félagatal Sálarrannsóknarfélags Íslands frá 1919 í tímaritinu *Morgni* 1 (1920), dagbók Halldórs Laxness, *Dagar hjá múnkum* (1987), og í bréf frá Vöku-Helgafelli til GSP almannatengsla frá 5. nóvember 1998, en ljósrít af því er í fórum höfundar. Atli Harðarson birti glögga grein, „Málverk bankanna“, um sölu á ríkisbönkum og málverkum þeirra í *Lesbók Morgunblaðsins* 23. nóvember 2002. Þá er fjallað um hugmyndir menntamálaráðherra um íslenska forngrípi í Danmörku í greininni „Allir íslenskir forngrípir í vörslu Dana komi til Íslands“, *Morgunblaðið*